FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
82. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 6. APRÍL 2017



„Mér líður eins og þetta sé skilnaður," segir Aðalheiður Gunnarsdóttir sem fær ekki að dvelja með eiginmanni sínum til 65 ára, Stefáni Þórarinssyni, á öldrunarheimili á Akureyri. Hún er metin of heilsuhraust til að fá pláss með eiginmanni sínum. „Vonandi venst þetta og við finnum lausn," segir hún. Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um sektarnýlenduna. 21

**MENNING** Þorleifur Örn Arnarsson hefur sterkar skoðanir á leikhúsinu, samfélaginu og sambandinu þar á milli. 40

**LÍFIÐ** Kött Grá Pjé, Friðrik Ómar og fleiri segja frá verstu störfunum sem þeir hafa unnið. 48

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri gerir

**Ríkisendurskoðun segir að ríkisstofnanir sem sjá um ferðamál séu í ólestri. Skörun verði á stofnunum og hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri sé að gera. Þessu vísar Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála, á bug.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Afmörkun verkefna og ábyrgð stofnana sem sjá um ferðamál er óskýr að mati Ríkisendurskoðunar sem gagnrýnir stefnu- og skipulagsleysi í nýrri úttekt.

Sem dæmi um þetta nefnir Ríkisendurskoðun að Stjórnstöð ferðamála, sem sett var á laggirnar árið 2015, eigi að sinna mörgum af sömu verkefnum og Ferðamálastofa á að sinna.

Skörun er greinileg í verkefnum sem varða þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu og markaðs- og kynningarmál. Þetta er í annað sinn sem Ríkisendurskoðun bendir á þessi atriði en ekki hefur verið brugðist nægjanlega við og því talin ástæða til að hefja forkönnun stjórnsýsluúttektar á stjórnsýslu ferðamála vegna þróunar innan málaflokksins.

Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála, segist ekki skilja gagnrýni Ríkisendurskoðunar og

> Ég hef ekki hugmynd um hvert Ríkisendurskoðun er að fara.
>
> Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála

er ekki sáttur við niðurstöðu hennar.

„Ég skil ekki alveg hvert Ríkisendurskoðun er að fara með þessari skýrslu því við komum ekki að markaðs- og kynningarmálum. Íslandsstofa og Ferðamálastofa sjá um þau.

Varðandi gæðamál komum við ekki nálægt þeim heldur enda erum við ekki stjórnsýsluleg stofnun sem hefur ekki boðvald yfir neinum. Við erum aðallega í því að leiða umræður þvert á málefnasviðinu því ferðaþjónustan hefur skörun um mörg ráðuneyti. Hún hefur ekki skýran ramma eins og til dæmis sjávarútvegur."

Hann segist víða hafa rekist á veggi frá því stofnunin var sett á laggirnar. „Menn virðast eiga erfitt með, sérstaklega stofnanir ríkisins, að lifa í þeim heimi að það sé til eitthvað sem leyfir umræðu en hefur ekki boðvald.

Við erum ekki að taka hlutverk af einum eða neinum en við getum fengið stofnanir til að tala saman. Þær geta líka sagt nei við því og þá er lítið sem við getum gert. Ég keyri þvert á kerfið og ráðherrar og atvinnugreinin verða að taka á því ef einhverjir sem þurfa að vinna saman vilja það ekki.

Ég bara verð að viðurkenna að ég hef ekki hugmynd um hvert Ríkisendurskoðun er að fara með þetta."

Ekki náðist í Ólöfu Ýri Atladóttur ferðamálastjóra, Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur ferðamálaráðherra eða Ólaf Teit Guðnason, aðstoðarmann hennar, við vinnslu fréttarinnar.

benediktboas@365.is

## Fréttatíminn fær nýja eigendur

**FJÖLMIÐLAR** Nýir aðilar eru á leið inn í eigendahóp Fréttatímans og verður tilkynnt um breytt eignarhald á næstu dögum, samkvæmt heimildum. Gunnar Smári Egilsson, stærsti eigandi útgáfufélagsins, mun samhliða hætta afskiptum af blaðinu. Starfsmannafundur var haldinn í gær þar sem framtíð útgáfunnar var rædd. Rekstur Fréttatímans hefur verið þungur undanfarna mánuði og fengu sumir starfsmenn ekki greidd laun á réttum tíma um mánaðamótin. – aó

## Rannsaka grun um mansal

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú mál tveggja karlmanna frá Rúmeníu en grunur leikur á að þeir séu fórnarlömb vinnumansals. Rúmenarnir höfðu samband við Rauða kross Íslands um helgina og óskuðu eftir aðstoð.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins óttuðust mennirnir mjög um öryggi sitt. Vinnuveitandi þeirra mun hafa tekið vegabréf þeirra, beitt þá harðræði og haft í hótunum. Rannsókn er á byrjunarstigi hjá lögreglu. – aó




STELLADAGAR
-20%
AF ÖLLUM MATAR- & KAFFISTELLUM
FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955



## Veður




Sunnan- og suðvestankaldi og skúrir en þurrt að mestu austan til. Allhvöss norðaustanátt nyrst á landinu, hvassast á norðanverðum Vestfjörðum.

SJÁ SÍÐU 36

# Mun fleiri brot skráð á síðasta ári

**ALÞINGI** Fleiri kynferðisbrot voru skráð í málaskrárkerfi lögreglunnar á síðasta ári en öll ár frá árinu 2007 að árinu 2013 undanskildu. Alls hafa samtals verið tilkynnt 4.183 kynferðisbrot á síðustu tíu árum.

Þetta kemur fram í svari Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur, þingmanns Framsóknarflokksins.

Alls var 501 kynferðisbrot skráð á síðasta ári. Þau voru 442 árið 2015, 419 árið 2013, 731 árið 2013, 367 árið 2012, 365 árið 2011, 323 árið 2010, 318 árið 2009, 368 árið 2008 og 349 árið 2007.

Tölurnar eru þó settar fram með þeim fyrirvara að tölur fyrir árið 2016 séu til bráðabirgða. Eru þær teknar úr málaskrárkerfi lögreglunnar þann 13. mars síðastliðinn.

Árið 2013 voru þó óvenju mörg brot skráð vegna átaks í málaflokknum „kaup á vændi". Voru þá 165 brot skráð í þeim flokki samanborið við fjögur til 24 öll hin árin.

Þá voru tilkynnt kynferðisbrot gegn börnum óvenju mörg sama ár og var um að ræða fleiri eldri mál en áður að því er segir í svari dómsmálaráðherra.

Í svarinu segir að líkleg skýring á því sé umræða sem skapaðist í samfélaginu í framhaldi af umfjöllun fjölmiðla um málaflokkinn. – þea

**501**

**kynferðisbrot var skráð á síðasta ári.**

**» Fleiri kynferðisbrot voru skráð á síðasta ári en öll ár frá árinu 2007 að árinu 2013 undanskildu.**

## Sýndarveruleikavalkyrjur



EVE Fanfest hátíð og ráðstefna tölvuleikjaframleiðandans CCP hefst í dag og stendur fram á sunnudag. Hátíðin fer nú fram í þrettánda sinn í Reykjavík. Þessi skemmti sér vel við að spila nýjan leik frá CCP sem heitir EVE: Valkyrie með PlayStation VR sýndarveruleikabúnaðinum frá SONY. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Jenner-auglýsing Pepsi úr birtingu

**BANDARÍKIN** Drykkjarvöruframleiðandinn Pepsi tók í gær úr birtingu nýja auglýsingu fyrir gosdrykkinn Pepsi sem skartaði raunveruleikastjörnunni Kendall Jenner.

Í auglýsingunni mátti sjá Jenner ganga út úr myndatöku til þess að ganga til liðs við mótmælendur. Voru mótmælendurnir umkringdir lögreglu en Jenner létti stemninguna með því að bjóða lögregluþjóni Pepsidós við mikla hrifningu viðstaddra.

Auglýsingin var harðlega gagnrýnd. Var hún sögð gera lítið úr mótmælum sem fram hafa farið eftir að lögregla hefur skotið svart fólk til bana. Meðal annars í Baltimore, Maryland og Ferguson.

Pepsi baðst afsökunar og sagði markmiðið einungis vera að stuðla að sameiningu, friði og skilningi. Það hafi hins vegar mistekist og því baðst fyrirtækið afsökunar. – þea

# Meðlagsgreiðendur eignalausir og í skuld

**Á Íslandi eru innheimt meðlög fyrir ríflega þrjá og hálfan milljarð á ári hverju. Árangurslaust fjárnám hefur verið reynt hjá 27 prósentum meðlagsgreiðenda á síðastliðnum fjórum árum. Þeir meðlagsgreiðendur eru nú á skrá CreditInfo fyrir vanskil og mega búast við að eiga erfitt með að fá lánafyrirgreiðslu hjá bönkum.**

**SAMFÉLAG** Ríflega fjórðungur meðlagsgreiðenda, um 27 prósent, hefur farið í gegnum árangurslaust fjárnám á síðastliðnum fjórum árum vegna meðlagsskulda sinna. Af 11.716 meðlagsgreiðendum á Íslandi höfðu ríflega 3.200 farið í gegnum árangurslaust fjárnám um síðustu áramót. Meðlagsgreiðslur hækkuðu um síðustu áramót og eru nú ríflega þrjátíu þúsund krónur á hvert barn.

„Til þess að við reynum fjárnám þarf viðkomandi að vera í vanskilum um nokkurt skeið. Hann fær greiðsluáskorun í framhaldinu og þegar búið er að birta hana fær hann fimmtán daga til að gera upp áður en farið er í fjárnám," segir Bragi R. Axelsson, forstöðumaður starfsstöðvar Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Sé farið í árangurslaust fjárnám þýðir það að viðkomandi hefur því verið í töluverðum vanskilum, og á annaðhvort ekki eignir sem geta gengið til tryggingar skuldinni, eða eignir viðkomandi eru yfirveðsettar. Samkvæmt lögum um fjárnám getur sá sem fer fram á fjárnámið farið fram á gjaldþrotaskipti hjá þeim sem ekki getur staðist slíka kröfu. Allir þeir sem fara í gegnum árangurslaust fjárnám fara á skrá hjá CreditInfo og er þeim upplýsingum komið á framfæri við banka og aðrar lánastofnanir. Slíkar upplýsingar geta til dæmis komið í veg fyrir að viðkomandi fái lán hjá bönkum í allt að fjögur ár.

„Það er samt hægt að semja við okkur í öllum tilfellum. Á síðasta ári voru 2.314 umsóknir um ívilnun en það eru þeir sem óska eftir samningi við stofnunina um greiðslur," segir Bragi.



**Á Íslandi er greitt meðlag með rúmlega 10 þúsund börnum á ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heildarafskriftir meðlagsskulda árið 2016 námu 277,6 milljónum króna. Afskriftir stafa af ívilnunarsamningum, fyrningum skulda, gjaldþrotum eða andláti greiðenda. Á síðasta ári fengu 142 karlar og 12 konur afskrifaða hluta eða heild meðlagsskuldar sinnar.

„Í þeim hópi sem óskar eftir samningi við stofnunina um greiðslur geta verið sömu einstaklingar oft, í einhverjum tilfellum. Fólk getur samið í skemmri tíma og lengri tíma."

Á síðasta ári var stofnuninni gert að innheimta 3,6 milljarða króna af meðlagsgreiðslum. 3,2 milljarðar fengust upp í skuldirnar.

snaeros@frettabladid.is



SMÁRALIND

# KAUPHLAUP

NÁÐU ÞÍNUM BESTA TÍMA

5.–10. APRÍL



## 15-50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Gagnrýna áform stjórnarinnar um lækkun á virðisaukaskatti

**Hagfræðingur og stjórnarandstöðuþingmenn gagnrýna lækkun í virðisaukaskattkerfinu og segja að gæta þurfi aðhalds á þenslutímum. Skynsamlegra væri að greiða enn meira inn á skuldir. Fjármálaráðherra segir lækkun skattsins vera kjarabót fyrir almenning og draga úr þörf fyrir almennar launahækkanir.**

**EFNAHAGSMÁL** Áform ríkisstjórnarinnar um lækkun efra þreps virðisaukaskatts sæta gagnrýni. Prófessor í hagfræði segir að aðhald í ríkisfjármálum mætti vera meira. Stjórnarandstöðuþingmenn segja kosningaloforð um sókn í innviðauppbyggingu vera svikin. Ríkisfjármálaáætlun 2018-2022 var rædd á Alþingi í gær.

„Ég er mjög fylgjandi því að ríkið sýni aðhald og þessar fimm ára áætlanir eru mikið framfaraskref. Nákvæmlega eins og efnahagsástandið er núna þá hefði ég haldið að ríkið ætti að passa upp á aðhald,“ segir Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands. „Þótt mörgum finnist það ósanngjarnt þá held ég að það hefði verið eðlilegra að leggja enn meiri áherslu á að lækka skuldir og geta þá frekar bætt við ef og þegar efnahagsástand versnar aftur,“ segir Daði Már.

Eins og fram hefur komið verður virðisaukaskattur á ferðaþjónustu færður í efra skattþrep, en á móti verður efra skattþrepið lækkað úr 24 prósentum í 22,5. Daði hefur efasemdir um þessa lækkun. „Einhver rök hníga að því að frekar hefði átt að nota þennan pening til að lækka skuldir ríkisins,“ segir hann.

Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur líka áhyggjur af lækkun efra þrepsins. „Ég veit ekki hvenær við ætlum að læra Íslendingar, þetta er nákvæmlega það sama og gerðist fyrir hrun. Mikill hagvöxtur og þá eru menn að lækka skatta líka,“ segir hún.

Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra segir hins vegar að í skattalækkuninni felist mikil kjarabót fyrir almenna neytendur. „Og dregur því úr þörf fyrir almennar kauphækkanir,“ sagði hann á Alþingi í gær.

Oddný er afar ósátt við fjármálaáætlunina og segir kosningaloforð hafa verið svikin. „Mér líst ekkert á þetta. Ég er öskureið bara,“ segir Oddný. Hún segir einu uppbygginguna í heilbrigðiskerfinu sem gert sé ráð fyrir vera í byggingu nýs Landspítala. Ekki sé gert ráð fyrir auknu fjármagni til tækjakaupa, styttingar biðlista eða annars. Þá sé engin uppbygging í hjúkrunarheimilum fyrir aldraða áformuð, umfram það sem áður hafði verið áætlað. „Svo eru skólarnir sveltir og við erum á toppi góðæris,“ segir Oddný.

Katrín Jakobsdóttir tekur undir með Oddnýju og segir að hún hefði viljað styrkja tekjustofna til að auka jöfnuð í samfélaginu. „Það er auðvitað ekki verið að gera það. Það er fremur verið að halda áfram á braut skattalækkana. Það er ekki boðuð sú sókn sem allir stjórnmálaflokkar lofuðu fyrir síðustu kosningar. Sem er mikið umhugsunarefni,“ segir hún. **jonhakon@frettabladid.is**



**Ríkisfjármálaáætlun til ársins 2022 var rædd á fundi Alþingis í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Skatttekjur og arðgreiðslur fari í uppbyggingu

Stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi segja í yfirlýsingu að í fjármálaáætluninni sé aukin velsæld, jöfnuður og brýn uppbygging innviða samfélagsins ekki í forgangi. „Það er ámælisvert, sérstaklega í ljósi þess að eftir mörg mögur ár frá bankahruni hefur myndast svigrúm til þess að gera betur. Þessi ríkisstjórn hyggst ekki nýta sér það svigrúm til hagsbóta fyrir alla,“ segir í yfirlýsingunni.

Stjórnarandstaðan segir ríkisstjórnina ekki horfast í augu við nauðsyn þess að styrkja tekjustofna ríkisins með réttlátum hætti þannig að skattkerfið og arður af auðlindum tryggi í senn öflugt samfélag og auki jöfnuð.



**Steve Bannon.** NORDICPHOTOS/AFP

## Bannon vikið úr öryggisráði

**BANDARÍKIN** Steve Bannon, aðalráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, missti í gær sæti sitt í þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna. Frá þessu greindi CNN í gær og vísaði í ónefndan heimildarmann.

Hélt heimildarmaðurinn því fram að Bannon hefði einungis setið í ráðinu til að hafa auga með verkum fyrrverandi þjóðaröryggisráðgjafans Mikes Flynn og því starfi sem átti að ráðast í til að breyta starfsháttum ráðsins. Þess hafi ekki verið þörf lengur þar sem Flynn sagði af sér fyrr á árinu.

Óvenjulegt er að nánustu almennu ráðgjafar forsetans sitji í ráðinu og því vakti skipan Bannons athygli. **– þea**

## Færri ólöglegir innflytjendur

**BANDARÍKIN** Mexíkóar sem hafa með ólöglegum hætti farið yfir landamæri ríkisins við Mexíkó hafa ekki verið færri í sautján ár. Toll- og landamæragæsla Bandaríkjanna greindi frá þessu í gær. Alls voru færri en 17.000 handteknir í síðasta mánuði. Lægri tala hefur ekki sést síðan um aldamótin.

John Kelly, heimavarnaráðherra Bandaríkjanna, sagði fækkun ólöglegra innflytjenda enga tilviljun. Hún tengdist því að Donald Trump væri orðinn forseti Bandaríkjanna.

Trump byggði kosningabaráttu sína meðal annars á því að lofa landamæravegg á landamærum ríkjanna tveggja til að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning.

Sá veggur færðist nær því að verða að veruleika í gær þegar ríkisstjórnin tók á móti fyrstu tilboðum verktaka sem vilja byggja frumgerð veggjarins. **– þea**

**17**

**þúsund ólöglegir innflytjendur voru handteknir í síðasta mánuði.**





GRAND CHEROKEE

Eigum Jeep® Grand Cherokee Limited og Overland dísel og bensín **til afgreiðslu strax.**

**Verðlaunaðasti** og einn **öflugasti** jeppi sem framleiddur hefur verið.

**Áttu eldri Jeep® Grand Cherokee upp í?**

Spjallaðu þá við okkur, því við vitum hvað Jeep® Grand Cherokee er **góður í endursölu.**

**Tökum upp í allar gerðir bíla.**

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16


RIGNINGIN ER
GÓÐ Í VIKING
973118
St: 19-26
4.499
952866
St: 21-35
3.899
973698
St: 26-35
4.999
951707
St: 30-39
6.299
973123
St: 34-39
7.499
973123
St: 34-39
6.299
975259
St: 30-41
6.999
975257
St: 24-33
6.999
975254
St: 20-35
6.999
Allt úrval fæst í Smáralind, Garðabæ, Skeifunni og Kringlunni. Minna í öðrum verslunum.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Íbúðalána sjóður

## Stofnframlög til uppbyggingar Leiguheimila

Íbúðalánasjóður boðar til hádegisverðarfundar í dag **Borgartúni 21, kl. 11–12.30**, þar sem tilkynnt er um síðari úthlutun stofnframlaga fyrir 2016.

**Dagskrá**
**Úthlutun stofnframlaga**
Laufey L. Sigurðardóttir, verkefnisstjóri stofnframlaga

**Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga**
Sigrún Ásta Magnúsdóttir

**Leiguheimili Íbúðafélagsins Bjargs**
Björn Traustason, framkvæmdastjóri

**Hagkvæmt húsnæði**
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir og Björn Hallsson

Stofnframlög eru framlög sem Íbúðalánasjóður veitir fyrir hönd ríkisins til uppbyggingar á hagkvæmum leiguíbúðum, eða Leiguheimilum.

**Nánari upplýsingar**
ils.is/stofnframlog
leiguheimili.ils.is

www.ils.is | 569 6900 | 8–16




## Eftir hamfarirnar



Þessi íbúi bæjarins Mocoa í Kólumbíu sótti nothæfar eigur sínar á heimili sitt í gær. Aurskriða féll á bæinn um helgina með þeim afleiðingum að 273 létu lífið. Þá eyðilögðust vegir, sjúkrahús og aðrir innviðir bæjarins. Íbúar dvelja nú í búðum skammt frá bænum og er endurbygging Mocoa komin af stað. NORDICPHOTOS/AFP

# Forkaupsrétturinn úti

**Samkvæmt heimildum er ljóst að kaup erlendra vogunarsjóða á hlut í Arion banka hafi verið yfir genginu 0,8 og því geti ríkið ekki nýtt sér forkaupsrétt.**

**VIÐSKIPTI** Nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis líta svo á að ríkið hafi ekki heimild til að nýta sér forkaupsrétt að hlutnum sem Goldman Sachs og þrír vogunarsjóðir keyptu í Arion banka, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þetta sé skoðun þeirra eftir að Steinar Þór Guðgeirsson, sérstakur eftirlitsmaður stjórnvalda inni í Kaupþingi við söluferlið á Arion banka, mætti á lokaðan fund nefndarinnar í gær.

Samkvæmt stöðugleikaskilyrðum sem kröfuhafar Kaupþings féllust á í tengslum við nauðasamninga 2015 hafa stjórnvöld heimild til að ganga inn í kaup ef hlutur í Arion banka er seldur á undir 80 prósentum af eigin fé bankans hverju sinni.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, ásamt tveimur öðrum þingmönnum Framsóknarflokksins lagði fram þingsályktunartillögu í síðustu viku þar sem kallað er eftir því að Alþingi feli fjármálaráðherra að nýta þann forkaupsrétt. Í tillögunni er bent á að hluturinn hafi verið seldur undir genginu 0,8 miðað uppgjör Arion banka í árslok 2016.

> **Ákvæði var sett í lög um að ef hlutur í Arion banka yrði seldur á lægra verði en sem næmi 80 prósentum af eigin fé bankans gæti ríkið neytt forkaupsréttar.**

Á nefndarfundinum í gær kom hins vegar fram að samkomulagið við vogunarsjóðina og Goldman Sachs hafi miðast við þriðja ársfjórðung 2016 og gengið sé því yfir 80 prósentum af eigin fé. Það sé einnig tilfellið ef farið er algjörlega eftir enska textanum í samningnum og miðað við árslok 2015, en þá væri gengið langt fyrir ofan. Því sé ljóst að forkaupsrétturinn sé úti.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vilja nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd að Fjármálaeftirlitið framkvæmi hæfismat á nýju hluthöfunum í Arion banka, þrátt fyrir að enginn þeirra fari nú með virkan eignarhlut. Forsvarsmenn FME hafa áður gefið út að undirbúningur að slíku hæfismati sé nú þegar hafinn. Þrír hinna nýja hluthafa Arion banka hafi enda þegar upplýst FME um að þeir hafi hug á því að fara með virkan eignarhlut síðar á árinu.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Fjármálaeftirlitið telji sig geta upplýst um hverjir endanlegir eigendur séu á hlutnum aukist hlutur hvers þeirra í yfir 10 prósent og að þeir fari þá með virkan eignarhlut. Kallað hefur verið eftir því að eignarhaldið verði skýrt áður en slíkt gerist.

Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, telur að það þurfi að skoða hvort kominn sé virkur eignarhlutur hjá vogunarsjóðunum með þessum kaupum og núverandi aðkomu þeirra að Kaupþingi og þeirri fyrirætlun sem virðist koma fram í kauprétti, að eignast meira í bankanum. saeunn@frettabladid.is

# Fátt um svör frá þýska bankanum

**VIÐSKIPTI** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þýskir blaðamenn haft samband við þýska bankann Hauck & Aufhäuser vegna hlutdeildar hans í blekkingu um raunverulegt eignarhald í Búnaðarbankanum en fá svör fengið.

Þýskir miðlar vinna um þessar mundir að umfjöllun um söluna á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum árið 2003 og það að aðkoma þýska bankans Hauck & Aufhäuser hafi verið til málamiðla. Blaðamenn hafa haft samband við forsvarsmenn bankans en samkvæmt heimildum fá þeir þau svör að þeir þekki ekki innihald skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um málið og þar sem hún sé á íslensku muni þeir ekki geta lesið hana sem stendur né veitt viðbrögð við innihaldi hennar.

Einnig segja forsvarsmenn bankans að þeir geti ekki brotið trúnað um samninga við viðskiptavini sína. Þá séu tæplega fimmtán ár síðan samningar voru gerðir og að starfsmenn sem áttu aðild að þeim hafi ekki unnið hjá fyrirtækinu í langan tíma. – sg


NORÐURÁL
Bráðum verðum við öll aftursætisbílstjórar
Á götum heimsins er tæpur milljarður fólksbíla, og þeim mun fjölga enn frekar næstu árin. Því er spáð að sjálfstýring bifreiða muni auka skilvirkni umferðarinnar til mikilla muna, rafvæðing breiðast út og notkun áls í bílasmíði vaxa hröðum skrefum. Allt mun þetta hjálpa til við að draga úr neikvæðum áhrifum bíla á umhverfið – og vonandi auka öryggi og bæta umferðarmenningu í leiðinni.
Norðurál notar umhverfisvæna íslenska orku til að framleiða 0,53% af öllu áli sem framleitt er í heiminum.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Íslensk ál um allan heim
nordural.is

## Stelpur settar aftast í strætó

**SVÍÞJÓÐ** Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, segir það forkastanlegt að til skuli vera kynjaskiptir skólabílar í Stokkhólmi eins og sjónvarpsstöðin TV4 hefur afhjúpað.

Starfsmenn sjálfstæðs skóla múslíma í hverfinu Vällingby láta stelpur í leikskóla og neðsta stigi grunnskóla setjast aftast í skólabílinn á hverjum degi. Strákunum er vísað til sætis fremst í vagninum.

Devin Rexvid, sérfræðingur í félagsvísindum við Umeå-háskólann, ber þetta saman við aðskilnað hvítra og svartra í strætisvögnum í Bandaríkjunum á sjötta áratugnum. Rexvid segir skólabíl múslíma aðskilnaðarstrætó. **– ibs**

## Deila um kvótakónga

**DANMÖRK** Meirihluti danskra þingmanna vill uppgjör við kvótakónga. Óska þeir eftir samráði við Esben Lunde Larsen, umhverfis- og matvælaráðherra, í því skyni.

Deilan um kvóta og kvótakónga á rætur sínar að rekja til ásakana af hálfu Danska þjóðarflokksins og Jafnaðarmannaflokksins gegn Esben Lunde Larsen. Flokkarnir saka ráðherrann um að hafa leynt tillögu um hvernig skipta mætti kvótunum jafnar.

Samkvæmt frétt í Kristilega Dagblaðinu í Danmörku hefur þurft að loka mörgum litlum höfnum á undanförnum árum þegar kvótar hafa safnast á hendur fjársterkra aðila. **– ibs**

# Stíað í sundur eftir 65 ár

**Þau Aðalheiður og Stefán hafa verið gift í 65 ár en fá ekki saman inni á öldrunarheimili. Framkvæmdastjóri öldrunarheimila Akureyrar segir mikilvægt að aldraðir þurfi ekki að skilja að borði og sæng sökum heilsu.**

**AKUREYRI** Hjónin Stefán Þórarinsson og Aðalheiður Gunnarsdóttir fá ekki sameiginlega vistun á öldrunarheimilinu Hlíð á Akureyri sökum þess hve Aðalheiður er heilsuhraust samkvæmt færni- og heilsumatsnefnd landlæknis. Hjónin hafa verið gift í rúm 65 ár.

Stefán, sem er á 91. aldursári, hefur fengið inni á dvalarheimili aldraðra á Hlíð. Þau vilja hins vegar vilja verja síðustu æviárunum saman og Aðalheiður, sem er ári yngri, er talin of hraust. Eins og staðan er núna er afar erfitt fyrir þau að vera bæði heima sökum aldurs. Hjónin hafa alla sína tíð haldið gott heimili án utanaðkomandi aðstoðar svo heitið geti.

„Mér líður eins og þetta sé skilnaður að vissu leyti. Þegar ég fékk þessar fréttir fannst mér þetta mikið högg og mér finnst þetta sárt,“ segir Aðalheiður. „En vonandi venst þetta einhvern veginn og við finnum lausn.“

Aðalheiður er að mati heilsumatsnefndar of heilsuhraust en hins vegar sé það svo að daglegar annir eru erfiðar fyrir hana, svo sem að halda heimili, elda mat og ganga frá eftir eldamennsku, að ótöldum erfiðari heimilisverkum. „Bara að taka úr uppþvottavélinni og raða í skápa gerir það að verkum að ég er búin í bakinu á eftir,“ bætir Aðalheiður við.

Aðalheiður segir lækna hafa sagt henni þegar matið fór fram að líklega myndi hún ekki fá vistunarmat en maðurinn hennar væri líklegri.



Stefán hefur fengið inni á dvalarheimili fyrir aldraða. Eiginkona hans er hins vegar talin of hraust til að fá að dvelja þar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN AKUREYRI

> **Mér líður eins og þetta sé skilnaður að vissu leyti. Þegar ég fékk þessar fréttir fannst mér þetta mikið högg og mér finnst þetta sárt.**
>
> Aðalheiður Gunnarsdóttir

„Ég hugsaði ekkert um það á þeim tíma. Ég hélt að við myndum ekki komast að fyrr en eftir mörg ár. Því kom það mjög flatt upp á okkur þegar við heyrðum að annað okkar gæti komist inn,“ segir Aðalheiður.

„Mér finnst þetta svo ósanngjarnt að við þurfum eftir öll þessi ár að fara sitt á hvorn staðinn. Eins og staðan er núna má ég vera allan daginn með honum á Hlíð en síðan skilja leiðir að kvöldi.“

„Ég hef haft afspurn af þessu máli og mun skoða það og finna leiðir til aðstoðar. Það er engum greiði gerður með að hafa stöðuna eins og hún er í dag,“ segir Halldór Guðmundsson, forstöðumaður öldrunarheimilisins Hlíðar.

„Við leggjum ríka áherslu á tengsl íbúa og höfum sýnt það á síðustu árum að við hliðrum til svo að hjón geti eytt síðustu árum ævi sinnar saman. Ég get talið upp mýmörg dæmi þar sem við vinnum að því að leysa nákvæmlega svona mál sem upp koma.“ Halldór segir það mikilvægt að yfirvöld setji aldraða ekki í þá stöðu að fólk þurfi að skilja að borði og sæng síðustu æviárin. Öldrun sé ekki sjúkdómur heldur hluti af þroskaferli mannsins.

Færni- og heilsumat er faglegt, einstaklingsbundið mat á þörfum einstaklinga fyrir varanlega búsetu á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Um er að ræða staðlað mat ásamt skilgreindum upplýsingum frá heilbrigðis- og félagsþjónustu og svæðisskrifstofu málefna fatlaðra auk læknabréfa frá lækni viðkomandi eftir því sem við á.

Aðstandendur hjónanna vilja koma því skýrt á framfæri að ekki sé við öldrunarheimilið að sakast. Allt starfsfólk stofnunarinnar hafi komið mjög vel fram við þau hjónin en þau hafa notið þjónustu dagvistunar á Hlíð um nokkurt skeið.

sveinn@frettabladid.is





**Mitsubishi Outlander PHEV** hefur heldur betur slegið í gegn. Þessi fjórhjóladrifni gæðingur gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni, svo þú kemst allra þinna leiða með góðri samvisku. Komdu og prófaðu!

**Mitsubishi Outlander PHEV**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**4.990.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



**Beats Powerbeats³** Þráðlaus

**22.990 kr.** stgr.

5 litir: **Svartur, blár, gulur, rauður & hvítur**



**Beats Solo³** Þráðlaus

**32.990 kr.** stgr.

5 litir: **Silfur, hvítur, gylltur, rauðgylltur & svartur**



**Beats Studio** Þráðlaus

**39.990 kr.** stgr.

3 litir: **Blár, gylltur & svartur**

# Óskapáskar hjá Nova!




**Nova Stuðpinni** 5.200 mAh

**2.990 kr.** stgr.




**Bíókort** 5 sinnum í bíó

**3.790 kr.** stgr.



**TÖLUM SAMAN**

Ótakmarkaðar mín. og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi fylgir!

**iPhone 7** 128 GB

**119.990 kr.** stgr.

256 GB **134.990 kr.**

**iPhone 7 Plus** 128 GB

**134.990 kr.** stgr.

256 GB **149.990 kr.**

**Páska-tilboð!**



**Snapchat Spectacles**
Snappaugu

**24.990 kr.** stgr.

3 litir: **Rauður, grænn & svartur**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

# Útiloka mengandi iðnað í Helguvík

**Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ hafa snúið baki við mengandi iðnaðaruppbyggingu. Helguvík hefur verið endurskipulögð sem grænt iðnaðarsvæði. Ný hugsun við að byggja upp Reykjanesbæ og tímamótaákvörðun, segir formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar.**

**BYGGÐAMÁL** Reykjanesbær hefur breytt aðalskipulagi sínu sem útilokar frekari uppbyggingu mengandi iðnaðarstarfsemi en þegar hefur verið samið um í Helguvík. Búnaður kísilvers United Silicon á staðnum stendur ekki undir því að hreinsa mengun frá verinu og verður skipt út.

Þetta kom meðal annars fram á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis í gær. Komu fyrir nefndina umhverfisráðherra, fulltrúar bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og íbúa, forstjóri United Silicon og fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Friðjón Einarsson, formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar, segir við Fréttablaðið að ákvörðun bæjaryfirvalda, sem var stimpluð á þriðjudagskvöld, sé til vitnis um nýja hugsun í uppbyggingu Reykjanesbæjar til framtíðar. Eins og staðan er nú eru það aðeins kísilver Thorsil og álver Century Aluminum (CA) sem hafa möguleika á að reka sinn iðnað í Helguvík til viðbótar við United Silicon – en um bæði verkefnin má segja að ekkert sé í hendi um rekstur. Álvershugmyndir móðurfélags Norðuráls virðast reyndar úr sögunni eftir að CA afskrifaði verkefnið í bókum sínum. Landvernd, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, og íbúar í Reykjanesbæ kærðu starfsleyfisúrskurð Umhverfisstofnunar í mars.

„Þetta þýðir að við bönnum mengandi iðnað í Helguvík til framtíðar. Svona ákvörðun er ekki afturvirk en við höfum neitunarvald gagnvart nýjum aðilum,“ segir Friðjón spurður um ákvörðun bæjarstjórnar. „Þetta er risaákvörðun og var í samráði við íbúa. Þetta er til marks um breytt samfélag og breytt viðmið um hvernig við viljum byggja bæinn okkar upp. Þetta er tímamótaákvörðun, tel ég,“ segir Friðjón.

Höfnin í Helguvík hefur verið byggð upp sem stórskipahöfn fyrir þungaiðnað, byggt á fyrstu hugmyndum frá 1994. Til þess verks hefur verið varið níu milljörðum króna sem lítið sem ekkert hefur nýst.

Friðjón segir að höfnin muni nýtast þrátt fyrir ákvörðunina. Önnur starfsemi, iðnaður og ferðaþjónusta muni njóta þess. Hins vegar hefur ekkert verið ákveðið um hvers konar starfsemi önnur en mengandi iðnaður fær inni í Helguvík.

„Við munum styðja við grænan iðnað eins og við getum,“ segir Friðjón og bætir við að ef United Silicon nái ekki að uppfylla þau ströngu skilyrði sem um fyrirtækið gilda, þá „auðvitað lokar þessi verksmiðja“.

**svavar@frettabladid.is**



**Helgi Þórhallsson, forstjóri United Silicon, Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, Björt Ólafsdóttir, umhverfisráðherra, Friðjón Einarsson, formaður bæjarstjórnar í Reykjanesbæ, og Þórólfur J. Dagsson, formaður Samtaka íbúa á Reykjanesi, sátu fyrir svörum umhverfisnefndar í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Opinn fundur umhverfisnefndar Alþingis: Þungum áhyggjum lýst af rekstri kísilvers United Silicon

**Helgi Þórhallsson,** forstjóri United Silicon á Íslandi, sagði allt hafa farið úrskeiðis í starfsemi verksmiðjunnar, sem á annað borð gat gert það. Hann sagði vandamálið ekki vera reykhreinsibúnaðinn sjálfan heldur lofthreinsun í húsinu sjálfu; reyksía sem hreinsa á loftið sé of lítil og valdi ekki hreinsun. Henni verður skipt út, eftir ráðleggingu norskra sérfræðinga. Það geti tekið allt að því fimm mánuði að fá hana og setja upp, en um mikla fjárfestingu sé að ræða.

„Það er rétt að það hefur verið erfitt að fá tölvubúnaðinn til að virka. Þetta er miklu flóknara í dag en í gamla daga þegar ég var að stýra verksmiðjum þar sem var einfaldari stýribúnaður. Það tekur lengri tíma að láta allt virka saman, en þetta er allt leysanlegt,“ sagði Helgi.

**Sigrún Ágústsdóttir**, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, sagði eftirlit með United Silicon vera fordæmalaust. Farið hefði verið í endurteknar eftirlitsferðir þar sem 17 frávik frá starfsleyfi hefðu verið greind. Fyrir dyrum sé sérstök verkfræðileg úttekt á verksmiðjunni; í fyrsta skipti sem stofnunin telur ástæðu til slíkrar aðgerðar.

„Lyktin frá kísilverinu kom á óvart og þar höfum við áhyggjur af því að það séu að losna efni sem ekki var gert ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum og ekki gerð grein fyrir,“ sagði Sigrún og bætti við að litið sé til þess, sé ástæða til, að beita valdheimildum eins og að loka verksmiðjunni eða svipta hana starfsleyfi.

**Björt Ólafsdóttir**, umhverfis- og auðlindaráðherra, sagði ítrekað á fundinum að henni hugnaðist engan veginn uppbygging stóriðju hvort sem það væri í Helguvík eða annars staðar á Íslandi. Hún sagðist gjalda mikinn varhug við uppbyggingu kísilvera því komið hefði í ljós, öfugt við það sem áður var haldið fram, að mengunin væri óásættanleg.

„En ég er bundin ákvörðunum fyrri ríkisstjórna. En það sem ég get gert er að ítrustu kröfur séu uppfylltar hvað varðar starfsemi sem mengar – það á við þessa uppbyggingu og aðra hér á landi.“

Björt sagði til skoðunar að stóriðjan yrði skikkuð til að koma til móts við loftslagsmarkmið Íslands; grænir hvatar kæmu til greina eins og binding með skógrækt.

**Þórólfur J. Dagsson**, formaður Samtaka íbúa á Reykjanesi, sagði stöðuna sem upp er komin vera óþolandi.

„Hvernig dettur fólki í hug að taka svona iðnað og setja hann niður svo nálægt byggð? Það er ekki hægt að bjóða okkur bæjarbúum upp á þetta – við erum engin tilraunadýr,“ sagði Þórólfur og vék sérstaklega að þeirri staðreynd að verksmiðja United Silicon væri aðeins rúmum kílómetra frá leik- og grunnskólum í Reykjanesbæ. Ef aðlögun að rekstri kísilvers á Íslandi hefði verið nauðsynleg, eins og talað væri um, þá hefði kannski verið þjóðráð að gera það í upphafi á iðnaðarsvæði í góðri fjarlægt frá byggð, sagði Þórólfur.

# Valgerður tjáir sig ekki

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, vill ekki tjá sig um fundinn sem Benedikt Sigurðarson greindi frá í Fréttablaðinu í gær.

Benedikt heldur því fram að árið 2003 hafi hann, sem fulltrúi Kaldbaks, átt fund með ráðherranum og greint frá því að franski bankinn Société Générale hefði aldrei haft í hyggju að fjárfesta í Búnaðarbankanum. Þóknunargreiðsla til bankans frá Samvinnutryggingum hafi verið send til félags í Lúxemborg í eigu Ólafs Ólafssonar og Samvinnutryggingar hafi ekki hafi neitt sem höndi á festi til að sannreyna samstarf franska bankans við S-hópinn.

„Hún skellti á okkur hurðum og sakaði okkur um að við værum að bera sakir á aðra,“ sagði Benedikt um fundinn með Valgerði.

> Ég ætla ekkert að bregðast við þessu.
>
> Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins



„Ég ætla ekkert að bregðast við þessu,“ sagði Valgerður í samtali við Fréttablaðið í gær. Aðspurð hvort hún neiti að fundurinn hafi átt sér stað segir Valgerður: „Hvernig á maður að muna það sem gerðist fyrir svona mörgum árum? Ég bregst bara ekki við þessu.“ – snæ

# Sex ISIS-liðar handteknir í Rússlandi

**RÚSSLAND** Sex liðsmenn, grunaðir um að reyna að lokka Rússa til liðs við Íslamska ríkið, voru handteknir í Sankti Pétursborg í gær. Þeir eru einnig grunaðir um að hafa hjálpað hryðjuverkamönnum. Rússneskir miðlar greindu frá þessu í gær.

Lesefni fyrir hryðjuverkamenn fannst í húsnæði sexmenninganna. Hinir grunuðu eru frá Mið-Asíulöndum og hafa verið virkir frá því í nóvember. ISIS hefur áður fengið til liðs við sig ýmsa öfgamenn frá Mið-Asíuríkjum.

Ekki er talið að þeir tengist Kirgisanum Akbarzhon Jalilov sem grunaður er um að hafa borið ábyrgð á árásinni á neðanjarðarlest í borginni í upphafi vikunnar.

Líkamsleifar Jalilovs fundust í lestinni og því mun árásin teljast sjálfsmorðsárás ef grunur rannsakenda reynist réttur. Fjórtán fórust í árásinni og fimmtíu særðust.



**Fjöldi minntist fórnarlamba lestarárásarinnar.** NORDICPHOTOS/AFP

Enn sem komið er hafa engin hryðjuverkasamtök lýst yfir ábyrgð á árásinni. Að sögn BBC grunar rannsakendur þó að þar hafi Íslamska ríkið verið að verki. Jalilov hafi viljað hefna fyrir loftárásir Rússa á herbúðir Íslamska ríkisins í Sýrlandi og því ráðist á lestina. – þea




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050

mazda.is

## Ekki fyrsta efnavopnaárásin

Þann 21. ágúst árið 2013 vöknuðu íbúar í úthverfum Damaskus við mannskæðustu efnavopnaárás síðustu fjögurra áratuga. Sprengjur sem innihéldu saríngas skullu á hverfunum sem voru undir stjórn uppreisnarmanna. Rannsóknarlið frá Sameinuðu þjóðunum fann í kjölfarið sönnunargögn sem sýndu fram á að saríngasi hefði verið skotið á svæðið. Sýrlenski herinn var sagður hafa staðið að árásinni.

Ekki er ljóst hversu margir fórust í árásinni. Bretar telja 350 hafa farist, Syrian Observatory for Human Rights telja þá vera 502, Bandaríkin segja 1.429 hafa farist og uppreisnarmenn sjálfir segja að 1.729 hafi farist.




# Rifist um efnavopnaárásina

**Rússar kljáðust við aðra meðlimi öryggisráðs SÞ um efnavopnaárás í Sýrlandi. Fulltrúi Rússa sagði að mögulega hefðu efnavopn uppreisnarmanna á jörðu niðri valdið dauða fórnarlambanna. Önnur ríki hafna tilgátunni.**



**Fórnarlömb árásarinnar voru mörg hver jörðuð í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

**SÝRLAND** Varafulltrúi Rússlands í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna kljáðist við fulltrúa annarra ríkja á fundi ráðsins í gær. Umræðuefnið var efnavopnaárás þriðjudagsins á sýrlenska bæinn Khan Sheikhoun.

Samtökin Syrian Observatory for Human Rights, sem fylgjast með borgarastyrjöldinni í Sýrlandi á jörðu niðri, greindu frá því á þriðjudag að íbúar bæjarins hefðu séð sprengjur falla úr lofti. Í kjölfarið hafi fórnarlömb árásarinnar meðal annars froðufellt og kafnað.

Líklegt þykir að saríngasi hafi verið varpað á bæinn. Fréttablaðið greindi frá því í gær að saríngas væri banvænt efnavopn, um tuttugu sinnum banvænna en blásýra, og ylli einna helst köfnun þar sem gasið réðist á miðtaugakerfi líkamans og lamaði öndunarfæri.

Tilgátu Igors Konoshenkov, varnarmálaráðherra Rússlands, um að sýrlenskar þotur hefðu hæft efnavopnaframleiðslu uppreisnarmanna og þannig eitrað fyrir fórnarlömbum, var hafnað á fundi öryggisráðsins. Sjálfir hafa Sýrlendingar sagst aldrei hafa beitt efnavopnum

Matthew Rycroft, fulltrúi Bretlands, sagði að með árásinni hefði Bashar al-Assad, forseti Sýrlands, niðurlægt Rússa og hæðst að friðarviðræðum við uppreisnarmenn. Þá sagði Rycroft Rússa verja hið óverjanlega með stuðningi sínum við stjórn al-Assads.

Vladimir Safronkov, varafulltrúi Rússa, svaraði fyrir sig og sagði Breta heltekna af markmiði sínu um að steypa al-Assad af stóli í stað þess að reyna að koma á friði. Þá sagði hann ríki sitt ekki sjá þörf á því að öryggisráðið samþykkti nýjar ályktanir eða aðgerðir. Þess í stað ætti ráðið að fara fram á hlutlausa, ítarlega og alþjóðlega rannsókn á árinu. Ekki væri hægt að reiða sig á upptökur af vettvangi þar sem megnið af þeim væri „sviðsett“. Þess ber að geta að Rússar hafa neitunarvald í öryggisráðinu.

Nikki Haley, fulltrúi Bandaríkjanna, sagði að efnavopnaárásir Sýrlendinga myndu halda áfram þar til eitthvað yrði gert. „Rússar styðjast endurtekið við sömu skálduðu frásagnirnar til þess að beina athyglinni frá bandamönnum þeirra í Damaskus,“ sagði Haley.

Tala látinna er enn á reiki. Syrian Observatory heldur því fram að alls hafi 72 látist í árásinni, þar af tuttugu börn. Hins vegar héldu þeir François Delattre, fulltrúi Frakklands í öryggisráðinu, og Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, því fram í gær að yfir hundrað hefðu farist.

thorgnyr@frettabladid.is






# THE SHOCK EVENT !

## YVES SAINT LAURENT KYNNING Í HAGKAUP KRINGLU, SMÁRALIND, GARÐABÆ, SKEIFU OG AKUREYRI 6.-12. APRÍL

**20%**
**AFSLÁTTUR**
AF YVES SAINT LAURENT
VÖRUM Á KYNNINGUNNI

Nýr sjokkerandi maskari sem þykkir augnhárin í einni stroku ásamt fullkominni viðbót í Black Opium ilmlínunni, Floral Shock. Léttari, sætari og ferskari ilmur.



**LE CUSHION ENCRE DE PEAU**
FULLKOMINN FARÐI FYRIR KONUR Á FERÐINNI.
LÉTTUR - RAKAGEFANDI – ENDINGARGÓÐUR - ÞEKJANDI

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Kringlan

Af öllu hjarta

# SKEMMTIDAGSKRÁ

## FYRIR BÖRNIN FRÁ KL. 17–19

Andlitsmálun, trúðar og blöðrugerðarmenn í göngugötu.

## GÖNGUGATAN VERÐUR IÐANDI AF LÍFI, FJÖLBREYTTAR KYNNINGAR, DEKUR OG VEITINGAR

## SVIÐ FRÁ KL. 19

19.00 **DJ Jón Gestur**
20.00 **Ari Eldjárn**
21.00 **Sirkus Íslands**
22.00 **Jón Jónsson**

## LUKKUHJÓL KL. 20

**Bjarni töframaður stýrir lukkuhjóli á 2.hæð. Fjöldi glæsilegra vinninga og þátttaka er ókeypis.**

## BÍÓGANGUR KL. 20–22

**Sigga Kling spáir fyrir gestum og gangandi.**

**KAFFITÁR BÝÐUR UPP Á ILMANDI KAFFI OG SÚKKULAÐI MILLI KL. 17–19 Í GÖNGUGÖTU.**



kringlan.is | facebook.com/kringlan.is

PIPAR\TBWA · SÍA


FJÖRUG STEMNING OG SPENNANDI SKEMMTIATRIÐI.
MIÐNÆTUR
SPRENGJA
OPIÐ Í DAG
10–24
EKKI MISSA AF
LUKKUHJÓLINU!
GLÆSILEG TILBOÐ ALLAN DAGINN
10–60%

G-STAR RAW
20% afsláttur af öllum vörum

herra GARÐURINN – klæðir þig vel
20% afsláttur af öllum vörum

MAIA REYKJAVÍK
20% afsláttur af öllum fatnaði og önnur tilboð

BOSS HUGO BOSS
20% afsláttur af öllum vörum

UNDER ARMOUR
20% afsláttur af öllum vörum, sértilboð af skóm 5000 kr

GEYSIR
20% afsláttur af öllum vörum

VERO MODA
10% afsláttur af öllum vörum. Frábær tilboð

BEAUTY BAR
20% afsláttur af öllum snyrtivörum

Leonard
20% afsláttur af öllum vörum

name it
10% afsláttur af öllum vörum. Frábær tilboð

FINNSKA BÚÐIN
20% afsláttur af öllum vörum

ENGLABÖRNIN – Falleg föt á stelpur og stráka...
20% afsláttur af öllum vörum

DUNKIN' DONUTS
Frí miðstærð af uppáhelltu kaffi með öllum beyglum

hrím – www.hrim.is
20% afsláttur af öllum nema SMEG

ORG
20% afsláttur af öllum vörum

CINTAMANI
25% afsláttur af öllum vörum

NEON KRINGLUNNI
20% afsláttur af öllum vörum

MOTOR & MIA
20% afsláttur af öllum vörum

MICHELSEN ÚRSMIÐIR
20-40% afsláttur af völdum vörumerkjum

DÚKA
20% afsláttur af öllum vörum

BEAUTY BAR
25% afsláttur af öllum hársnyrtivörum og tækjum

SELECTED
10% afsláttur af öllum vörum. Frábær tilboð

66° NORÐUR
20% afsláttur af völdum regnfatnaði

DOGMA
20% afsláttur af öllum vörum

Eirberg LÍFSTÍLL
20% afsláttur af öllum vörum 60% af völdum vörum

BIANCO FOOTWEAR
20% afsláttur af öllum vörum

Café roma
20% afsláttur af vöfflum og kaffidrykk

epal DESIGN
15-50% afsláttur af öllum vörum

skór.is – KRINGLAN • SMÁRALIND
20% afsláttur af öllum skóm

L'OCCITANE EN PROVENCE
20% afsláttur af sturtusápum

JÚNÍK
20% afsláttur af öllum vörum

LINDEX
20% afsláttur af öllum vörum

TOPSHOP
30-50% af völdum vörum

KAREN MILLEN
20-50% af öllum vörum

vodafone
20% afsláttur af wonlex krakkasnjallúrum

JACK & JONES
10% afsláttur af öllum vörum. Frábær tilboð

Timberland
20% afsláttur af öllum vörum

Levi's
20% afsláttur af öllum vörum

DRESS MANN
20% afsláttur af öllum vörum

SIX
3 fyrir 2 af öllum vörum

JOE BOXER
20% afsláttur af öllum vörum

I am
3 fyrir 2 af öllum vörum

Kringlan

# 10-60%

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENT- OG/EÐA INNSLÁTTARVILLUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN<br>20% afsláttur af öllum vörum | Marc O'Polo<br>20% afsláttur af öllum vörum | Jens<br>20% afsláttur af Silfur skartgripum, úrum og jöklaskálum | Kaupfélagið<br>20% afsláttur af öllum skóm | byggtogbúið Kringlunni<br>20% af flestum vörum, aðrar vörur á 10-50% afslætti | M·A·C<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| ecco<br>20% afsláttur af öllum skóm | URBAN<br>20% afsláttur af öllum vörum | Lyf & heilsa Kringlunni<br>20% afsláttur af öllum vörum, gildir ekki af lyfjum | SHARE womens wear<br>20% afsláttur af öllum vörum nema skóm | Joe & The Juice<br>15% afslátt af matseðli, kaffi að eigin vali á 350 kr | ZIK ZAK tískuhús<br>20-50% afsláttur af völdum vörum |
| Game Stöðin<br>20% afsláttur af spiluðum leikjum | Casa<br>15% afsláttur af öllum vörum | iittala<br>15% afsláttur af öllum vörum | Gleraugað<br>25% afsláttur af öllum vörum | POLARN O. PYRET<br>20% afsláttur af öllum vörum | Kultur menn<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| galleri sautján<br>20% afsláttur af öllum vörum | ÚTILÍF<br>20% afsláttur af öllum vörum | KÚNÍGÚND<br>20% afsláttur af öllum vörum | gs skór<br>20% afsláttur af öllum vörum | AKKERI Reykjavík<br>20% afsláttur af öllum vörum | SMASH<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| Kultur<br>20% afsláttur af öllum vörum | COMPANYS<br>20% afsláttur af öllum vörum | Galla Buxnabúðin<br>20% afsláttur af öllum vörum | Mathilda Kringlunni<br>20% afsláttur af öllum vörum | STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN<br>20% afsláttur af öllum skóm | Mohawks<br>20% afsláttur af öllum skóm |
| Jón & Óskar<br>20% afslátt af öllum vörum, 10% af trúlofunarhringum | Ævintýraland<br>20% afsláttur af innritunargjaldi | Heilsuhúsið 1979<br>30% afsláttur af heilsuvörum | Íslenska Hamborgarafabrikkan 2010<br>2 fyrir 1 af forréttum og eftirréttum - með keyptum aðalréttum | TE & KAFFI<br>20% afsláttur af te og kaffi pokum | INDISKA<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| HAGKAUP Ein ferð betra verð SNYRTIVÖRUR<br>20% af snyrtivörum, páskaeggjum, leikföngum 30% af sokkabuxum | SKECHERS<br>20% afsláttur af öllum skóm | A4<br>25% afsláttur af öllum vörum | VILA CLOTHES<br>10% afsláttur af öllum vörum. Frábær tilboð | THE BODY SHOP<br>25% afsláttur af öllum vörum | focus<br>20% afsláttur af öllum vörum |

**FRÁBÆR TILBOÐ**
YFIR 100 VERSLANA OG VEITINGASTAÐA

**AFSLÁTTUR Í ALLAN DAG TIL MIÐNÆTTIS**

# Verja fjárfestinguna að helmingshluta

**Vogunarsjóðirnir gerðu gjaldmiðlaskiptasamninga til að verjast gengisflökti krónunnar sem nemur rúmlega 40 prósentum af fjárfestingu þeirra í Arion banka. Íslandsbanki var mótaðili sjóðanna í afleiðuviðskiptunum. Och-Ziff með hlutfallslega mestu gengisvarnirnar.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Fjárfesting vogunarsjóðanna og bandaríska fjárfestingarbankans Goldman Sachs á 29,2 prósenta hlut í Arion banka fyrir um 49 milljarða er samtals varin að tæplega helmingshluta gagnvart gengisflökti krónunnar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Mótaðili sjóðanna í þeim gjaldmiðlaskiptasamningum, eða sá sem er skuldbundinn til að afhenda þeim gjaldeyri í skiptum fyrir krónur, er Íslandsbanki.

Sjóðirnir eru misjafnlega mikið varðir fyrir gengisþróun krónunnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru vogunarsjóðirnir Taconic Capital og Attestor Capital, sem keyptu hvor um sig 9,99 prósenta hlut, með samninga um gengisvarnir sem nema í kringum 40 prósentum af fjárfestingu þeirra. Bandaríski vogunarsjóðurinn Och-Ziff Capital, sem á 6,6 prósenta hlut í Arion banka, lagði hins vegar á það mikla áherslu að fjárfesting sjóðsins í bankanum yrði að stærstum hluta varin gagnvart gengi krónunnar. Ekki hafa fengist staðfestar upplýsingar um gengisvarnir Goldman Sachs en fjárfestingarbankinn keypti 2,6 prósenta hlut í bankanum fyrir um 4,3 milljarða. Heildarfjárhæð þeirra gjaldmiðlaskiptasamninga sem fjárfestahópurinn stóð að í tengslum við kaupin í Arion banka, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, er því á bilinu 20 til 25 milljarðar.

**Vill fjárfesta í krónunni**

Þegar gengið var frá kaupsamkomulagi við Kaupþing í byrjun febrúar – fjárfestarnir eru jafnframt stærstu hluthafar Kaupþings – var það meðal annars háð fyrirvörum um að Seðlabanki Íslands myndi veita undanþágu frá lögum um gjaldeyrismál vegna útgáfu slíkra afleiðusamninga í tengslum við fjárfestingu sjóðanna í Arion banka. Um tveimur vikum síðar tilkynnti Seðlabankinn að hann teldi nú forsendur fyrir hendi til að veita tilteknar undanþágur vegna afleiðuviðskipta til varanlegra áhættuvarna.

Í tilkynningunni sagði jafnframt að heimild fyrir útgáfu afleiðusamninga væri háð ýmsum skilyrðum, svo sem tímalengd og hlutfalli varna, til að „tryggja að afleiðuviðskiptin verði raunverulega gerð í þeim tilgangi að verjast gjaldeyrisójafnvægi yfir lengri tíma, en ekki til stöðutöku með eða á móti íslensku krónunni.“ Engar undanþágur eru því veittar vegna afleiðuviðskipta til spákaupmennsku.




Vogunarsjóðir og Goldman Sachs borguðu um 49 milljarða fyrir 29 prósenta hlut í Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Spurður hvort sjóðurinn væri ekki með varnir gegn sveiflum í gengi krónunnar, sem sögulega séð hafa oft verið miklar, sagði Frank Brosens, stofnandi og eigandi Taconic Capital, í viðtali sem birtist í Fréttablaðinu 20. mars síðastliðinn að hann væri þeirrar skoðunar, með hliðsjón af styrkleika íslenska hagkerfisins, að krónan myndi haldast sterk og sjóðurinn vilji því fjárfesta í henni. „Við viljum hins vegar ekki vera algjörlega varnarlausir gagnvart gengissveiflum og því höfum við gert skiptasamninga til að verja fjárfestingu okkar í bankanum að hluta fyrir gengisþróun krónunnar,“ sagði Brosens.

**Ekki með atkvæðisrétt**

Samhliða því að sjóðirnir keyptu tæplega 30 prósent í Arion banka var jafnframt um það samið að sömu sjóðir gætu nýtt sér kauprétt að 22 prósenta hlut til viðbótar, sem verður á hærra verði en þeir keyptu á í síðasta mánuði, áður en fyrirhugað hlutafjárútboð og skráning á þeim hlut sem eftir stendur í eigu Kaupþings verður haldið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er stefnt að almennu útboði næstkomandi haust en nýti sjóðirnir sér kaupréttinn, sem fastlega er gert ráð fyrir, mun Kaupþing þurfa að selja um 36 prósenta hlut í gegnum hlutafjárútboð.

Þrátt fyrir að vogunarsjóðirnir fari ekki núna með virkan eignarhlut í Arion banka, en hann miðast við meira en tíu prósenta hlut í fjármálafyrirtæki, þá hafa fulltrúar þeirra gefið út að þeir hafi slík áform og muni tilkynna Fjármálaeftirlitinu (FME) um þá fyrirætlan svo stofnunin geti lagt mat á hæfi þeirra til að fara með virkan hlut í bankanum. Þá hefur FME þegar upplýst að hafinn sé undirbúningur að slíku hæfismati og meðal annars sé búið að koma á tengslum við fjármálaeftirlit annarra ríkja þar sem sumir sjóðanna hafa starfsleyfi eða hafa verið metnir hæfir sem virkir eigendur. Á meðan sú vinna FME stendur yfir hafa vogunarsjóðirnir jafnframt fallist á að eignarhlutum þeirra í Arion banka fylgi ekki atkvæðisréttur að svo stöddu.

**Keyptu 29,2% hlut á 48,8 milljarða**




**49**

**milljarðar er fjárfesting erlendu aðilanna í Arion.**

**Fimm með meira en helming**

Vogunarsjóðurinn Taconic Capital er langsamlega stærsti og áhrifamesti hluthafi Kaupþings. Allt frá því um mitt síðasta ár hefur sjóðurinn staðið að uppkaupum á bréfum annarra hluthafa í félaginu, meðal annars megninu af sex prósenta hlut Seðlabankans í nóvember í fyrra. Á aðeins nokkrum mánuðum bætti vogunarsjóðurinn við sig meira en 20 prósenta hlut í Kaupþingi en í dag á Taconic Capital um 40 prósenta hlut.

Frá því var greint í Viðskiptablaðinu síðastliðinn fimmtudag að fimm fjárfestar ættu meira en helmingshlut í þeim sjóði sem stendur að baki kaupum Taconic Capital í Arion banka. Þar væri um að ræða norðuramerískan lífeyrissjóð, asískan lífeyrissjóð, bandarískan sjóðasjóð, fjársterka fjölskyldu frá Bandaríkjunum og síðan Brosens sjálfan, eiganda vogunarsjóðsins. Engir íslenskir fjárfestar hafa sett fjármuni í sjóðinn sem heldur utan um fjárfestinguna í Arion banka, né aðra sjóði á vegum Taconic Capital, samkvæmt þeim upplýsingum sem Viðskiptablaðið fékk frá vogunarsjóðnum.






Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

# Hörpuholan



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Það er víst orðið of seint að fylla upp í ginnungagapið við hlið Hörpu. Þetta sár sem öskrar á alla ferðamenn sem vilja njóta útsýnisins á 5. hæð tónlistarhússins fagra.

Best væri ef hægt væri að fylla upp í holuna, malbika yfir og byggja körfuboltavöll og garð fyrir hjólabretti. Þeir sem búa yfir fimi á brettinu hafa reglulega haldið til nálægt Hörpu. Það væri náttúruleg og eðlileg þróun að veita þeim varanlegan viðverurétt svo þeir geti speglað sig í listaverki Ólafs Elíassonar á meðan þeir gera „ollie“ eða aðrar kúnstir á sandpappírsþöktum viði.

Ginnungagap samkvæmt norrænni goðafræði er hið mikla gap eða frumrýmið fyrir tilurð heimsins. Þess vegna er það auðvitað helber dónaskapur að klína slíku hugtaki á sárið við Hörpu. Þetta er bara mjög ljót hola sem hefur staðið allt of lengi. Engar haldbærar skýringar hafa fengist á því hvers vegna meirihlutinn í borginni lét það viðgangast svona lengi að verktakarnir drægju lappirnar. Þetta skrifast víst á flækjustigið. Þótt sá grunur læðist að mörgum að kjörnir fulltrúar hafi of lengi sýnt því þolinmæði að verktakarnir séu annaðhvort með lata lögfræðinga eða eigi einfaldlega ekki nógu mikla peninga til að láta verkefnið ganga hraðar. Hver sem skýringin er þá eru þeir sem standa að þessu verkefni sjálfir of feimnir til að veita trúverðug svör við seinaganginum.

Þarna mun rísa enn eitt hótelið. Við skulum vona að allar áætlanir um vöxt ferðaþjónustunnar haldi svo þetta glæsihótel standi ekki tómt í fyllingu tímans sem vitnisburður um of mikla bjartsýni. Eins og staðan er núna er ekki vísbending um annað en að hvert einasta herbergi verði fullt frá fyrsta degi. Sem er afar ánægjulegt.

Það er ólíklegt að Hörpuholan verði gerð að einhverju aðalatriði í borgarstjórnarkosningunum á næsta ári. Líklega munu einhverjir gera tilraun til þess að gefa borgarstjóra pungspark með því að benda á holuna en hún verður ekki aðalatriði máls. Í kosningunum verður tekist á um hugmyndafræði.

Tekist verður á um hvort Reykvíkingar vilji búa í borg eða sveit þorpa þar sem ríkustu fimm prósentin búa í glæsihöllum lengst frá kjarnanum innan um tekjulága nágranna sem þurfa að keyra lengi til að komast í vinnuna. Sú stefna að loka sárum og þétta byggð mun í fyllingu tímans auka verðmæti Reykjavíkur sem borgar. Ef vel tekst til mun Reykjavík standa undir nafni sem alþjóðleg borg á pari við Kaupmannahöfn og Stokkhólm. Óháð samanburði við þessar borgir mun Reykjavík verða á pari við það besta í heiminum og með sín sterku sérkenni.

Þess vegna var það rétt ákvörðun að þétta byggð þótt það hafi tekið of langan tíma. Og þótt andúð núverandi meirihluta á einkabílnum hafi gargað á bíleigendur hér og þar um allt sveitarfélagið stærstan hluta kjörtímabilsins þá ættu kosningarnar á næsta ári ekki að snúast um það. Þær ættu að snúast um hvort Reykvíkingar vilji búa í borg eða sveit lítilla þorpa.

> **Þess vegna var það rétt ákvörðun að þétta byggð þótt það hafi tekið of langan tíma.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Byltingarhetjan**

Í gær var ár síðan Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði af sér sem forsætisráðherra eftir að upp komst um aflandsfélag hans, Wintris. Af því tilefni skrifaði Sigmundur færslu á Facebook þar sem fram kom að dagurinn væri honum ekki jafn hugleikinn og þeim sem undirbjuggu viðburðinn. Þá hvetur hann til dáða það fólk sem hann segir sjá í gegnum moldviðrið í kringum Panamaskjölin og sannfæri hann um að hægt sé að gera breytingar á íslensku samfélagi þó takast þurfi á við voldugustu valdakerfin hér á landi og erlendis. „Ekki einu sinni alþjóða fjármálakerfið getur stoppað okkur.“ Sigmundur ætlar sem sagt að leiða baráttu 99 prósentanna gegn eina prósentinu. Eða bíddu nú við. Hvorum hópnum tilheyrir hann aftur?

**Loforðavaktin**

Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, og Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknar, skrifa báðar greinar á vefsvæði sín um brostin loforð í tengslum við ríkisfjármálaáætlun nýrrar ríkisstjórnar. Á þessum vettvangi á mánudag var létt grín gert að Vinstri grænum sem vilja taka upp kynjavakt á Alþingi til að meta áhrif kynjanna á ákvarðanatöku. Áhugi almennings gæti aftur á móti vaknað ef þingmenn leggja til Loforðavakt Alþingis. Það er líklega liður sem skattgreiðendur væru til í að sjá á næstu ríkisfjármálaáætlun. snaeros@frettabladid.is

# Enn skal á það reyna



Gunnlaugur Stefánsson
Heydölum

Nú gera áætlanir laxeldisiðjunnar ráð fyrir allt að 200 þúsund tonna ársframleiðslu með laxeldi í opnum kvíum við íslenskar strendur og þar af 90 þúsund tonnum á Austfjörðum. Útlendingar standa að útrásinni og hvergi í stjórnkerfinu er spurt um uppruna framkvæmdafjárins. Það virðist mikill munur á því hvort fjárfest er í bönkum eða sjó á Íslandi. Og allt fæst þetta nánast ókeypis á sama tíma og íslenskur sjávarútvegur greiðir veiðigjöld og strangar takmarkanir eru í gildi á eignarheimildum útlendinga í útveginum. Reynslan af laxeldisiðjunni í nágrannalöndum er svo slæm, að víðast er hætt að gefa út ný leyfi fyrir opnu sjókvíaeldi. Það staðfesti t.d. hæstiréttur land- og umhverfisverndar í Svíþjóð í nýlegum dómum. En hér á landi virðist flest leyfilegt.

Engin ný tækni hefur komið fram í opnu sjókvíaeldi með kynbættan norskan laxfisk sem kemur í veg fyrir umhverfistjón. Fiskur sleppur í umtalsverðum mæli og blandast villtum stofnum, sjúkdómar og lús grassera í mergðinni í kvíunum með óhjákvæmilegri lyfjanotkun, og mengun vegna úrgangs er hrikaleg. Þetta blasir við af reynslunni í nágrannalöndum.

Umræðan erlendis um skaðann af eldinu er nú að þyngjast og líklegt að eldisfiskur muni eiga undir högg að sækja á matvælamörkuðum í framtíðinni. Ísland á hér mikilla hagsmuna að gæta, enda þekkt að því að bjóða ferskar afurðir úr náttúrlegu og vistvænu umhverfi. Sama ímynd vegur þungt fyrir ferðaþjónustuna og hefur verið styrkur Íslendinga í alþjóðasamstarfi um umhverfismál. Vegið er að þessum hagsmunum vegna leiftursóknar útlendinga með risalaxeldi í íslenskum sjó af því að lokað hefur verið á frekari útþenslu þeirra í nágrannalöndunum. Svo þegar tjónið blasir við hér á landi, þá liggur ekkert fyrir um það hverjir bera ábyrgðina og hvernig bæta eigi fyrir skaðann. Við erum þegar farin að kynnast því í ítrekuðum slysasleppingum fiska úr eldiskvíum.

Allar þessar staðreyndir liggja fyrir. Íslendingar hafa sára reynslu af því að láta skammtímagróða glepja sýn og fá hrunið í bakið. Enn skal á það reyna.

> **Reynslan af laxeldisiðjunni í nágrannalöndum er svo slæm, að víðast er hætt að gefa út ný leyfi fyrir opnu sjókvíaeldi. Það staðfesti t.d. hæstiréttur land- og umhverfisverndar í Svíþjóð í nýlegum dómum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sektarnýlendan

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Þótt halli nú mjög á Bandaríkin í augum umheimsins mega menn ekki missa sjónar á gamalgrónum styrk landsins sem helgast m.a. af stjórnarskránni frá 1787. Hún tryggir að Bandaríkin eru réttarríki þar sem allir mega heita jafnir fyrir lögum og rammgert jafnvægi ríkir milli framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds. Í þessu ljósi þarf að skoða þá staðreynd að 20 bandarískir stjórnmálamenn, þar af 13 þingmenn, hafa frá síðustu aldamótum verið dæmdir til fangavistar fyrir ýmis lögbrot. Frá 1981 hafa 60 bandarískir stjórnmálamenn fengið slíka dóma, þar af 44 þingmenn. Enginn Bandaríkjamaður stendur ofar lögum eins og t.d. Nixon forseti fékk að reyna 1974.

**Misnotkun bankaleyndar**

Íslenzk stjórnmálamenning sem jafnvel Alþingi sjálft hefur ályktað gegn er annarrar gerðar. Hér þurfti hrun með grafalvarlegum afleiðingum fyrir mikinn fjölda fólks til þess að meint brot bankamanna og annarra væru rannsökuð, en þó bara sum. Bankamenn hafa fengið dóma fyrir gáleysisleg útlán og meðfylgjandi umboðssvik o.fl. en engin rannsókn hefur enn farið fram á gáleysislegu útláni bankastjóra Seðlabankans til Kaupþings í hruninu þótt Kastljós RÚV hafi sýnt mynd af mikilvægu gagni í málinu, útskrift af símtali seðlabankastjóra og forsætisráðherra. Seðlabankinn neitaði jafnvel að upplýsa Alþingi um símtalið og bar við bankaleynd þótt hún komi málinu ekki við. Af lýsingu Kastljóss að dæma virðist útskriftin hafa lekið til sjónvarpsins frá embætti sérstaks saksóknara. Engin skýring hefur verið gefin á því hvers vegna sumir bankamenn hafa sætt rannsókn og fengið dóma fyrir gáleysisleg útlán og aðrir ekki.

**Lyftum lokinu**

Eins og til að skjóta sér undan kröfunni um allsherjarrannsókn á einkavæðingu bankanna 1998-2003 lét Alþingi eftir dúk og disk og fyrir frumkvæði umboðsmanns Alþingis rannsaka einn smáþátt málsins, sýndaraðkomu þýzka bankans Hauck & Aufhäuser að einkavæðingu Búnaðarbankans. Allir sem vildu vita vissu hvernig í málinu lá enda hafði því verið þaullýst í fjölmiðlum.

Rannsóknarefnið ætti að réttu lagi að vera einkavæðing bankanna í heild sinni svo sem Alþingi samþykkti 2012 að fara skyldi fram, þ.m.t. sala Landsbankans þar sem kaupin voru fjármögnuð af Búnaðarbankanum að stórum hluta og öfugt, en það mál er enn í þöggunarferli. Alþingi er samdauna þessu þráa andrúmslofti yfirhylmingar og þöggunar ef ekki beinlínis uppspretta þess eins og sést t.d. á því að næstum allir þingmenn sem hafa verið spurðir um niðurstöður rannsóknarinnar á sýndaraðkomu þýzka bankans þykjast koma af fjöllum. Alþingi er samsekt þótt bráðum áratugur sé liðinn frá hruni. Það er sök Alþingis ef meintar sakir eru fyrndar. Þetta sýnir að ekki duga mannaskipti á Alþingi, þar þarf flokkaskipti, alger umskipti. Við þurfum að lyfta lokinu áður en tunnan springur.

**Refsileysi**

Ábyrgðarleysi eða refsileysi (e. impunity) kann að vera hluti skýringarinnar á ýmsu atferli sumra stjórnmálamanna svo sem hrunið vitnar um. Sumir stjórnmálamenn virðast umgangast lög og siði frjálslega í trausti þess að leyndin haldi og hámarksrefsing sé fylgistap í kosningum ef út af ber. Fv. dómsmálaráðherra lýsti þessu svo eftir hrun að kjörklefar, séu réttur betrunarvettvangur fyrir stjórnmálamenn sem brjóta af sér – mitt orðalag, ekki hans. Í þessu ljósi þarf að skoða tal sumra stjórnmálamanna um að nema þurfi úr stjórnarskránni ákvæði um Landsdóm. Þeir tala svona án þess að nefna að frumvarpið að nýrri stjórnarskrá sem 2/3 hlutar kjósenda lýstu stuðningi við í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012 geymir í stað gamla ákvæðisins um Landsdóm nýtt ákvæði um ráðherraábyrgð og rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra.

Nú býst Alþingi, sektarnýlendan sjálf sem aðeins 22% kjósenda sögðust treysta 2016 skv. könnun Gallups, til að setja reglur um hvernig refsa beri ráðherrum fyrir brot gegn lögum og stjórnarskrá. Þau virðist ekki varða um að hvort sem ákvæði um Landsdóm í stjórnarskránni frá 1944 eru úrelt eða ekki þá verða menn þar til nýja stjórnarskráin tekur gildi að virða stjórnarskrárvarinn rétt þeirra sem vilja draga brotlega ráðherra fyrir Landsdóm. Hneykslið eftir hrun var ekki að meiri hluti þingsins skyldi ákveða að neyta þessa réttar síns heldur hitt að sumir þingmenn létu lög og rétt sigla lönd og leið þegar til kastanna kom til að hlífa pólitískum samherjum. Það er svarti bletturinn á Alþingi í þessu máli. Nýja stjórnarskráin leysir málið sumpart að bandarískri fyrirmynd þar sem þingnefnd ákveður hvort „hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra“.




# Breytingar snúast um fólk



Sylvía Guðmundsdóttir
MS í mannauðsstjórnun

**Það er mikilvægt að draga af þessu lærdóm og muna að þetta snýst ekki einungis um kostnað, lagaheimildir og pólitík. Þegar upp er staðið snúast allar breytingar um fólk.**

Þegar kemur að flutningi Fiskistofu er auðvelt að týna sér í umræðunni um kostnað, bætt starfstækifæri á landsbyggðinni og pólitík. En hvað með upplifun starfsmanna? Frá tilkynningu í júní 2014 um flutning norður á Akureyri leið rúmt ár þar til endanleg ákvörðun var tekin. Fiskistofustjóri talaði um tímabilið sem „öldurót óvissu“ í ársskýrslu Fiskistofu fyrir árið 2014.

Við gerð meistaraverkefnis greinarhöfundar í mannauðsstjórnun 2016 kom í ljós að óvissan hafði markað sín spor í líðan starfsmanna. Tekin voru viðtöl við níu þáverandi og fyrrverandi starfsmenn Fiskistofu. Samkvæmt niðurstöðum fundu viðmælendur fyrir óvissu og vanlíðan, streitu, minnkandi starfsánægju og reiði svo fátt eitt sé nefnt.

Þó viðtölin hafi farið fram rúmum fjórum mánuðum eftir að ráðherra tilkynnti starfsfólki að það héldi störfum sínum í Hafnarfirði ríkti enn óvissa meðal starfsmanna um framhald mála. Mikið var um að viðmælendur nefndu ótta við skipulagsbreytingar sem hefðu bein áhrif á þeirra störf. Margir hverjir báru ekki traust til orða ráðherra varðandi áframhaldandi starf hjá stofnuninni. Ummæli tveggja viðmælenda bentu til kulnunar í starfi.

Samkvæmt fiskistofustjóra sögðu 11 manns upp vinnunni í beinum tengslum við flutninginn. Þeir sem sátu eftir upplifðu ákveðinn missi og jafnvel örlaði á öfund í garð þeirra sem höfðu haft sig upp úr „þessum graut“ eins og einn viðmælandi orðaði það. Samkvæmt fræðunum má líkja þessu við sorgarmissi sem einstaklingur fer í gegnum við fráfall ættingja eða vinar. Afneitun og reiði sýndu sig í mikilli andstöðu starfsmanna gagnvart breytingunum. Vanlíðan og sorg fylgdi í kjölfarið sem olli því að sumir viðmælenda treystu sér ekki í samskipti við samstarfsfólk heldur kusu einveru og ró í matartímum.

Sumir starfsmenn upplifðu sig verða fyrir persónuárásum og stjórnendur töldu sig hafa tapað virðingu og trausti starfsmanna. Stjórnendur í viðmælendahópnum voru undir mikilli pressu en töldu það starfsskyldu sína að framfylgja skipunum ráðuneytis, jafnvel þó þeim þætti ákvörðunin ekki góð og upplýsingar væru af skornum skammti. Sumir viðmælenda virtust hafa náð ákveðinni sátt en vonuðust þó til að farið yrði um þá mýkri höndum við framkvæmd næstu skipulagsbreytinga.

### Áhrifanna gætti einnig heima

Hræðsla við framhaldið og möguleika á vinnumarkaði einkenndi viðtölin, sérstaklega hjá þeim sem eldri voru og höfðu ekki mikla starfsreynslu utan stofnunarinnar. Áhrifanna gætti einnig heima fyrir. Umræða um þriggja milljóna króna flutningsstyrk breytti litlu fyrir fólk enda fylgir flutningum sem þessum mikið rót á heimilislíf, starf maka, nám barna og samverustundir með öðrum fjölskyldumeðlimum.

Samkvæmt breytingastjórnun eru skynjuð þörf starfsmanna fyrir breytingar og skýr markmiðasetning tveir mikilvægir þættir í velgengni breytinga. Þessa þætti og fleiri skorti hjá Fiskistofu. Enginn viðmælenda taldi þörf á breytingunum og flestir töldu markmiðið eingöngu pólitískt. Lagaheimildir voru ekki til staðar í upphafi og olli það langri töf á málum. Á meðan var upplýsingastreymi til stjórnenda og starfsmanna af skornum skammti. Allt þetta átti sinn þátt í að ýta undir andstöðu starfsmanna, óvissu og vanlíðan.

Því þarf ekki að undrast fréttir um laun og launatengdan kostnað upp á 25 milljónir vegna uppsagna hjá Fiskistofu. Nokkuð sem kannski hefði mátt koma í veg fyrir með betri undirbúningi en líta má á sem mannúðlega leið til að bæta fyrir það sem á undan er gengið. Fiskistofustjóri áætlar að flest störf verði komin til Akureyrar árið 2025. Áhugavert verður að fylgjast með því hversu margir starfslokasamningar verða gerðir fram að þeim tíma með tilheyrandi kostnaði. Það er mikilvægt að draga af þessu lærdóm og muna að þetta snýst ekki einungis um kostnað, lagaheimildir og pólitík. Þegar upp er staðið snúast allar breytingar um fólk.




# Hafa borgaryfirvöld sagt sitt síðasta orð um Iðnó?



Ögmundur Jónasson
fv. alþingismaður



Iðnó í Reykjavík hefur í eitt hundrað og tuttugu ár verið menningarhús Reykvíkinga, verkalýðshús, leikhús, listasmiðja leikhúsfólks, samkomuhús fyrir aðskiljanlega viðburði, ráðstefnustaður, fundarstaður, veitingastaður, veislustaður, erfidrykkjustaður, fermingarveislustaður, allt þetta, og alltaf opið okkur öllum.

Ég hef reynslu af Iðnó svo lengi sem ég man eftir mér, fyrst náttúrlega sem leikhúsgestur og hin síðari ár sem þátttakandi í viðburðum innan veggja Iðnó. Í Hruninu voru oft líflegir umræðufundir í Iðnó.

Ég hef reynslu af því að skipuleggja fundi þar sem ráðherra, þingmaður og sem einstaklingur á eigin vegum án þess að tilheyra tilteknum hópi. Og í stuttu máli þá er reynsla mín af Iðnó góð. Þess vegna sperrti ég eyrun þegar ég frétti að til stæði að borgin segði upp samningi við núverandi rekstraraðila og leitaði á ný mið.

Ég varð mér úti um tilboð þeirra sem vilja taka að sér reksturinn.

Mér skilst að Reykjavíkurborg sækist eftir hærri leigutekjum og fengi þær ef tilboði yrði tekið. En hvað kynni að glatast með því? Hefur þeirri spurningu verið svarað? Hækkar þá leiga til þeirra sem, iðulega af vanefnum, efna til funda eða nýta sér húsið, hópa leiklistarfólks til dæmis, mannréttindahópa eða þeirra sem boða til almennra umræðufunda?

Eða er ætlunin að annars konar starfsemi fari fram í húsinu en hingað til? Ef svo er, þá á sú umræða að fara fram opinberlega því hún er í eðli sínu pólitísk, fjallar um tilgang og markmið.

Greinargerð þeirra sem vilja taka að sér reksturinn á Iðnó er sérkennileg lesning, eins konar auglýsingabæklingur þar sem mikið er gert úr fagmannlegum nefndum og ráðum en án þess að maður verði nokkru nær um hvað raunverulega kæmi til með að breytast, annað en meint fagmennska sem samkvæmt mínum gæðastuðli hefur verið til fyrirmyndar í Iðnó – að ónefndri lipurð og ljúfmennsku.

**Eitt er nokkuð ljóst. Einfaldara verður það ekki fyrir okkur sem höfum staðið fyrir fundum í Iðnó að þurfa að skríða í gegnum nálarauga innlendra og erlendra fagmanna sem dæmi um það hvort við séum húsum hæf.**

Eitt er nokkuð ljóst. Einfaldara verður það ekki fyrir okkur sem höfum staðið fyrir fundum í Iðnó að þurfa að skríða í gegnum nálarauga innlendra og erlendra fagmanna sem dæmi um það hvort við séum húsum hæf:

„Utanaðkomandi hópar eða samtök geta sótt um að halda viðburði í gegn um ákveðið umsóknarferli. Óháð valnefnd mun meta umsóknir og gera tillögur um úthlutun á þriggja mánaða fresti. Umsóknir verða metnar á grundvelli gæða, fjölbreytileika, gildi og hvort þær hæfi húsnæðinu. Um opna viðburði munum við eiga náið samstarf við innlenda og alþjóðlega aðila.“

Þessi texti úr tilboðinu segir sína sögu. En hafa borgaryfirvöld sagt sitt síðasta orð, telja þau sig ekki þurfa að skýra betur út fyrir okkur kjósendum hvað fyrir þeim vakir?

# Allir þurfa súrefni til að lifa



Elfa Dröfn Ingólfsdóttir
sérfræðingur í endurhæfingarhjúkrun lungnasjúklinga og starfar á Reykjalundi

**Súrefniskútar eru þungir og notandinn þarf að gera áætlanir um ferðir sínar og vita hve lengi kúturinn endist. Súrefnisgjöfin sjálf er þannig orðin hindrun við virkni í daglegu lífi. Óskastaða flestra er að fá búnað sem er léttur, endingargóður og þægilegt að ferðast með.**

Í andrúmsloftinu eru ýmsar lofttegundir og af þeim er súrefni um 21%, sem dugar vel til að anna þörfum heilbrigðra. Aftur á móti búa yfir 500 manns á Íslandi við þann veruleika að þurfa daglega viðbótar súrefnisgjöf.

Sjúklingar sem koma í lungnaendurhæfingu á Reykjalund fá mat á því hvort súrefnisskortur er til staðar. Sumir þurfa súrefni allan sólarhringinn en öðrum dugar að hafa viðbótarsúrefni við áreynslu og/eða á næturnar. Við langvarandi súrefnisskort er hætta á versnun annarra sjúkdóma, sem veldur auknu álagi fyrir sjúklinginn og heilbrigðiskerfið. Eingöngu er hægt að gefa súrefni í formi lofts en þá þarf að nota búnað/hjálpartæki sem annaðhvort geymir súrefnið sem lofttegund í kút (súrefniskút) eða þjappar því jafnóðum saman (súrefnissía) og gefur í hærri prósentu en er til staðar í andrúmsloftinu.

Allir sem nota súrefni á Reykjalundi fá hóp- eða einstaklingsfræðslu, þar sem þeim gefst kostur á að ræða um reynslu sína af því að nota viðbótarsúrefni. Farið er yfir bjargráð varðandi súrefnisnotkunina og reynt að styðja fólk í þeirri breytingu sem óneitanlega fylgir. Oft kemur það fram í umræðunni að búnaðurinn/hjálpartækið sem fólk fær úthlutað veldur þeim erfiðleikum í daglegu lífi, s.s. að fara út úr húsi, í félagsstarf, ferðalög og jafnvel í vinnu. Súrefniskútar eru þungir og notandinn þarf að gera áætlanir um ferðir sínar og vita hve lengi kúturinn endist. Súrefnisgjöfin sjálf er þannig orðin hindrun við virkni í daglegu lífi.

### Ekki til nóg af ferðasúrefnissíum

Óskastaða flestra er að fá búnað sem er léttur, endingargóður og þægilegt að ferðast með. Því miður er staðan ekki þannig hér á Íslandi því ekki er til nægjanlegur fjöldi af ferðasúrefnissíum. Mörgum finnst þeim vera mismunað þegar þeir sjá að aðrir í sömu stöðu fá léttan búnað, eða búnað sem þeir sjálfir óska sér.

Stuðla þarf að aukinni samvinnu heilbrigðisstarfsmanna, þjónustuaðila og stjórnvalda og hafa þá í huga „lög um réttindi sjúklinga“ (1997 nr. 74 28. maí). Mikilvægt er að meta þörf hvers og eins súrefnisþega þannig að hægt verði að bjóða öllum þá bestu mögulegu meðferð og búnað sem völ er á á hverjum tíma. Allir þurfa nefnilega súrefni til að lifa. Með góðri samvinnu um þetta mikilvæga réttlætismál má búast við virkari þátttöku súrefnisþega í daglegu lífi, bæta lífsánægju þeirra, þrek og úthald. Þannig má bæta árum við líf sjúklinga og lífi við árin og draga úr kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið því með viðeigandi meðferð má fækka veikindadögum, heimsóknum á heilsugæslu og innlögnum á sjúkrahús.



GERÐU ÞAÐ SEM ÞIG LANGAR
NISSAN
Innovation that excites
NISSAN
JUKE
NISSAN JUKE ACENTA PLUS 4WD
4.190.000KR.
SJÁLFSKIPTING, FJÓRHJÓLADRIF OG 190 HESTÖFL
STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN JUKE ACENTA ER MEÐAL ANNARS:
Íslenskur leiðsögubúnaður, bakkmyndavél, 6 öryggisloftpúðar, ABS með EBD, ESP skriðvörn, ISOFIX barnabílstólafestingar, opnanlegt glerþak, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp með geislaspilara, AUX og USB tengi fyrir MP3 spilara, 18" álfelgur, 60/40 skipting á aftursætum, samlitir speglar og hurðarhúnar, hæðarstilling á bílstjórasæti, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, sjálfvirk loftkæling, hraðastillir (Cruise Control), aksturstölva, rafdrifnir útispeglar, rafdrifnar rúður, þokuljós, varadekk, fjarstýrðar samlæsingar, hraðanæmt vökvastýri.
GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L


KRÓNAN
Krónan mælir með!
LÍFRÆNT VOTTAÐ
-20%
399 kr. pk.
Pink Lady epli, 8 stk. í pakka, Frakkland
Verð áður ~~499~~ kr. pk.
-20%
Gott verð!
399 kr. pk.
Lífræn epli, Piniova,1 kg, Ítalía
Verð áður ~~499~~ kr. pk.
159 kr. kg
Jónagold epli, Holland
Tilboðin gilda til 9. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**239** kr. pk.
Tagliatelle Nests, pasta
Verð áður ~~299~~ kr. pk.

**-20%** af öllum Jamie Oliver vörum!

**319** kr. stk.
Sólþurrkaðir tómatar
Verð áður ~~399~~ kr. stk.

**279** kr. stk.
Pestó og pastasósur
Verð áður ~~349~~ kr. stk.

**199** kr. pk.
Spaghetti og Fusilli, pasta
Verð áður ~~249~~ kr. pk.



Jamie Oliver KEEP IT SIMPLE

Tilboðin gilda til 9. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




**5999** kr. stk.

Anton Berberie önd 3,2 kg, Frakkland

## Önd og andabringur




**3299** kr. kg

Andarbringur, Berberie, Frakkland

-25%



**4499** kr. kg

Ungnauta Rib Eye Nýja-Sjáland

Verð áður ~~5999~~ kr. kg



**2079** kr. kg

Lambahryggur

Krónan mælir með!




**2999** kr. kg

Lambalæri m/sveppum púrtvíni

Tilboðin gilda til 9. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

**Ódýrt**

# KRÓNAN




**1184** kr. pk.

Kjúklingabringur, frosnar, 900 g

**Ódýrt**




**99** kr. stk.

Gestus maís, 340 g




**299** kr. pk.

First Price rifflaðar franskar 1 kg




**239** kr. stk.

Krónu kokteilsósa 400 ml




### Þungmálmar í ryki



# Umhverfismælingar í Helguvík – mikilvægi óháðs mælingaaðila



**Egill Þórir Einarsson**
lektor / yfirmaður rannsóknarstofu

**Það er ekkert til sem heitir „rétt“ niðurstaða í mælingum. Með endurteknum mælingum er reynt að komast sem næst því.**

Umræða um niðurstöður mælingar á mengandi efnum frá verksmiðju United Silicon í Helguvík hafa verið áberandi í fjölmiðlum undanfarna viku og þá einkum um hversu áreiðanlegar slíkar mælingar séu. Orkurannsóknir ehf. sem ábyrgðaraðili þessara mælinga hefur dregist inn í þá umræðu og fengið gagnrýni fyrir að benda á hugsanlega skekkju í niðurstöðum greininga á þungmálmum.

### Umfang mælinga

Orkurannsóknir ehf. hafa annast umhverfismælingar í Helguvík samkvæmt samkomulagi við United Silicon. Orkurannsóknir eru óháður rannsóknaraðili sem starfar innan Keilis. Fyrirtækið var stofnað árið 2010 og er samþykkt af Umhverfisstofnun en kostnaður við þetta tiltekna verkefni er greiddur af United Silicon.

Haustið 2015 voru tekin bakgrunnssýni af mosa, öðrum gróðri, jarðvegi og ferskvatni og í byrjun árs 2016 voru settar upp þrjár mælistöðvar í nágrenni verksmiðjunnar þar sem fram fara símælingar á lofttegundum og ryki. Á tveimur mælistöðvunum er einnig safnað ryk- og úrkomusýnum.

### Vottað mæliferli

Mælibúnaður er vottaður samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisoxíð og örfínt ryk er mælt með sjálfvirkum mælibúnaði á 10 mínútna fresti og eru niðurstöður birtar í rauntíma á vefsíðunni www.andvari.is. Ryksöfnun fer fram með því að draga loft í gegnum síu og er safnað samfellt í sex daga í einu allt árið.

Allir verkferlar eru skilgreindir samkvæmt gæðakerfi Orkurannsókna og rekjanleiki tryggður með skráningum á öllum stigum. Sýni eru send til rannsóknarstofu ALS í Svíþjóð sem fylgir vottuðum mæliaðferðum samkvæmt ISO 9001.

### Mælingar þungmálma

Mælingar á þungmálmum í ryki frá Helguvík hófust í mars 2016 og hafa sýni verið greind mánaðarlega. Fyrsti hluti var frá mars til september 2016, annar frá október til desember 2016 og sá þriðji frá janúar til mars 2017. Á línuritinu er sýnd niðurstaða þessara mælinga.

Í öðrum áfanga mældust gildin fyrir flesta málma um fimmfalt hærri heldur en í fyrsta og þriðja áfanga. Ljóst var að niðurstöður annars áfanga stóðust ekki skoðun um áreiðanleika. Verksmiðjan var ekki gangsett fyrr en um miðjan nóvember 2016 auk þess sem suðlægar áttir voru ríkjandi allt þetta tímabil og vindur því frá mælistöð til verksmiðju. Samanburður á styrk þungmálma í ryki frá mælistöðvum annars vegar og ryki úr útblæstri kísilverksmiðjunnar sýndu allt að 27-falt hærri styrk á arseni í ryki. Undir venjulegum kringstæðum hefðu þessi gildi einfaldlega verið tekin til hliðar þar til frekari mælingar lágu fyrir sem staðfestu eða útilokuðu þau. Aðstæður kröfðust hins vegar skjótra viðbragða og því var tekin ákvörðun um að tilkynna Umhverfisstofnun að um hugsanlega skekkju væri að ræða.

### Hvernig er hægt að fyrirbyggja rangar niðurstöður?

Það er ekkert til sem heitir „rétt“ niðurstaða í mælingum. Með endurteknum mælingum er reynt að komast sem næst því. Við mat á niðurstöðum eru núllpunktsskekkja, kerfisbundin mæliskekkja, mælióvissa og staðalfrávik lykilatriði.

Orkurannsóknir fylgja viðurkenndum ferlum við mælitækni. Þegar hlutir fara úrskeiðis skipta viðbrögðin mestu máli og því verður gripið til eftirfarandi aðgerða:

- Rannsóknarstofa ALS, sem annast greiningar, hefur að beiðni Orkurannsókna hafið rannsókn vegna umræddrar mælingar.
- Samanburðarsýni fyrir ryk verða send til annarra rannsóknarstofa.
- Verkferlar Orkurannsóknar verða yfirfarnir og skráningar auknar.

### Samantekt

Í vinnslu er ársskýrsla fyrir umhverfismælingar í Helguvík fyrir árið 2016. Hún mun lýsa öllum þáttum mælinga sem farið hafa fram, þar á meðal mælingum á jarðvegs-, gróður- og vatnssýnum sem tekin voru haustið 2015. Gerð verður grein fyrir símælingum á lofttegundum og ryki sem hófust í janúar 2016 og samanburður á gildum fyrir og eftir gangsetningu verksmiðjunnar í nóvember 2016.

Þessi skýrsla mun varpa skýrara ljósi á mælanleg áhrif kísilverksmiðju United Silicon á nánasta umhverfi. Umhverfisstofnun hefur falið Orkurannsóknum ehf. að annast skýrslugerðina sem sýnir að fyrirtækið nýtur trausts hjá stofnuninni.

Fólk
Tíska
FIMMTUDAGUR 6. APRÍL 2017



Stefanía búningahönnuður með tvo glæsikjóla sem saumaðir voru í leikhúsinu. MYND/GVA

# Glæsikjólar Ellyjar vakna á ný

Stefanía Adolfsdóttir er búningahönnuður hinnar vinsælu sýningar um Elly í Borgarleikhúsinu. Hún ber ábyrgð á glæsilegum kjólum söngkonunnar sem vekja mikla athygli áhorfenda. Kjólarnir voru saumaðir fyrir sýninguna. →2



**Viktor Hagalín er skotinn í tísku frá fimmta og sjötta áratugnum.**

Tíska →4



KAUPHLAUP
Fallegt, fágað og töff
comma,
SMÁRALIND

Elín Albertsdóttir
elin@365.is




Þrír snillingar starfa í búningadeild Borgarleikhússins auk Stefaníu, þær Maggý Dögg Emilsdóttir, Elma Bjarney Guðmundsdóttir og Ingunn Lára Brynjólfsdóttir. MYND/GVA

Stefanía segir það hafa verið einstaklega skemmtilegt að vinna við þetta verkefni sem hafi verið í senn krefjandi og áhugavert. „Það var nokkuð langur undirbúningur fyrir þessa sýningu. Við byrjuðum að huga að búningum síðasta vor og hugmyndavinnan var alltaf með manni. Ég byrjaði á því að fara yfir allar myndir sem ég gat komist yfir af Elly og samferðafólki hennar. Ég skoðaði gömul blöð og Ljósmyndasafn Reykjavíkur lánaði mér myndir. Síðan var það ég og búningadeildin sem saumuðum kjólana,“ segir Stefanía en hún er forstöðumaður deildarinnar. Með henni starfa þrír sprenglærðir klæðskerar og kjólameistarar.

### Tískusýning á sviði

„Það er ekki oft sem við fáum tækifæri til að sauma glæsikjóla en það var ótrúlega gaman. Við notuðum falleg efni í kjólana sem leikkonan Katrín Halldóra Sigurðardóttir ber einstaklega vel. Mér fannst líka svo gaman að sauma fatnað sem spannar svona breytt tímabil, frá 1955-1995. Tískan breytist ótrúlega mikið á þessum tíma auk þess sem við fylgjum þroska hennar og ferli í gegnum verkið. Leikmyndin breytist ekki og búningar skipta því miklu máli í leikgerðinni. Þannig eru búningar hljómsveitarmannanna hluti af því að sýna hvað tíminn líður,“ útskýrir Stefanía.

Hún segir að það sé vissulega hægt að kaupa gamla kjóla á ebay en hún vildi búa til sína eigin kjóla fyrir þessa sýningu. „Við vildum hafa kjólana eins raunverulega og mögulegt var. Tveir kjólar í sýningunni eru mjög líkir þeim sem Elly átti þegar hún var að koma fyrst fram. Við lögðum áherslu á okkar eigið handbragð í sýningunni sem síðan býr til ákveðna heildarmynd. Flestir kjólarnir voru saumaðir hér, tvo fundum við í búningasafni leikhússins. Allir flottustu kjólarnir urðu til á saumastofunni okkar,“ segir Stefanía.

> **»** Átján búningar voru gerðir fyrir Elly og Katrín Halldóra þarf að vera fljót að skipta um kjól í sýningunni. Einn starfsmaður er henni til hjálpar.

### Leit að efnum

Engir kjólar eru lengur til sem Elly átti. Stefanía segist hafa búist við í upphafi að hún þyrfti að gera sér ferð til London til að kaupa efni í kjólana. „Síðan fann ég í safninu okkar tvo gamla efnisstranga sem hentuðu mjög vel. Efnið var frá sjötta áratugnum og það var sérstaklega gaman að sauma úr því. Það gerði kjólinn svo eðlilega gamlan. Ég átti síðan leið til Berlínar í einkaerindum og rakst á efni þar sem ég tók með mér heim. Það er ekki mikið úrval hér á landi af svona efnum en ég fann samt í tvo kjóla. Ég litaði það og meðhöndlaði þannig að það leit út fyrir að vera gamalt,“ segir Stefanía en samtals eru átján búningar sem Elly ber á sviðinu.

### Tjull og brjóstasaumar

Á sjötta áratugnum voru kjólar stangaðir sérstaklega yfir brjóst og mikið tjull var undir þeim. Stefanía segir að þær hafi farið algjörlega eftir gömlum sniðum og leiðbeiningum þessa tíma. „Við lögðum mikla vinnu í að stúdera kjólana og sniðin. Það er ótrúlega hæfileikaríkt fólk hér á búningadeildinni sem á langt nám að baki í sniðagerð, búningasögu og kjólasaum og getur framkallað kraftaverk fyrir hverja sýningu. Tjullpilsin pöntuðum við reyndar að utan. Okkur fannst ákaflega krefjandi að ná búningum þannig að áhorfendur gætu ferðast um tímann. Ég kveið mest fyrir að gera fötin frá níunda áratugnum. Það lukkaðist vel enda var Elly alltaf ákaflega elegant. Sjálf hafði hún áhuga á tísku og fylgdist vel með allt frá fyrstu tíð.“

### Ör fataskipti

Stefanía segir að það hafi verið mikil gleði í vinnunni þegar þær fóru aftur á bak í tíma í kjólasaumi. „Okkur langaði til að gera meira en minna, þetta var svo gaman. Við urðum einnig að hafa í huga að Katrín Halldóra er alltaf á sviðinu og þarf að geta skipt um föt á mjög stuttum tíma. Það þarf starfsmaður að vera baksviðs í sýningunni til að hjálpa henni í skiptingum,“ segir Stefanía sem er þessa dagana að yfirfara búninga í Mamma Mia! sem er að fara aftur í sýningu. „Það er mikill fjöldi sýninga að baki og því nauðsynlegt að endurnýja og laga. Síðan förum við á búningadeildinni að vinna að sýningum næsta vetrar. Það er alltaf nóg að gera hér og aldrei verkefnaskortur. Starfið er skemmtilegt, ekkert verkefni eins.“


Katrín Halldóra Sigurðardóttir í hlutverki Ellyjar á sviði. Passað er upp á hvert smáatriði, kjól, förðun, hárgreiðslu og hanska.

> **»** Elly hafði sjálf mikinn áhuga á tísku og lagði mikið upp úr að vera vel til fara á sviðinu.







**Guerlain kynning í Lyfjum og heilsu 6.– 9. apríl**

Guerlain sérfræðingur verður á staðnum og veitir persónulega ráðgjöf.

Komdu og kynntu þér vörur frá einu elsta og virtasta snyrtivörumerki í heimi.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa Kringlunni










# Hrifinn af tísku fortíðarinnar

## Einu sinni átti Viktor Hagalín stærsta safn af Supra-skóm á landinu. Síðar seldi hann öll pörin og er í dag helst skotinn í fatatískunni frá fimmta og sjötta áratug síðustu aldar.

Viktor Hagalín starfar hjá nýlega stofnuðu ferðaþjónustufyrirtæki sem heitir Tripical en fyrirtækið tók þátt í HönnunarMars nýlega í samstarfi við hönnunarfyrirtækið Happie furniture. Sannarlega óvenjulegt samstarf en Happie furniture smíðaði allar borðplötur fyrir Tripical þegar fyrirtækið flutti inn í nýtt og tómt húsnæði í Borgartúni. „Vegna mikillar vináttu sem myndaðist á milli okkar ákváðum við að henda í smá samstarfsverkefni á HönnunarMars sem fékk nafnið Happical. Sýningin fékk mjög góða aðsókn og gekk vel," segir Viktor.

Áhugi Viktors á tísku kviknaði fyrir nokkrum árum þegar allir í kringum hann gengu í hjólabrettafatnaði og Supra-skóm. „Ég var fastakúnni í Noland í Kringlunni og átti stærsta safn af Supra-skóm á landinu á tímabili eða um 18 pör. Síðan er ég búinn að selja þau öll og er farinn að klæða mig meira eftir gömlu tískunni. Undanfarið hef ég verið pínu skotinn í fatatískunni frá fimmta og sjötta áratug síðustu aldar, þar sem menn voru mikið í jarðlitum og þegar það þótti eðlilegt að allir væru alltaf fínt klæddir. Það er bara eitthvað svo flott við það að vera í töff jakkafötum með vesti og klæða sig aðeins öðruvísi en meðal B5-djammarinn."

**Hvernig fylgist þú með tískunni?** Uppáhaldsmiðillinn minn til að finna flíkur er Pinterest. Ef maður kann að slá inn réttu leitarorðin þá er þessi miðill algjör snilld.

**Hvað einkennir helst klæðnað karla í dag?** Í dag klæðast karlmenn á mínum aldri rosalega mikið „streatwear" fatnaði sem búðir eins og Smash og Húrra selja en sú tíska hentar ekki mínum fatastíl.

**Áttu uppáhaldsverslanir?** Ég versla lítið á Íslandi. Bæði því föt eru dýr hér og framboðið er lítið. Því kaupi ég öll mín föt í Búlgaríu en þar eru merkjavörur um 70% ódýrari. Ég held mikið upp á búðir eins og Massimo Dutti, Mango og Banana Republic.

**Eyðir þú miklu í föt miðað við jafnaldra þína?** Gullna reglan mín er að eyða þrisvar sinnum meira í föt en kaupa þrisvar sinnum færri flíkur. Með smá hugsun er nefnilega hægt að búa til margar góðar fatasamsetningar úr einföldum fataskáp.

**Áttu uppáhaldsflík?** Uppáhaldsflíkin mín er rauði flauelsjakkinn minn en hann var sérsaumaður fyrir mig af einum virtasta klæðskera Indlands. Sá hefur t.d. saumað allt á Shah Rukh Khan sem er stærsta kvikmyndastjarna Indlands.

**Notar þú fylgihluti?** Mér finnst gaman að skipta á milli nokkurra armbanda sem ég á og svo eru úr alltaf skemmtilegur fylgihlutur.

**Hvað er helst í vændum hjá þér á árinu?** Við hjá Tripical bjóðum upp á beint flug til Búlgaríu og Króatíu í sumar og erum að kynna landsmönnum þessu nýja valkosti. Búlgaría hefur þann skemmtilega kost að vera einstaklega fallegt og menningarríkt land á sama tíma og verðlag er með því lægsta í allri Evrópu. Króatía er algjör paradís og frábær áfangastaður fyrir þá sem eru áhugasamir um fornminjar. Sjórinn þar er einn sá tærasti í Evrópu og þess vegna ætla ég að eyða nokkrum vikum næsta sumar í að sigla á milli eyja Króatíu og slappa af. Fyrir þá sem vilja fylgjast með mér á ferðalögum um heiminn er hægt að fylgja mér eftir á Instagram(@viktorhagalin).




Viktor Hagalín klæðist hér sérsaumaða uppáhaldsjakkanum sínum frá klæðskeranum á Indlandi. Buxur og skyrta eru frá Sand og keyptar í Búlgaríu. MYNDIR/ANTON BRINK

> Það er bara eitthvað svo flott við það að vera í töff jakkafötum með vesti.
>
> Viktor Hagalín



Buxurnar og peysan eru frá Massimo Dutti en skyrtan frá Banana Republic.


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
Cube Reaction Gtc SL
VEE TIRE CO.
TAKE YOURSELF FURTHER
CUBE HYBRID
CUBE RACE
CUBE 29"
Tacx
Xenofit
www.xenofit.de
ParkTool
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
BEETELITE
NeOSHOT
CUBE
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00

# Listagyðjan fékk jakka

## Tanja Leví og Loji Höskuldsson hönnuðu íþróttaföt sem sameina list og íþróttir eftir að hafa upplifað ósamstöðu milli þessara tveggja heima.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Listagyðjan okkar var Ólafur Stefánsson handboltamaður. Hann er í senn afreksmaður í íþróttum og skapandi í hugsun en þetta tvennt er rauði þráðurinn á bak við línuna,“ segir Tanja Leví Guðmundsdóttir fatahönnuður en hún og Loji Höskuldsson myndlistarmaður sýndu íþróttafatalínuna „Upp með sokkana“ á HönnunarMars við góðar undirtektir.

„Óli addaði okkur meira að segja á Facebook. Við vorum alveg í skýjunum með það og gáfum honum jakka. Okkur langar að vinna með íþróttafólki og biðlum til ÍSÍ um að hafa endilega samband. Fram undan er framleiðsla á völdum flíkum úr línunni og frekari þróun á stærri línu af sérhæfðari íþróttafatnaði,“ segir Tanja.

Af hverju íþróttagalli?

„Við Loji eigum sameiginlegan bakgrunn úr íþróttum. Hann var í fótbolta og ég í handbolta og svo förum við bæði í skapandi nám. Við vildum sameina þessa heima,

> **Óli addaði okkur meira að segja á Facebook. Við vorum alveg í skýjunum með það og gáfum honum jakka. Okkur langar að vinna með íþróttafólki.**

við höfðum nefnilega bæði upplifað einhvers konar óáþreifanlega ósamstöðu milli þessara greina. Ekki endilega illindi, en okkur fannst vanta meira samtal og samstöðu. Við gerðum rannsókn á landsliðsbúningum þjóða á Ólympíuleikunum og komumst að raun um að það var alltaf landsliðið í hönnun í hverju landi sem hannaði búningana. Þetta fannst okkur fallegt samstarf og spurðum okkur, af hverju er þetta ekki tilfellið á Íslandi? Af hverju er ekki meira samstarf milli þessara greina? Við gerðum því tillögu að nýjum landsliðsbúningum sem eru sameiningartákn lista og íþrótta.“



Tanja Huld Levý og Loji Höskuldsson gáfu listagyðjunni Ólafi Stefánssyni jakka úr nýju línunni. MYND/ERNIR



Vindjakki innblásinn af veðurkorti. Veðurpílurnar eru úr endurskinsefni. MYND/EYGLÓ GÍSLADÓTTIR



Fagurfræðin í íþróttavöllum sem búið er að strika á línur fyrir ólíkar íþróttir heillaði hönnuðina. MYND/EYGLÓ GÍSLADÓTTIR

Innblásturinn sóttu þau ekki í fánalitina eins og venjan er með landsliðsbúninga heldur í hversdaglegan, íslenskan veruleika, veðrið og veislur.

„Við skoðuðum veðurkort og stormviðvaranir sem hægt er að fylgjast með í beinni en með fagurfræðina í huga. Gerðum vindjakka með vindkorti og höfðum vindpílurnar úr endurskinsefni. Þá heillaði okkur fagurfræðin í íþróttavöllum sem búið er að strika á línur fyrir ólíkar íþróttir. Brauðtertan finnast okkur einkennandi fyrir íslenskar veislur og hún varð að munstri á sundbol,“ segir Tanja.

„Það voru allir kátir með þetta á HönnunarMars. Fyrst og fremst var gaman og fallegt að sjá hvað margir tengdu við þetta, líka fólk sem hefur kannski ekki sérstakan áhuga á fötum.“



Sundbolur með brauðtertumunstri. MYND/EYGLÓ GÍSLADÓTTIR


## „Íslensk ber eru ofurfæða“

Segir Eyjólfur Friðgeirsson eigandi Íslenskrar hollustu ehf.
Rannsóknir benda til að regluleg bláberjaneysla geti haft fyrirbyggjandi áhrif á krabbamein, alzheimer og hjartakvilla. Þekkt er að berin hafa mjög góð áhrif á heilbrigði augnanna. Í þeim er mikið af andoxunarefnum.

Nýlegar rannsóknir í Háskólanum í Exeter á Englandi hafa leitt í ljós að heilbrigt fólk á aldrinum 65 til 77 ára, sem drakk saft úr bláberjum á hverjum degi fékk bætt minni, blóðflæði til heilans jókst og prófun sýndi aukna heilastarfsemi.
Dr. Joanna Bowtell, yfirmaður Íþrótta og heilsuvísinda Háskólans í Exeter, sagði:“Í þessari rannsókn höfum við sýnt fram á að dagleg neysla á 30 ml af bláberjasafa í tólf vikur eykur blóðflæði heilans og starfsemi hans batnar.”

Íslensk hollusta ehf er stærsti seljandi íslenskra berja hér á landi. Á undanförnum árum hefur fyrirtækið verið með á hverju hausti 10 til 12 tonn af berjum. Berin eru seld fersk á haustin og frosin allt árið.
Frosin ber frá fyrirtækinu í eru seld í Bónus, Melabúðinni, Fjarðarkaupum, Frú Laugu og fleiri verslunum. Mikið af berjum er selt til veitingahúsa, brugghúsa og fl.

Fyrirtækið vinnur sultur úr íslenskum aðalbláberjum, bláberjum, krækiberjum og hrútaberjum. Sulturnar innihalda 80% ber og mjög lítið af sykri eða aðeins 20%. Úr krækiberjum er gerður hrásafi sem er 100% hreinn safi án nokkurra viðbættra efna.

Eðalsaft frá Íslenskri hollustu ehf er gerð úr aðalbláberjum og bláberjum. Saftin er ekki soðin og heldur því fersku náttúrulegu bragði og öllum innihaldsefnum óskemmdum. Í eðalsaftinni er viðbættur sykur um 7%. Fyrirtækið þurrkar aðalbláber við lágan hita og selur þau í duftformi og einnig í hylkjum til inntöku.






VOR 2017
VÖÐLUPAKKAR
ALDREI MEIRA ÚRVAL
ALDREI BETRA VERÐ
NÝTT
NÝTT
NÝTT
SIMMS
FREESTONE
Fjögurra laga öndunarvöðlur.
FREESTONE skór með filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
59.900 KR.
REDINGTON
SONIC PRO HDZ
öndunarvöðlur með vatnsheldum rennilás.
PROWLER skór.
Þú velur um gúmmí eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
69.995 KR.
REDINGTON
SONIC PRO HD
Öndunarvöðlur.
PROWLER skór.
Þú velur um gúmmí eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
59.995 KR.
REDINGTON
SONIC PRO
Öndunarvöðlur.
PALIX skór.
Þú velur um gúmmí eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
49.995 KR.
REDINGTON
PALIX
Öndunarvöðlur.
PALIX skór.
Þú velur um gúmmí eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
32.995 KR.
NÝTT
REDINGTON
CROSSWATER
Öndunarvöðlur.
PALIX skór.
Þú velur um gúmmí eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
26.995 KR.
REDINGTON
WILLOW RIVER
DÖMUSNIÐ
Öndunarvöðlur.
WILLOW RIVER skór.
Þú velur um gúmmí eða filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
32.995 KR.
REDINGTON
SIREN
DÖMUSNIÐ
Öndunarvöðlur.
Siren skór með filtsóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
45.995 KR.
REDINGTON
CROSSWATER YOUTH
Öndunarvöðlur í BARNA- OG UNGLINGASTÆRÐUM.
CROSSWATER YOUTH
Skór með gúmmísóla.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
22.995 KR.
MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN
PANTAÐU Í NETVERSLUN OKKAR OG VIÐ SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND Í APRÍL.
OPIÐ:
VIRKA DAGA
9:00 TIL 18:00
LAUGARDAGA
11:00 TIL 15:00
Veiðimaðurinn
1940
KRÓKHÁLSI 4 • SÍMI 517 8050
Veidimadurinn.is
VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLA 8 • SÍMI 568 8410
Veidihornid.is
OPIÐ ALLA DAGA:
VIRKA DAGA
9:00 TIL 18:00
LAUGARDAGA
11:00 TIL 16:00
SUNNUDAGA
11:00 TIL 15:00

# Indversk Baywatch fegurðardís



**Indverska Bollywood-stjarnan Priyanka Chopra hefur stigið skrefið frá Bollywood til Hollywood og leikur í nýrri Baywatch-mynd. Hún var nýverið valin önnur fegursta kona heims af samfélagsmiðlinum BuzznNet.**

Priyanka Chopra, sem er 34 ára, er annáluð fyrir fegurð enda hlaut hún árið 2000 titilinn fegursta kona heims í Miss World. Í dag starfar hún sem leikkona, söngvari og framleiðandi auk þess sem hún er annáluð fyrir störf í þágu mannúðarmála en hún hefur til dæmis starfað með UNICEF í áratug og er mikill talsmaður kvenréttinda.

Hún er ein vinsælasta og launahæsta stjarna Indlands og hefur hlotið ógrynni verðlauna í gegnum tíðina. Tímaritið Time útnefndi hana eina af hundrað áhrifamestu manneskjum heims í fyrra.

Hugur Chopra stefndi upphaflega ekki til leiklistar heldur ætlaði hún að læra geimverkfræði. Í kjölfar fegurðardrottningartitilsins fékk hún fjölmörg tilboð frá Bollywood sem hún greip.

Chopra er einnig orðin þekkt í vestrænum ríkjum sér í lagi eftir að hún fór að leika Alex Parrish í þáttunum Quantico á ABC-sjónvarpsstöðinni. Nýjasta verkefni hennar er hlutverk í nýju Baywatch-myndinni sem frumsýnd verður í maí. Myndin byggir á þáttunum vinsælu en þar leikur Chopra á móti Dwayne Johnson, Zac Efron, David Hasselhoff og Pamelu Anderson.






Priyanka Chopra er ein vinsælasta og hæst launaða stjarna Indlands og hefur hlotið ógrynni verðlauna í gegnum tíðina. Tímaritið Time útnefndi hana eina af hundrað áhrifamestu manneskjum heims í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY

PÁSKABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Hið árlega Páskablað Fréttablaðsins kemur út miðvikudaginn 12. apríl ( daginn fyrir Skírdag )

Í blaðinu munu lesendur finna allt milli himins og jarðar sem tengist páskahaldinu.

Hátíðarmaturinn spilar stóra rullu. Matgæðingar gefa góðar hugmyndir af veislumatnum og páskasteikinni.

Afþreying um páskana. Farið er yfir hvaða þá afþreyingu sem er í boði páskana víðsvegar um landið
Hátíðardagskrá kirkjunnar. Spjallað er við kirkjunnar þjóna um páskahaldið og þá hátíðardagskrá sem er í kirkjum landsins

Fjölskyldan um páskana. Spjallað er við skemmtilegt fjölskyldufólk sem á sínar ýmsu hefðir um páskana.
Páskaeggjaleit með ýmsum afbrigðum, skemmtilegar páskaskreytingar sem fjölskyldan vinnur saman, gönguferðir og útivist og ýmislegt annað skemmtilegt sem fólk gerir yfir hátíðina.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512 5402 eða með því að senda póst á netfangið serblod@365.is



# MIÐNÆTURSPRENGJA

**20%**

**afsláttur af öllum vörum**



**NÝ SENDING**

**COSMO**

**Kringlunni**







Töff hár sem hægt er að greiða á ótal vegu.



# Óhrædd við breytingar

Scarlett Johansson er ófeimin við að breyta til og prófa nýja hárgreiðslu. Hún hefur áhuga á stjórnmálum og smyglaði einu sinni brjóstapumpu inn á Óskarsverðlaunahátíðina.

Scarlett Johansson hefur verið í sviðsljósinu að kynna nýjustu mynd sína, Ghost in the Shell, sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum landsins. Myndin er byggð á þekktri, japanskri teiknimyndasögu og Scarlett leikur aðalhetjuna.

Hún hefur leikið í fjölda ólíkra mynda í gegnum árin en ein fyrsta myndin hennar er Home Alone 3 þar sem hún var í aukahlutverki. Scarlett hlaut heimsfrægð fyrir hlutverk sitt í Lost in Translation árið 2003 en undanfarin ár hefur hún einbeitt sér að því að leika ofurhetjur í Avengers-myndunum. Á næsta ári sjáum við hana enn á ný í hlutverki Natasha Romanoff í Avengers: Infinity War en tökur standa nú yfir.

Á sínum tíma hafði hún áhuga á að taka að sér aðalkvenhlutverkið kvikmyndinni The Girl with the Dragon Tattoo en hreppti ekki hnossið því hún þótti of kynþokkafull. Hún er ein hæst launaða leikkona í heimi en í fyrra var hún í öðru sæti á eftir Jennifer Lawrence.

## Töffaralegt útlit

Í gegnum tíðina hefur Scarlett verið óhrædd við að prófa nýja hárgreiðslu og háralit en hún hefur státað af rauðu, ljósu og dökku hári síðasta áratuginn. Hún virðist geta haft hvaða háralit sem er því allir litir fara henni jafnvel.

Þessa dagana er hún með ljóst hár og stutta, töffaralega klippingu. Hún hefur verið gestur í hverjum spjallþættinum á fætur öðrum að kynna Ghost in the Shell og í hvert sinn státar hún af nýrri hárgreiðslu. Þótt hárið sé stutt er greinilega hægt að móta það á marga vegu, bæði í mjúkar línur og líka aðeins stífari greiðslu.

## Áhugi á stjórnmálum

Scarlett hefur lýst því yfir að hún hafi áhuga á að taka þátt í stjórnmálum en hún studdi Obama opinberlega og einnig Hillary Clinton í síðustu forsetakosningum í Bandaríkjunum.

Stutt er síðan Scarlett Johansson komst í heimsfréttirnar þegar sú fregn barst að hún hefði sótt um skilnað frá eiginmanni sínum til nær þriggja ára, Romain Dauriac. Þau eiga dóttur sem fæddist 2014 en þegar sú stutta var fimm mánaða smyglaði Scarlett brjóstapumpu inn á Óskarsverðlaunahátíðina.



CE
Virkar á MOSA og VRE sýkingar
- Bakteríueyðandi plástur -
Fyrirbyggir og eyðir sýklum í sárum
Áhrifarík sárameðferð án sýkladrepandi efna.



Sorbact® - Græn sáralækning
Fyrir tilstilli vatnsfælni bindast sárasýklar við umbúðirnar, verða óvirkir og hætta að fjölga sér, án sýkladrepandi efna. Skaðar ekki nýjar frumur. Ótakmörkuð notkun á allar tegundir sára. Dregur úr sársauka. Engar aukaverkanir. Vatnsheldur og ofnæmisfrír límflötur.
Þolir íþróttir, leiki, sturtuböð og sund. Krumpast ekki á köntum.
Fæst í apótekum | Celsus ehf. | www.celsus.is
sorbact® green wound healing

GLAMOUR
Glæsilegasta tískutímarit landsins
GLAMOUR fylgir nú með Stóra- og Risapakkanum



Kynntu þér málið á 365.is
365


20-50% afsláttur
af völdum vörum!
Glerárhlaup og Miðnætur-sprengja!
Stærðir 36-56
20% afsláttur af öllum
ÚLPUM OG BUXUM!
FRÁBÆR tilboð á Miðnætursprengju Kringlunnar og á Glerárhlaupi á Glerártorgi!
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st.36-46
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.42-56
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st.S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 2.990 NÚ 1.990 st.S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
TOPPUR ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.42-56
Einnig til í fjólubláu og bláu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 st.36-56
PLEÐUR BUXUR ÁÐUR 11.990 NÚ 9.592 st.34-50
SKOKKUR ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st.36-46
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.42-56
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

Robell - stretch buxur




kr. 7.900.-
Str. 36-52
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030






Félagarnir Barnaby og Ben Jones. Ör skipti hafa verið á aðstoðarmönnum hjá Barnaby en Ben entist lengst, eða í sex ár.

# Barnaby í tuttugu ár

**Rannsóknarlögreglumaðurinn Barnaby á mikinn fjölda aðdáenda. Þættirnir fagna nú tuttugu árum og eru alltaf jafnvinsælir.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Það má segja að danska ríkissjónvarpið dr.dk standi sig einstaklega vel þegar kemur að Barnaby-þáttum. Aðdáendur sem eru með þá stöð geta yfirleitt fundið Midsomer Murders þar í hverri viku. Englendingar eru sömuleiðis öflugir í sýningum á þáttunum. Hér á landi hefur þessum aðdáendahópi ekki verið sinnt sem skyldi því Barnaby birtist afar slitrótt á skjánum. Fyrsti Midsomer Murders þátturinn fór í loftið hjá ITV-sjónvarpsstöðinni í Bretlandi 23. mars 1997. Þátturinn var byggður á bók Caroline Graham um Chief Inspector Barnaby. Leikarinn John Nettles fór með hlutverk Barnaby til ársins 2011 en þá tók Neil Dudgeon við hlutverkinu. Þegar nýjustu þættirnir voru frumsýndir í janúar á þessu ári enduðu þeir á númer 114. Framhald er væntanlegt.

### Bæir með sjarma

Litlu ensku bæirnir sem koma við sögu í þáttunum spila stóru rullu. Fagurt umhverfi sem að mestu er í Oxfordshire dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna ár hvert. Sömuleiðis eru skipulagðar Barnaby-ferðir afar vinsælar. Sumir bæir, líkt og Dorchester on Thames, hafa yfir sér mikinn sjarma. Alls eru 50 staðir í Oxfordshire og Buckinghamshire sem hafa verið notaðir við tökur á Midsomer Murders, jafnt pöbbar, söfn, kirkjur, verslanir og íbúðarhús. Midsomer er vitaskuld skáldað nafn og bærinn Causton heitir í raun Wallingford og er ákaflega skemmtilegur bær. Það er þess vegna ekkert hættulegt að heimsækja þessa fallegu staði.

### 222 morð

Barnaby hefur haldið vinsældum sínum í hverri þáttaröð sem sýnd er. Í síðustu seríu voru áhorfendur í Bretlandi 4,9 milljónir. Frá því þættirnir hófust og til ársins 2016 höfðu 222 morð verið framin í Midsomer auk ellefu dauðsfalla vegna slysa, ellefu sjálfsmorða og sjö eðlilegra dauðsfalla. Morðvopnin eru mismunandi, krikketkylfa, eldglóandi járn, pottar og pönnur, gallaður hljóðnemi, rafmagnsleiðsla, spjót, fljótandi nikótín, eitraðir sveppir, rakvél, hamar og eitraðir drykkir svo eitthvað sé nefnt. Í þáttunum hafa komið fram 942 leikarar og 22 þúsund aukaleikarar. Það tekur fimm vikur að taka upp hvern þátt. Þættirnir eru seldir til meira en 200 landa.

Áður en John Nettles tók að sér að leika Barnaby hafði hann verið í aðalhlutverki sem Bergerac. Hann hætti að leika Barnaby 67 ára að aldri en sést núna í þáttunum Poldark sem hafa náð miklum vinsældum.



Barnaby yngri er leikinn af Neil Dudgeon. Hann tók við starfinu 2011. Nýjasti aðstoðarmaðurinn er hinn ungi Nick Hendrix.

### Margir aðstoðarmenn

Eins og aðdáendur vita skiptir Barnaby nokkuð oft um aðstoðarmenn. Það er þó ekki vegna þess hversu hættulegt er að búa í Midsomer. Sá fyrsti var Gavin Troy (Daniel Casey). Síðan kom Dan Scott (John Hopkins), þá kom Ben Jones (Jason Hughes) sem starfaði með Barnaby í sex ár eða lengst allra aðstoðarmanna. Margir söknuðu Bens þegar hann ákvað að hætta í þáttunum stuttu eftir að Barnaby eldri eða John Nettles ákvað að yfirgefa þá. Jason Hughes hefur sagt frá því í viðtali að það hafi verið of mikið álag fyrir sig að leika í þáttunum. Hann býr í Brighton og fór á milli til Oxfordshire daglega á meðan á tökum stóð.

Næsti aðstoðarmaður er Charlie Nelson (Gwilym Lee). Hann var aðeins í tveimur seríum og lauk sínum Barnaby-ferli í lok átjándu seríu.

Nýjasti aðstoðarmaður Barnaby þykir ákaflega glæsilegur ungur maður, Nick Hendrix, 32 ára. Hann leikur með Neil Dudgeon í nýjustu seríunni undir nafninu DS Jamie Winter. Nick hefur aðallega leikið í leikhúsum í London og hann segir það mikinn heiður að fá að leika aðstoðarmann Barnaby í þessum vinsælu þáttum. Svo er bara að bíða og sjá hverjir verða fyrstir á Norðurlöndum til að sýna nýjustu þáttaröðina.

# VORKOMAN Í NÁND

## SUMARYFIRHAFNIR OG SPARIDDRESS

## BETTY BARCLAY - GERRY WEBER




















VORMARKAÐUR HAFINN
HJÁ LAXDAL LAUGAVEGI

50%-60%-70% afslættir









**NÝ GLÆSILEG VERSLUN SKIPHOLTI 29B**

BERNHARD LAXDAL

**Laugavegi 63 • Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



LAND ROVER Discovery se diesel. Árgerð 2015, Ekinn 35 Þ.KM, Dísel, Sjálfskiptur. LÆKKAÐ VERÐ. STAÐGREIÐSLUVERÐ 9.290.000. Rnr.288661.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**




**SUZUKI**



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



**NÝR DISEL BÍLL !!!**
NISSAN NOTE ACENTA TREND DISEL árg 2016 nýr bíll, 5 gíra, álfelgur, Íslenskt leiðsögukerfi, bluetooth, vetrar og sumardekk, ofl,ofl. eyðsla 4L, kostar nýr 2890 þús, möguleiki á 90% láni, tilboðsverð 2190 þús !!! gsm 893-9500

## 500-999 þús.



**TILBOÐ 850 ÞÚS - 100% LÁN Í BOÐI**
VOLVO V50 1,8 16V 2/2005 ek.155 þús, beinskiptur, sk.18, 17" álfelgur á nýjum heilsársdekkjum, flottur bíll, ásett verð 990 þús TILBOÐ 850.000.- möguleiki á 100% láni s.841 8955



**TILBOÐ 690 ÞÚS - 100% LÁN Í BOÐI**
SUZUKI GRAND VITARA 4X4 10/2005 ek.149 þús, sjálfskiptur með dráttarkrók, ný skoðaður 18, ásett verð 920 þús TILBOÐ 690.000.- möguleiki á 100% láni s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér líst vel á. Uppl. s. 691 9374.

## Bátar

**MARÁS**
**TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR**




| | |
|---|---|
| **Léttir** | **Kraftmiklir** |
| **Fyrirferðalitlir** | **Sparneytnir** |
| **Hljóðlátir** | **3,5-250 hö** |

**Miðhraun 13 - 210 Garðabær**
**Sími: 555 6444 - www.maras.is**



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

Símaspá, spáí í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSASMIÐIR GETA BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM**
Húsasmiðir geta bætt við sig verkefnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Uppsláttur og öll almenn trésmíðavinna, innan- sem utanhúss. Meistararéttindi og Byggingastjórn.

Kristján 8575000

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

# NÝIR BÍLAR Á LÆGRA VERÐI!

**KOMDU VIÐ OG PRÓFAÐU**




**Yaris Hybrid**
**Edition S**

**AÐEINS KR.**
**2.490**
**ÞÚSUND**

**VEL BÚINN BÍLL**

- Sjálfskiptur
- Bakkmyndavél
- Akgreinavari
- Árekstrarvari
- Bluetooth
- 15" álfelgur
- Hiti í sætum

...og margt fleira

**Til afgreiðslu núna – Komdu og prófaðu – Allt að 90% lán – Skoðum með uppítöku á notuðum bílum**

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

**opið í dag 10-18**
**kaffi á könnunni**

**STÓRA BÍLASALAN**
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569

## Nudd

Nútímanudd, Slökunarnudd og Bowen meðferð verkjalausn fyrir þig Tímapöntun í síma 888-0969 Ragnheiður

## Spádómar

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

**KG HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**KÖKUHORNIÐ**
Röskur starfskraftur óskast í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind sem fyrst. Sveigjanlegur vinnutími. Íslenskukunnátta skilyrði.
**Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 milli kl. 9-18 og kokuhornid@kokuhornid.is**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:
N1 olís nettó BÓNUS Samkaup úrval Samkaup strax Kjörbúðin

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI GRAFARVOGS
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

EYJALIND
Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.

**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

vélastilling
Auðbrekku 19 - 200 Kópavogi - Sími 554 3140 - velastilling@simnet.is
Alhliða bílaverkstæði


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Fasteignir


**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Bólstaðarhlíð 48**




**Opið hús í dag fimmtudag frá kl 17:15 – 17:45**
4ra herbergja íbúð á 2. hæð í mjög góðu nýlega viðgerðu og máluðu fjölbýli. Endurnýjaðir gluggar og gler (að mestu). Frábær staðsetning. Mjög gott skipulag. Grunn- og leikskólar í göngufæri og stutt í alla þjónustu. **Verð: 40,9 millj.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík



**Mýrargata 26**



**OPIÐ HÚS**
**fimmtudaginn 6. apríl kl.17:40-18:30**


**Jason Kristinn Ólafsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is


**Óskar R. Harðarson**
hdl og lögg. fasteignasali
sími: 569 7000
oskar@miklaborg.is

Glæsileg 5 herbergja íbúð við Mýrargötu 26 merkt 505 á 5. hæð í lyftuhúsi auk stæðis í bílageymslu.

Íbúðin er skráð 161,6 fm að stærð. 4 svefnherbergi og 2 baðherbergi Vandað parket og flísar er á gólfum sem er með gólfhitakerfi.

Útsýni yfir Reykjavíkurhöfn, til sjávar og Esjunnar.

Verð: **112,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


## Húsnæði óskast

**Ártúnsholt / Árbær**

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**

## Tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulagi fyrir Kaldársel, Kaldárbotna, Gjárnar og Ásvallabraut

**Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Kaldársel, Kaldárbotnar og Gjárnar**

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. 11.2016 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Kaldársel, Kaldárbotna og Gjárnar skv. 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010.**

Deiliskipulagið afmarkast í norðri af náttúruvættinu Kaldárhraun og Gjárnar og liggur að deiliskipulagi Sléttuhlíðar auk nær það yfir brunnsvæði vatnsverndar í Kaldárbotnum. Alls 257 ha að stærð. Samhliða verða gerðar óverulegar breytingar á mörkum deiliskipulagsáætlana fyrir Sléttuhlíð og Höfðaskóg – Hvaleyrarvatn.

**Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Ásvallabraut**

**Bæjarstórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. 02.2017 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Ásvallabraut, tengingu Valla og Áslands skv. 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010.**

Deiliskipulagið sýnir legu Ásvallarbrautar sem nær frá Skarðshlíð (áður Vellir 7) og tengist Kaldárselsvegi til norðurs við Hlíðarþúfur, mörkin ná út fyrir raskað land vegna stígs norðan við veglínu og manar ásamt fyllinga sunnan við veglínu.

Tillögurnar ásamt greinargerðum ásamt breytingum fyrir Sléttuhlíð og Höfðaskóg – Hvaleyrarvatn verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2 frá 06.04 – 18.05.2017. Einnig er hægt að skoða tillögurnar á **hafnarfjordur.is**

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar eða á netfangið: **berglindg@hafnarfjordur.is** eigi síðar en 18.05.2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

## Tilkynningar

**AUGLÝSING**
**Um deiliskipulag íbúðabyggðar fyrir Aragerði 4 í Sveitarfélaginu Vogum**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 29. mars 2017, skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lýsingu fyrir fyrirhugaða vinnu við deiliskipulags fyrir Aragerði 4 vegna áforma um byggingu lítils fjölbýlishúss.

Lýsingin er sett fram í greinargerð og má nálgast hana á heimasíðu sveitarfélagsins **www.vogar.is.** Hún liggur einnig frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að Iðndal 2, 190 Vogum.

Skriflegum ábendingum við efni lýsingarinnar má skila til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogum, eða á netfangið skrifstofa@vogar.is fyrir **24. apríl 2017**

***Vogum 6. apríl 2017***
***fh. Bæjarstjórnar***
***Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri***

**AUGLÝSING**
**Um skipulag í Sveitarfélaginu Vogum.**
**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut.**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 29. mars 2017 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut þar sem lóðirnar við Heiðarholt 2, 2a og 4 eru sameinaðar í eina lóð, Heiðarholt 2. Stærð sameinaðar lóðar er 6.728 m2. Tillagan er sett fram á uppdrætti ásamt greinargerð og vísast til hennar um nánari upplýsinga.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar frá og með fimmtudeginum 6. apríl 2017 til og með fimtudeginum 18. maí 2017. Tillagan er einnig aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Voga, **www.vogar.is.**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is fyrir **18. maí 2017.**

***Vogum 6. apríl 2017***
***fh. Bæjarstjórnar***
***Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri***


Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is





# LANCÔME
PARIS




NÝTT TEINT IDOLE ULTRA WEAR

FARÐABURSTI AÐ VERÐMÆTI **4.950 KR.** FYLGIR ÖLLUM LANCÒME FÖRÐUM Á MIÐNÆTUROPNUN KRINGLUNNAR Í DAG.

## Hazard hetjan á Brúnni




**Færðust skrefi nær titlinum** Chelsea svaraði fyrir tapið gegn Crystal Palace um helgina með 2-1 sigri á Manchester City á Stamford Bridge í gærkvöldi. Eden Hazard skoraði bæði mörk Chelsea en Sergio Agüero jafnaði metin í millitíðinni. Chelsea er áfram með sjö stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar þegar sjö umferðum er ólokið. Strákarnir hans Antonios Conte eru því í afar góðri stöðu til að tryggja sér titilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ekki mitt síðasta tækifæri

**Markahrókurinn Berglind Björg Þorvaldsdóttir hefur ekki enn náð að skora fyrir íslenska landsliðið þrátt fyrir nokkur tækifæri í fjarveru Hörpu Þorsteinsdóttur. Eyjakonan lætur þetta samt ekkert á sig fá.**

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta mæta Slóvakíu ytra í dag í vináttuleik sem er þriðji síðasti leikur liðsins fyrir EM í Hollandi í júlí. Leikurinn er mikilvægur hluti af undirbúningi liðsins fyrir stóru stundina í sumar.

Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari er ekki með sitt allra sterkasta lið en í hópinn vantar Hólmfríði Magnúsdóttur og Dagnýju Brynjarsdóttur sem eru meiddar og þá er framherjinn Harpa Þorsteinsdóttir ekki farin af stað aftur eftir að eignast barn í síðasta mánuði.

Liðið saknar allar þriggja en kannski hvað helst Hörpu sem var markahæst allra í undankeppni EM 2017 með tíu mörk í sex leikjum. Þegar hún þurfti frá að hverfa fékk markahrókurinn úr Eyjum, Berglind Berg Þorvaldsdóttir, traustið hjá Frey en henni hefur ekki tekist að skora í átta landsleikjum eftir að fá stærra hlutverk og í heildina hefur hún ekki skorað í fyrstu 20 landsleikjunum sínum.

### Pælt í markaleysinu

„Ég er framherji og vil skora og því finnst mér leiðinlegt að vera ekki enn búin að skora fyrir Ísland. Ég held samt bara áfram og læt það ekkert stöðva mig," segir Berglind Björg sem skipti úr Fylki í Breiðablik á síðustu leiktíð í Pepsi-deild kvenna og skoraði þar átta mörk í níu leikjum eftir brösuga byrjun.

„Ég hef alveg hugsað um þetta: Hvers vegna ég skora svona fyrir Breiðablik en ekki landsliðið. Ég hef samt í rauninni ekki komist að neinni niðurstöðu. Ég bara reyni að komast áfram og gera mitt besta. Ég mæti alltaf með fullt sjálfstraust inn í leikina þannig að þetta hlýtur að fara að koma hjá mér."

### Harpa nálgast endurkomu

Eftir að Freyr Alexandersson gerði það opinbert að Berglind fengi tækifærið í fjarveru Hörpu byrjaði hún fjóra leiki í röð en var svo komin á bekkinn fyrir Algarve-mótið þar sem hún kom inn á sem varamaður alla riðlakeppnina. Hún fékk aftur tækifærið í byrjunarliðinu í leiknum um níunda sætið á móti Kína en náði ekki að skora.

„Freysi talar enn þá vel um mig og við mig og peppar mig áfram. Á meðan ég er að skila mínu inni á vellinum þó mörkin séu ekki að detta þá er ég sátt," segir Berglind en nú gæti farið að styttast í að Harpa Þorsteinsdóttir verði klár. Hún gæti mögulega verið með í næsta landsliðsverkefni í júní þegar stelpurnar spila sinn síðasta vináttuleik fyrir EM á móti Írlandi. Lítur Berglind á næstu tvo leiki sem lokaséns fyrir sig?

„Nei, alls ekki. Mér finnst þetta ekki vera síðasta tækifærið mitt. Ef ég held áfram að skila því sem ég hef verið að skila til liðsins inni á vellinum fara mörkin að koma og ég get verið sátt við minn leik. Ég reyni sem minnst að hugsa um þetta með Hörpu. Ég ætla bara að gera mitt," segir Berglind Björg.

> Ef ég held áfram að skila því sem ég hef verið að skila til liðsins inni á vellinum koma mörkin.
>
> Berglind Björg Þorvaldsdóttir.




### Hluti af stærra vandamáli

Freyr hefur sagt að hann sé ekki búinn að gefast upp á þeim sem hafa fengið tækifærið í fjarveru Hörpu þrátt fyrir að staðreyndin sé sú að framherji sem hefur byrjað leik fyrir Ísland er ekki búinn að skora. Ísland hefur ekki fengið mark frá „níu" í fjarveru Hörpu.

Til að auka slagkraftinn í sóknarleiknum og nýta styrkleika liðsins betur hefur Freyr verið að þróa hjá liðinu 3-4-3 leikkerfið. Það er svo stútfullt af góðum miðjumönnum og miðvörðum að kerfið hentar hópnum vel. Þó það hljómi kannski varnarsinnað að spila með þrjá miðverði er þetta kerfi mjög gott fyrir sóknarmenn.

„Mér finnst þetta mjög skemmtilegt kerfi. Það býður upp á meira í sóknarleiknum, sérstaklega þegar bakverðirnir eru svona framarlega og koma með fyrirgjafir. Ég tala nú ekki um þegar bakverðirnir heita Hallbera og Rakel, það eru engin smá gæði í boltunum frá þeim. Það er kannski meiri strúktúr að vera með fjóra í vörn og einn frammi en þetta er bara veisla fyrir framherjana þannig að ég er ánægð með að Freysi sé að prófa þetta," segir Berglind Björg Þorvaldsdóttir.

**tomas@365.is**

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

**Snæfell - Stjarnan 84-70**

**Snæfell:** Aaryn Ellenberg 25/14 fráköst/6 stoðsendingar, Berglind Gunnarsdóttir 17, Bryndís Guðmundsdóttir 15/5 stoðsendingar, Gunnhildur Gunnarsdóttir 7, Alda Leif Jónsdóttir 5, Andrea Björt Ólafsdóttir 4, Sara Diljá Sigurðardóttir 3, María Björnsdóttir 3, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 3, Rebekka Rán Karlsdóttir 2.

**Stjarnan:** Bríet Sif Hinriksdóttir 23, Danielle Victoria Rodriguez 21/9 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 14/9 fráköst/3 varin skot, Hafrún Hálfdánardóttir 8/7 fráköst, Jenný Harðardóttir 4.

***Snæfell vann einvígið 3-0.***

## Enska úrvalsdeildin

**Arsenal - West Ham 3-0**

1-0 Mesut Özil (58.), 2-0 Theo Walcott (68.), 3-0 Olivier Giroud (83.).

**Swansea - Tottenham 1-3**

1-0 Wayne Routledge (11.), 1-1 Dele Alli (88.), 1-2 Son Heung-Min (90+1.), 1-3 Christian Eriksen (90+4.).

**Hull - M'Brough 4-2**

0-1 Álvaro Negredo (5.), 1-1 Lazar Markovic (14.), 2-1 Oumar Niasse (27.), 3-1 Abel Hernández (33.), 3-2 Marten de Roon (45+1.), 4-2 Harry Maguire (70.).

**S'oton - C. Palace 3-1**

0-1 Christian Benteke (31.), 1-1 Nathan Redmond (45.), 2-1 Maya Yoshida (84.), 3-1 James Ward-Prowse (85.).

**Chelsea - Man. City 2-1**

1-0 Eden Hazard (10.), 1-1 Sergio Agüero (26.), 2-1 Hazard (35.).

**Liverpool - B'mouth 2-2**

0-1 Benik Afobe (7.), 1-1 Coutinho (40.), 2-1 Divock Origi (59.), 2-2 Joshua King (87.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Chelsea | 72 | C. Palace | 31 |
| Tottenham | 65 | Hull | 30 |
| Liverpool | 60 | Swansea | 28 |
| Man. City | 58 | M'Brough | 23 |
| Arsenal | 54 | Sunderland | 20 |

MATTI SKORAÐI HJÁ INGVARI

Matthías Vilhjálmsson var í byrjunarliði Rosenborg og skoraði í 0-3 útisigri liðsins á Sandefjord í norsku úrvalsdeildinni í gær. Ingvar Jónsson stóð í marki Sandefjord. Óttar Magnús Karlsson lagði upp fyrra mark Molde í 2-1 sigri á Lilleström. Þetta var hans fyrsti deildarleikur í byrjunarliði Molde. Þá tapaði Íslendingaliðið Ålesund 1-3 fyrir Sarpsborg á heimavelli sínum.



EINTÓMIR ÚTISIGRAR

Keflavík og Skallagrímur mætast í þriðja sinn í undanúrslitum Domino's-deildar kvenna í kvöld. Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1, en báðir leikirnir hafa unnist á útivelli. Skallagrímur vann 68-70 í Keflavík en Keflvíkingar svöruðu með 59-74 sigri í Borgarnesi. Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.15 og verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport HD.



## Í dag

**18.45 Augusta Masters** Golfstöðin
**19.05 Keflavík - Skallagrím.** Sport




# BIOTHERM

## SKIN BEST WONDER MUD MASKI 75 ML

*HREINSAR - ANDOXANDI - LJÓMI*




Wonder Mud er steinefna og þörunga maski með náttúrulegum hreinsandi leir og andoxandi Astaxanthin þörungum. Maskinn hreinsar óhreinindi, dregur saman húðholur og húðin endurheimtir ljóma. Húðin verður silkimjúk og hrein eftir aðeins þriggja mínútna notkun. Notist 2 í viku.

## MASKA BURSTI

*FULLKOMIN ÁSETNING MASKA*

NÝR maskabursti úr sílikoni sem auðveldar notkun maskans. Skilar réttu og jöfnu magni á húðina og hefur kælandi og róandi áhrif.

NÝTT




## LIFE PLANKTON MASKI 75 ML

*RÓAR - GRÆÐIR - ENDURNÝJAR - KÆLIR*

Life Plankton maskinn róar húðina samstundis, gefur raka, kælir, dregur úr roða og styrkir varnarkerfi húðarinnar. Maskinn er ríkur af rakagefandi og nærandi efnum og inniheldur hæsta hlutfall af Life Plankton. Hann er án alkahóls, litarefna og parabena. Maskinn hentar öllum húðgerðum og er notaður 2 í viku. Með maskanum verður húðin fallegri, heilbrigðari, þéttari og fær aukinn ljóma. TIPS OG TRIX: Maskinn róar húðina eftir sólbruna eða ef húðin er ert, frískar hana upp eftir flug eða erfiðan dag í ræktinni.

## PURE-FECT MASKI 75 ML

*SLÍPAR - DJÚPHREINSAR - DREGUR SAMAN HÚÐHOLUR*

Í Pure-Fect leirmaskanum eru kísilþörungar og hvítur leir. Maskinn er borinn á húðina og látinn bíða í 1 mínútu meðan leirinn nær djúpt ofan í húðholur, dregur þær saman og djúphreinsar þær. Því næst er maskinn nuddaður létt af húðinni með volgu vatni meðan þörungarnir slípa húðina kröftulega svo hún verður jafnari og áferðarfallegri. Húðholur verða minna sjáanlegar og húðin jafnari og áferðarfallegri.




**20% AFSLÁTTUR** Í DAG FIMMTUDAG Í KRINGLUNNI Á MIÐNÆTUROPNUN

BIOTHERM



Jordan Spieth kastaði frá sér sigrinum á Mastersmótinu í fyrra og þurfti síðan að klæða sigurvegarann, Danny Willett, í græna jakkann enda hlutverk sigurvegara ársins á undan. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ríkja þeir ungu áfram á Augusta?

**Fyrsta risamót ársins í golfi, Mastersmótið á Augusta-vellinum, hefst í dag og heimurinn fylgist vel með. Marga kylfinga dreymir um að fá að klæðast græna jakkanum. Tveir efstu menn heimslistans eru í þeim hópi. Síðustu ár hafa ungir kylfingar slegið í gegn á mótinu.**

**GOLF** Aprílmánuður er runninn upp og um leið gósentíð fyrir golfáhugamenn úti um allan heim. Fyrsta risamót ársins er einn af hápunktum golfársins þar sem augu flestra íþróttaáhugamanna eru á Augusta-vellinum í Georgíufylki. Íslendingar fá þetta sögulega golfmót beint í æð á Golfstöðinni og er búist við spennandi keppni þar sem margir eru kallaðir.

Golfáhugamenn eru fyrir löngu hættir að pæla í Tiger Woods sem missir af enn einu risamótinu vegna meiðsla en í hans stað eru komnir upp ungir frábærir kylfingar sem hafa fyrir löngu tekið við keflinu.

### Erfitt að standast pressuna

Það er hins vegar ekki auðvelt að vera með pressuna á sér fyrir Mastersmótið sem sést vel á því að sá sigurstranglegasti hefur ekki unnið mótið síðan Tiger Woods vann árið 2005.

Sá sem margir horfa til að þessu sinni er Dustin Johnson, efsti maður á heimslistanum. Dustin Johnson hefur spilað frábærlega undanfarna níu mánuði. Hann getur ekki hætt að vinna golfmót og er á toppi ferilsins bæði líkamlega og andlega. Dustin hefur líka verið meðal efstu mann á Mastersmótinu undanfarin tvö ár, varð í sjötta sæti 2015 og í fjórða sæti í fyrra. Dustin fylgdi eftir Mastersmótinu í fyrra með því að vinna sitt fyrsta risamót á opna bandaríska í júní. Hann hefur unnið sjö af 17 mótum sem hann hefur keppt á síðan.

### Golf er fyndin íþrótt

„Golf er fyndin íþrótt. Það skiptir engu máli hversu vel þú ert að spila þú getur samt sem áður ekki unnið. Ef ég á að vinna hér þá verður allt að ganga upp hjá mér. Ég kem samt inn á mótið með mikið sjálfstraust eftir góða spilamennsku síðustu vikurnar,“ sagði Johnson.

Dustin Johnson hefur ekki enn fengið að klæðast græna jakkanum og annar frábær kylfingur í þeim hópi er Norður-Írinn Rory McIlroy. Rory McIlroy hefur ekki aðeins tækifæri til að vinna Mastersmótið í fyrsta sinn því hann getur með sigri lokað risamótahringnum.

### Lokar hann hringnum?

McIlroy hefur unnið öll hin risamótin eða opna bandaríska (2011), opna breska (2014) og PGA-meistaramótið (2012 og 2014). Það hefur aðeins fimm öðrum kylfingum tekist að vinna öll risamótin og þeir eru Jack Nicklaus, Tiger Woods, Gene Sarazen, Gary Player og Ben Hogan. McIlroy hefur verið á topp tíu á síðustu þremur Mastersmótum en besti árangur hans er fimmta sætið 2015.

Rory McIlroy er aðeins 27 ára gamall og gæti því haldið við hefð síðustu tveggja ára þar sem sigurvegararnir hafa verið á þrítugsaldri. Það hefur aldrei gerst þrjú ár í röð í 83 ára sögu Mastersmótsins sem er nú haldið í 81. sinn.

Menn búast ekki við miklu af Englendingnum Danny Willett sem vann mjög óvænt í fyrra. Það er hins vegar ekki sömu sögu að segja af Jordan Spieth, sigurvegaranum frá 2015.

### Algjört klúður hjá Spieth

Spieth var reyndar á góðri leið með að vinna annað árið í röð með fimm högga forskot á lokadeginum. Spieth brann yfir í lokin, tapaði sex höggum á aðeins þremur holum og missti titilinn til Willetts. Þessi 23 ára gamli kylfingur hafði ári fyrr jafnað met Tigers Woods með því að klára mótið á átján höggum undir pari. Spieth hefur samt aldrei endað neðar en í öðru sæti í þeim þremur Mastersmótum sem hann hefur tekið þátt í á ferlinum.

Það fer ekkert á milli mála að Augusta-völlurinn var hans völlur eða alla vega fram á tíundu holu á fjórða hring fyrir einu ári.

„Sama hvað gerist í ár, hvort sem ég vinn græna jakkann aftur eða næ ekki niðurskurðinum þá verður gott að komast í gegnum Mastersmótið í ár. Mastersmótið lifir í eitt ár og það dregur fólk að skjánum sem almennt horfir ekki á golf. Það verður því gott að ljúka af mótinu í ár,“ segir Jordan Spieth og það fer ekkert á milli mála að martraðarendirinn í fyrra hefur plagað hann í tólf mánuði. Á sama tíma hefur hann dottið niður í sjötta sæti heimslistans en fær nú frábært tækifæri til að eyða út slæmum minningum frá sunnudeginum 10. apríl 2016.

> Sama hvað gerist í ár, hvort sem ég vinn græna jakkann aftur eða næ ekki niðurskurðinum, þá verður gott að komast í gegnum Mastersmótið í ár.
>
> Jordan Spieth

Annar sterkur kylfingur sem er hvorki orðinn þrítugur eða hefur fengið að klæðast græna jakkanum er Ástralinn Jason Day. Day er 29 ára gamall en hann brotnaði niður fyrir aðeins tveimur vikum þegar hann dró sig úr keppni til að verja tíma með móður sinni sem glímir við lungnakrabbamein.

„Það hefur verið mikið í gangi hjá mér á þessu ári sem hefur tekið huga minn frá golfinu. Golf var það síðasta sem ég var að hugsa um þegar ég frétti af veikindum móður minnar en ég er á miklu betri stað núna,“ sagði Jason Day. Hann hefur verið í öðru sæti (2011) og þriðja sæti (2013) á Mastersmótinu en aldrei unnið.

### 18 af 94 kylfingum eiga jakka

Margir fleiri koma til greina eins og reynsluboltarnir Phil Mickelson og Justin Rose. Bubba Watson hefur unnið Mastersmótið tvisvar (2012 og 2014) og Adam Scott vann í millitíðinni. Alls frá 94 kylfingar tækifæri í ár til að komast yfir græna jakkann eftirsótta en átján af þeim hafa unnið hann áður.

Í íþróttum er einna erfiðast að spá fyrir um sigurvegara á risamóti og Mastersmótið er langt frá því að vera það auðveldasta af þeim fjórum. Sigurvegarinn í fyrra, Englendingurinn Danny Willett, er gott dæmi um það.

Ævintýrin á Augusta eru mörg og þótt þá stóru dreymi um græna jakkann þá endar hann oft á herðum lítt þekktra kylfinga. Hvernig sem fer þá fylgjast allir golfáhugamenn spenntir með.

ooj@frettabladid.is

## Sex sigurstranglegir á Mastersmótinu í golfi árið 2017



**Jordan Spieth**
23 ára
Bandaríkjamaður
**Besti árangur:**
Vann mótið 2015.
(2. sæti 2014 og 2016)
6. sæti á heimslistanum.



**Justin Rose**
36 ára
Englendingur
**Besti árangur:**
2. sæti 2015
14. sæti á heimslistanum



**Phil Mickelson**
46 ára
Bandaríkjamaður
**Besti árangur:**
Vann mótið 2004, 2006 og 2010
18. sæti á heimslistanum



**Jason Day**
29 ára
Ástrali
**Besti árangur:**
2. sæti 2011
3. sæti á heimslistanum



**Rory McIlroy**
27 ára
Norður-Íri
**Besti árangur:**
4. sæti 2015
2. sæti á heimslistanum



**Dustin Johnson**
32 ára
Bandaríkjamaður
**Besti árangur:**
4. sæti 2016
1. sæti á heimslistanum



**Nutribiotic**
Umhverfisvænar snyrtivörur, vegan,
Ph jafnaðar, án glútens, parabena og SLS.
***Öll línan á 25% afslætti.***



**Terranova**
Hágæða bætiefni án allra aukaefna – vegan.
Kíktu á úrvalið í næsta Heilsuhúsi!
***Öll línan á 25% afslætti.***

# VORTILBOÐ Í HEILSUHÚSINU!

TILBOÐIN GILDA 28. MARS–9. APRÍL

**Solaray**
Finndu þinn
sólargeisla
frá Solaray
í Heilsuhúsinu.
***Öll línan á 25% afslætti.***





**Biona**
Hágæða lífrænar
sælkeravörur.
Mikið úrval.
***Öll línan á 20% afslætti.***



**Ecobath magnesíum**
Láttu líða úr
þér í baðinu.
***Öll línan á 30% afslætti.***

HEILSUFRÉTTIR ERU KOMNAR ÚT!



**Sonnentor te**
Yndislegt
lífrænt te,
mikið úrval.
***Öll línan á 20% afslætti.***



NÁÐU ÞÉR Í EINTAK!



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS

## Merkisatburðir

**648 f. Kr.** Fyrsti sólmyrkvinn sem skriflegar heimildir eru til um. Skráður af Forn-Grikkjum.

**1652** Hollenski skipstjórinn Jan van Riebeeck stofnar birgðastöð á Góðrarvonarhöfða. Út frá henni reis Höfðaborg síðar.

**1917** Bandaríkin lýsa stríði á hendur Þjóðverjum.

**1961** Gamli spítalinn á Akureyri (byggður 1836) stórskemmist af eldi.

**1979** Vikublaðið Helgarpósturinn kemur út í Reykjavík.

**1979** Úthlutað úr Kvikmyndasjóði í fyrsta sinn.

**1979** Zulfikar Ali Bhutto, forseti Pakistans, er tekinn af lífi.

**1989** Verkfall 2.100 háskólamanna í þjónustu ríkisins hefst; því lýkur 18. maí.

**2000** Meirihluti Hæstaréttar dæmir útgerð Vatneyrar til að greiða sektir fyrir veiðar án aflaheimildar.



Festivalið er hugarfóstur Dóru Jóhannsdóttur sem er jafnframt listrænn stjórnandi hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Spunafestival haldið í fyrsta sinn á Íslandi

**Dóra Jóhannsdóttir hefur stýrt spunahópnum Improv Ísland síðastliðin tvö ár. Hópurinn stendur fyrir sínu fyrsta spunafestivali, The Reykjavík International Improv Festival, sem hófst með sýningu hópsins í Þjóðleikhúskjallaranum í gærkvöldi.**

Þetta er alveg frábært, við fáum fullt af frábærum hópum frá öllum heimshornum og dagskráin er þéttskipuð,“ segir Dóra Jóhannsdóttir, leikkona og listrænn stjórnandi hátíðarinnar og Improv Íslands.

Dóra lærði spunatækni í Upright Citizens Brigade í New York í þrjú ár en frá því hún stofnaði Improv Ísland er óhætt að segja að áhugi fyrir spuna hafi aukist töluvert á Íslandi.

„Ég byrjaði með Improv Ísland hópinn fyrir tveimur árum síðan, við höfum reglulega fengið gestakennara til landsins sem hefur vakið mikla lukku. Það var komin hálfgerð pressa á að fara að halda almennilegt festival svo við létum bara verða af því og hingað eru komnir átta frábærir spunahópar,“ segir Dóra.

Hóparnir koma frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi og Svíþjóð og óhætt er að segja að fram undan sé spunaveisla, þar sem meðal annars færustu spunaleikarar Bandaríkjanna koma fram.

„Þetta eru mjög skemmtilegir hópar og þetta verður frábær skemmtun. Við ljúkum svo hátíðinni á Græna herberginu með svokölluðu Indie Show, þar sem öllum sjálfstæðum spunahópum er velkomið að sýna,“ segir Dóra.

Spunasýningarnar verða margs konar, hiphop-söngleikur, kabarettsóló, spunninn verður hasarbíómynd og ein spunasýningin gerist í dómsal þar sem áhorfendur lenda í hlutverki kviðdómenda svo að einhver dæmi séu tekin. Hátíðin er opin öllum og fara sýningarnar meðal annars fram í Þjóðleikhúskjallaranum, Kassanum og í Græna herberginu.

„Passinn á hátíðina kostar 5.900 krónur en hægt verður að koma og kaupa sig inn á stakt kvöld við innganginn,“ segir Dóra og hvetur sem flesta til að mæta og láta ekki þessa frábæru skemmtun fram hjá sér fara.

Fyrr í vikunni bárust þær fréttir að Improv Ísland spunahópnum væri boðið á Del Close spuna-maraþonið, stærsta spunafestival í heimi. Hópurinn hefur áður farið og sýndi þá rétt á undan grínistanum og stórleikkonunni Amy Poehler, en hún er einmitt einn af stofnendum maraþonsins.

„Þetta eru alveg frábærar fréttir fyrir okkur. Það eru mörg þúsund hópar sem sækja um, en aðeins um 700 hópar sem taka þátt í festivalinu, þetta er algjörlega frábært, sýndar eru sýningar í níu leikhúsum í New York, í 72 klukkutíma samfleytt,“ segir Dóra og bætir við að meðal þeirra sem sýnt hafa á hátíðinni séu Amy Poehler, Ellie Kemper, höfundar Inside Amy Schumer, Broad City, 30 Rock og fleiri af helstu grínistum Bandaríkjanna.

gudrunjona@frettabladid.is



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Ágústa Lárusdóttir**

Vesturbergi 18, Reykjavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 1. apríl. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju þriðjudaginn 11. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Oddssjóð, Reykjalundi.

**Marinus Schmitz**

**Lárus S. Marinusson** — **Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir**
**Sigurður Marinusson** — **Irma Schortinghuis**
**Viktoría Marinusdóttir** — **Gísli Már Finnsson**
**Einar Daði, Guðný Helga og Elías Hlynur**
**Jurjen Sindri og Arnar Smári**
**Viktor Smári og Lovísa Kristín**



†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Fjóla Oddný Sigurðardóttir**

Lækjasmára 2, Kópavogi,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 29. mars. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 7. apríl klukkan 15.00.

**Gylfi Kristinn Sigurgeirsson** — **Bryndís S. Eiríksdóttir**
**Bára Guðlaug Sigurgeirsdóttir**
**Ásdís Sigurgeirsdóttir** — **Viðar Elliðason**
**Inga Hulda Sigurgeirsdóttir**
**Guðlaugur Sigurgeirsson** — **Guðrún Björg Bragadóttir**
**Guðbjörg Sigurgeirsdóttir** — **Kjartan Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóna Berta Jónsdóttir**

heiðursborgari Akureyrar, Lindasíðu 4,

lést sunnudaginn 2. apríl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 7. apríl kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Mæðrastyrksnefnd Akureyrar.

**Þorgerður, Guðmundur, Sigurður og fjölskyldur.**



†

Elskulegur bróðir minn, mágur og frændi,

**Björgvin Jakobsson**

Dalbraut 27,

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 29. mars. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 6. apríl kl. 13.00.

**Jóhann Jakobsson, Unnur Ólafsdóttir**
**Anna Einarsdóttir og systkinabörn hins látna.**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Karlsson**

Lækjasmára 6, Kópavogi,

sem lést þann 20. mars, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 7. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Þorkell Einarsson** — **Steinunn Árnadóttir**
**Lilja Einarsdóttir** — **Kjartan J. Kjartansson**
**Ástríður I. Einarsdóttir**
**Karl Trausti Einarsson** — **Ástríður S. Thorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

Kær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórdís Steinsdóttir**

**(Dídí)**

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést fimmtudaginn 23. mars á Hrafnistu í Hafnarfirði. Að hennar ósk fór útförin fram í kyrrþey. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Bestu þakkir einnig til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

**María Þ. Gunnlaugsdóttir**
**Guðmundur S. Gunnlaugsson** — **Vilborg Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Kaffi dagar
Allar kaffivörur
á allt að 50% afslætti.
Aðeins í nokkra daga!
Kaffivélar, sjálfvirkar kaffivélar, espressovélar, kaffikvarnir, pressukönnur, espressokönnur, kaffibox, kaffikönnur, hitabrúsar, flóunarkönnur og margt fleira.
emsa
BRAUN
DeLonghi
Dolce Gusto
Saeco
PHILIPS
SEVERIN
OBH NORDICA
Sage
wilfa
illy
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Sunnan- og suðvestan kaldi og skúrir en þurrt að mestu austan til. Allhvöss norðaustanátt nyrst á landinu, hvassast á norðanverðum Vestfjörðum. Hiti 2 til 7 stig að deginum.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 2° | 4° |
| ↑10 | ↑11 | ↑7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 5° | 6° | 1° |
| ↑12 | ↑6 | ↑13 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | -2° | 1° |
| ↖3 | ↙18 | ↘6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 4° | -1° |
| ↗10 | ↑10 | ↖6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | 2 | | | | 1 | 5 | | |
| 7 | | 4 | 5 | 9 | | | | |
| | | 5 | 1 | | 8 | 4 | | |
| 2 | | 1 | | | | | | 7 |
| 6 | 3 | 8 | | | 2 | 1 | | |
| | 9 | | | | | | 6 | |
| | 6 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 6 | | 4 | 2 | 9 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 8 | | | | | | 5 |
| | | 3 | 6 | | | | 8 | |
| 4 | 6 | | 3 | | 8 | | | 1 |
| | 9 | | 8 | 6 | | | | |
| 3 | 4 | 7 | 1 | | 5 | | | |
| 1 | | | 2 | | | 5 | | |
| 6 | | | | | | 2 | | |
| | | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | | |
| | | 4 | | | | | 1 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | 2 | | | | 8 | 4 |
| | | 6 | 5 | | | | 3 | 2 |
| 2 | | | 8 | | | | | |
| 5 | | 3 | | 1 | | | | |
| | 1 | | | | | 9 | | |
| 8 | | 2 | | | | | | 1 |
| 9 | 3 | | | | | | 5 | |
| 7 | | | | 5 | | | | |
| | 2 | | | | 3 | 7 | | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 1 | 4 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 3 | 2 | 1 | 6 | 4 |
| 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 5 | 2 | 3 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 |
| 8 | 5 | 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 |
| 2 | 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 9 |
| 3 | 8 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 9 | 6 |
| 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 6 | 9 | 5 | 8 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 7 | 5 | 9 | 4 | 2 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 7 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 7 | 2 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 1 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 8 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 9 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 3 | 4 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. áfall
6. hæð
8. lögg
9. viðmót
11. óreiða
12. orðrómur
14. gistihús
16. mun
17. temja
18. skörp brún
20. frá
21. pottréttur

**LÓÐRÉTT**
1. útdeildu
3. pot
4. átakanlega
5. traust
7. sammála
10. arinn
13. óhreinka
15. hanga
16. kirna
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. lost, 6. ás, 8. tár, 9. fas, 11. rú, 12. umtal, 14. hótel, 16. ku, 17. aga, 18. egg, 20. af, 21. ragú.
**LÓÐRÉTT:** 1. gáfu, 3. ot, 4. sárlega, 5. trú, 7. samhuga, 10. stó, 13. ata, 15. lafa, 16. ker, 19. gg.

## Skák Gunnar Björnsson



Kristján Eðvarðsson (2.228) átti leik gegn Björgvini Víglundssyni (2.143) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.
**Hvítur á leik**
**42. Dxf2!** (42. cxb7! gengur líka). **42...Dxf2 43. cxb7 1-0.**
Guðmundur Gíslaon var efstur með fullt hús eftir 4 umferðir. Jóhann Ingvason, Lenka Ptácníková og Tómas Björnsson komu næst með 3 vinninga. Sjötta umferð í kvöld.
**www.skak.is:** Fylgst með áskorendaflokki.




## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FERMINGAR 2017

## TILBOÐ AF VÖLDUM GJAFAVÖRUM FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

**30. mars - 17. apríl**



**OH stóll frá Umbra**
Verð með afslætti: 7.990 kr.
Verð áður: 9.990 kr.



**Járnhilla**
Verð með afslætti: 5.999 kr.
Verð áður: 7.999 kr.



**Base Boost frá Samsonite**
25% afsláttur af öllum stærðum
Verð frá 14.993 kr.



**Hnattlíkön með ljósi**
Verð með afslætti: 11.990 kr.
Verð áður: 13.990 kr.



**Hliðarborð frá Bloomingville**
Verð með afslætti: 16.990 kr.
Verð áður: 21.990 kr.



**Ananas frá Bloomingville**
25% afsláttur af öllum gerðum
Verð frá 2.999 kr.

**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**

**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4



„Í mínum huga er safnið menntastofnun," segir Rakel um Listasafn Íslands. Hún verður með leiðsögn um sýninguna Fjársjóður þjóðar á sunnudaginn klukkan 14. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Myndlistin skapar sjálfsmynd okkar sem þjóðar

## Á sýningunni Fjársjóður þjóðar sem opnuð verður á laugardaginn er úrval verka úr safneign Listasafns Íslands, sem gefur yfirlit yfir þróun myndlistar á Íslandi frá öndverðri nítjándu öld til okkar daga.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Mér finnst þetta ætla að verða skemmtileg sýning. Hér eru verk frá árdögum íslenskrar myndlistar og allt til samtímans, breitt úrval og mikil fjölbreytni," segir Rakel Pétursdóttir safnafræðingur um sýninguna Fjársjóður þjóðar sem verið er að setja upp í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg. Sýningin er sett upp í tímaröð og byrjar í austursal efri hæðar þar sem Sumarnótt – Lómar við Þjórsá eftir Jón Stefánsson tekur á móti gestum.

Fyrstu áratugina byggðist safneignin upp á höfðinglegum gjöfum, að sögn Rakelar, fyrst málverkum eftir erlenda listamenn en upp úr aldamótunum 1900 urðu verk eftir Íslendinga æ meira áberandi. „Hér eru mörg þekkt verk innan um önnur sem ekki hafa verið sýnd oft áður, að minnsta kosti ekki síðan safnið flutti hingað á Fríkirkjuveg. Myndir eftir erlenda listamenn sem komu hingað í leiðangra, gagngert til að mála, stundum að tilhlutan konungsins. Eflaust hafa þær myndir haft mótandi áhrif á þá sem þær sáu."

Rakel vekur athygli á gömlum skáp úr Safnahúsinu við Hverfisgötu, hann geymir nokkur þrívíð verk. „Hér er verið að vísa í söguna," segir hún og bendir líka á lágmynd af Klettafjallaskáldinu Stephan G., eftir Ríkarð Jónsson myndskera. Abstraktmynd eftir bróður hans, Finn Jónsson, frá 1925 stingur í stúf við önnur verk í þessum sal. „Finnur fór til Þýskalands og kynntist þar framúrstefnu í myndlist en fékk litlar undirtektir á sýningu sem hann hélt hér heima þetta ár, 1925," lýsir Rakel.

Bassabáturinn, stórt lykilverk hjá Gunnlaugi Scheving, sýnir tvo menn um borð í bát að leggja línu og Rakel segir gamlan sjómann hafa sagt henni nákvæmlega allt um hlutverk bassans í bátnum. „Í gegnum tíðina getur maður safnað ógrynni af sögum frá gestum sem koma á safnið sem bæta sífellt einhverju við verkin," segir hún og ætlar að gefa orðið laust af og til á sunnudaginn þegar hún verður með leiðsögn um þessa sýningu sem hefst klukkan 14. Þar ætlar hún að fara yfir sögu og þróun myndlistar á Íslandi með vísun í erlenda strauma og stefnur. „En ég ætla ekki að tala allan tímann. Mig langar líka að gefa gestum tækifæri til að spjalla um þessi verk," segir hún.

Tvær myndir eftir Edvard Munch prýða veggi salarins og vatnslitamyndir eftir Sölva Helgason sem kallaði sig Sólon Íslandus eru í einu horninu, auk þess sem Muggur kemur við sögu.

Kristín Jónsdóttir var ein af fyrstu íslensku konunum sem gaf sig listinni á vald. Konur við þvotta og að breiða fisk á tún voru meðal yrkisefna hennar. Júlíana Sveinsdóttir kom í kjölfar hennar. Rakel segir þátttöku kvenna í myndlist á Íslandi merkilega og nefnir Þóru Pétursdóttur sem stofnaði teikniskóla sem Þórarinn B. Þorláksson sótti tíma í.

Nýrri verk eru í næsta sal. Rakel vekur athygli á Skilningstré Kjarvals. „Mér finnst gaman að tengja þessa mynd við átökin í myndlistarlífinu, þegar formbyltingin var að ryðja sér til rúms. Hér er einkennilegt tré sem er hálf abstrakt og listamenn í kring á hestum eins og villuráfandi og vita ekki í hvaða átt þeir eiga að fara. En Kjarval blandaði sér aldrei persónulega í þessar deilur."



**Íslandslag** – verk eftir Svavar Guðnason af umdeildri sýningu 1945. MYND/LISTASAFN ÍSLANDS

Þarna eru verk eftir Guðmundu Andrésdóttur, Svavar Guðnason og Nínu Tryggvadóttur. Einnig Jón Engilberts, Snorra Arinbjarnar og fleiri.

Formrænt verk eftir Gerði Helgadóttur og dansskúlptúr Ásmundar Sveinssonar spila skemmtilega saman á miðju gólfi og Nína Sæmundsdóttir á þar líka eitt.

Nú færum við okkur yfir í vestursalinn. Þar eru enn nýrri verk. Fánarnir eftir Birgi Andrésson sem var framlag Íslands á Feneyjatvíæringnum 1995, sem dæmi. Einnig ljósmyndaverk eftir Ólaf Elíasson og annað eftir Pétur Thomsen. SÚMararnir sem stóðu fyrir róttækri framúrstefnu í myndlist eiga þar sinn sess, Hreinn Friðfinnsson, Magnús Pálsson og Gylfi Gíslason sem málaði Fjallasúrmjólk 1971, með vísun í Fjallamjólk Kjarvals.

**HÉR ERU MÖRG ÞEKKT VERK INNAN UM ÖNNUR SEM EKKI HAFA VERIÐ SÝND OFT ÁÐUR, AÐ MINNSTA KOSTI EKKI SÍÐAN SAFNIÐ FLUTTI HINGAÐ Á FRÍKIRKJUVEG.**

Samsetningar Margrétar H. Blöndal úr fundnu efni eru í þessum sal. Svo eiga Dieter Roth og bræðurnir Sigurður og Kristján Guðmundssynir verk þar líka. „Kristján sagði einhvern tíma eitthvað á þá leið að listin ætti ekki að vera skoðanamyndandi heldur vitundarmótandi. Kristján er ekki maður margra orða en þegar hann segir eitthvað er það mjög djúpt," segir Rakel með lotningu.

Rakel segir mikilvægt að lyfta fram verkum genginna kynslóða en líka gaman að setja þau í nýtt samhengi til að læra eitthvað nýtt. „Myndlistin skapar sjálfsmynd okkar sem þjóðar," bendir hún á.

Hún segir það breiðan hóp sem sæki sýningar og þær gefi mörgum mikið. „Það er til dæmis gaman að fá hingað börn og ungmenni sem verða alveg hugfangin og skoða og rannsaka sjálf. Í mínum huga er safnið menntastofnun. Ég lít á það sem mannréttindi að allir hafi aðgang að þeim menningararfi okkar sem það geymir."

**HILTON REYKJAVÍK NORDICA**
**FÖSTUDAGINN 7. APRÍL KL. 13-17**



# Dagur verk-fræðinnar

**Við horfum til framtíðar og veitum yfirsýn yfir líklega þróun verkfræðinnar á Íslandi næstu árin.**

13:00 Setning: Páll Gíslason, formaður Verkfræðingafélags Íslands
13:10 Ávarp forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar
13:20 „Er verkfræðin skapandi grein?“ Ágúst Valfells, prófessor við Tækni- og verkfræðideild HR

## SALUR A

**Hver skilur eiginlega virkjanir? Nýjungar í kynningu á virkjunarkostum**
*Stefán Kári Sveinbjörnsson verkfræðingur, verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun.*

**Djúpboranir á Reykjanesi**
*Ari Stefánsson vélaverkfræðingur, verkefnastjóri borverka hjá HS Orku.*

**Kjarnorka – „hulduorka“ sem bíður síns tíma**
*Sveinn Ólafsson eðlisfræðingur hjá Raunvísindastofnun HÍ.*

**Gas í grjót á Hellisheiði**
*Edda Sif Aradóttir efnaverkfræðingur hjá OR.*

**KL. 15:00 – 15:30**
Kaffihlé

**Íslensk verkfræðiráðgjöf – staða og horfur**
*Tryggvi Jónsson formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV).*

**Hlutverk verkfræðinnar í sjálfbærri þróun**
*Sandra Rán Ásgrímsdóttir sjálfbærniverkfræðingur hjá Mannviti.*

**Lava – Express. Fluglestin milli Keflavíkur og Reykjavíkur**
*Guðmundur Guðnason byggingarverkfræðingur hjá Eflu.*

**BIM í samgöngum – vegagerð í Noregi**
*Helga Þórunn Gunnlaugsdóttir og Sigurður Andrés Þorvarðarson byggingarverkfræðingar hjá Verkís.*

**STJÓRN:**
*Inga Dóra Hrólfsdóttir verkfræðingur, framkv.stj. Veitna ohf.*

## SALUR B

**Byggjum ódýrt íbúðarhúsnæði**
*Haukur Magnússon, byggingatæknifræðingur, forstöðumaður tilboðsdeildar hjá ÍAV.*

**Úrelt heilbrigðiskerfi – Hvað geta verkfræðingar gert?**
*Daníel Ásgeirsson hjarta- og nýrnalæknir.*

**Betri röðun skurðaðgerða**
*Tómas P. Rúnarsson prófessor í iðnaðarverkfræði við HÍ, formaður IEEE á Íslandi.*

**Fiskað eftir nýjum miðtaugakerfislyfjum: Skipuleg lyfjaleit með sebrafiskum**
*Karl Ægir Karlsson doktor í taugavísindum, prófessor í heilbrigðisverkfræði við HR.*

**KL. 15:00 – 15:30**
Kaffihlé

**Vindur í kringum byggingar. CFD loftstreymis-útreikningar**
*Hörður Páll Steinarsson verkfræðingur hjá WSP - Parsons Brinckerhoff í London.*

**Öryggismál hjá Veitum**
*Hlín Benediktsdóttir verkfræðingur, verkefnisstjóri hjá Veitum.*

**Viðhaldsstjórnun vélbúnaðar og eigna, frá hönnun til förgunar**
*Steinar Ísfeld véltæknifræðingur hjá Fjarðaráli.*

**Verkfræðinemar HÍ**
**Team Spark kappakstursbíllinn**
**Tæknifræði- og verkfræðinemar HR. Team Sleipnir kappakstursbíllinn.**

**STJÓRN:**
*María S. Guðjónsdóttir verkfræðingur, lektor við HR og í stjórn VFÍ.*

## SALUR F-G (annarri hæð)

**Ný hönnun togara – Engey**
*Alfreð Tulinius skipatæknifræðingur hjá Nautic ehf.*

**Breytingar á flugvélum. Hönnunardeild Icelandair - DOA (Design Organisation Approval)**
*María Kjartansdóttir Avionics Design Engineer og Stefanía Ástrós Benónýsdóttir Structures/ Interior Design Engineer hjá Icelandair Technical Services.*

**Hágæðavöruþróun í matvælavinnslu FleXicut skurðarvélin og samvinna við viðskiptavininn**
*Guðbjörg H. Guðmundsdóttir verkfræðingur, þróunarstjóri hjá Marel.*

**Ankeri – Flutningaskip á upplýsingaöld**
*Kristinn Aspelund verkfræðingur hjá Ankeri Solutions ehf.*

**KL. 15:00 – 15:30**
Kaffihlé

**Innviðir fyrir rafbíla – hlöður ON**
*Jón Sigurðsson tæknifræðingur og MSc í framkvæmdastjórnun, viðskiptastjóri hjá ON.*

**Landeyjahöfn – verkfræðilegt afrek eða mistök?**
*Sigurður Áss Grétarsson verkfræðingur, framkvæmdastjóri Siglingasviðs Vegagerðarinnar.*

**Varnir gegn strandrofi í Vík og viðvörunarkerfi fyrir ferðamannafjörur**
*Sigurður Sigurðarson standverkfræðingur, Siglingasviði Vegagerðarinnar.*

**STJÓRN:**
*Heiða Njóla Guðbrandsdóttir verkfræðingur, verkefnastjóri hjá ITS, formaður Kvennanefndar VFÍ.*

**LÉTTAR VEITINGAR Í LOK DAGS**
**HAMINGJUSTUND Á BARNUM**
**ALLIR VELKOMNIR - FRÍTT INN**

Skráning fer fram á skrifstofu VFÍ
í síma 535 9300 og á skrifstofa@verktaekni.is
Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar.

Verkfræðingafélag Íslands

H:N Markaðssamskipti / SÍA




Þorleifur Örn Arnarson á stóra sviði Þjóðleikhússins, álfahöllinni þar sem við stígum inn í fantasíuna til þess að skoða okkur sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Maður kíkir undir skrápinn og við blasir ótrúleg eymd

**Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri leggur um þessar mundir lokahönd á sýninguna Álfahöllina í Þjóðleikhúsinu. Þorleifur hefur sterkar skoðanir á leikhúsinu, tilgangi þess og því samfélagi sem það fóstrar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Maður kemst ekki hjá því að finna eldmóðinn. Ólgandi kraftinn og einlæga ástríðuna sem brennur innra með Þorleifi Erni Arnarssyni leikstjóra sem þessa dagana er að leggja lokahönd á Álfahöllina, leiksýningu á stóra sviði Þjóðleikhússins. Húsinu sem var hér áður fyrr kennt við álfahöllina í Nýársnóttinni, eftir Indriða Einarsson, opnunarsýningu Þjóðleikhússins árið 1950.

Þorleifur er eilítið óðamála fyrst eftir að næst í skottið á honum enda í mörg horn að líta en hann gefur sér þó tíma til þess að tala um það sem hann er að fást við þessa dagana. „Við erum að umskrifa lokin á sýningunni," segir Þorleifur en frumsýning er næstkomandi laugardagskvöld svo það er víst óhætt að segja að hann sé óhræddur við að gera breytingar á lokasprettinum. „Já, ég hef hent sýningu viku fyrir frumsýningu og byrjað upp á nýtt. En núna er málið að fyrir fimm vikum vorum við bara með hugmyndir og langanir og kannski ákveðna samfélagslega og listræna nauðsyn. Nú fyrst erum við komin með efniviðinn og það verður unnið í honum þangað til tjaldið verður dregið frá, rétt eins og síðasta smiðshöggið skall andrá áður en tjaldið fór frá á frumsýningunni 1950."

### Listin á að rannsaka

Þorleifur segir að það sé í raun ótrúlega gaman að Þjóðleikhúsið skuli hafa haft hugrekki til þess að veita þessari sýningu farveg. „Ari Matthíasson sýnir ákveðið hugrekki að láta stóra sviðið undir sýningu á þeirri forsendu að listamennirnir finni að það er einhver undiralda sem þarf að kljást við, án þess að þeir geti enn útskýrt það nánar. Samt búum við á tímum þar sem alltaf allt á að útskýrast – allt er skilgreint og áþreifanlegt. En listin, við erum soldið búin að gleyma því, hún á að rannsaka. Og ef við þorum ekki að leyfa listamönnum að rannsaka þá verða þeir að þessum latte-lepjandi aumingjum sem popúlista hægrið heldur fram. Og það má alveg velta því fyrir sér hvort við höfum sofnað á verðinum og þurfum því að endurnýja umboðið okkar. Við erum að minnsta kosti að gera eins heiðarlega tilraun til þess og okkur er framast unnt á stóra sviði Þjóðleikhússins."

En hvers vegna er titill sýningarinnar þá þessi vísun í opnunarsýningu Þjóðleikhússins á sínum tíma? „Álfahöllin vísar til upphafsins en þó helst til þeirrar eilífu nauðsynjar Íslendinga til þess að búa sér til álfahallir til þess að umbera hinn óbærilega raunveruleika."

### Endurnýjað umboð

Þorleifur segist stilla þessu þannig upp að Þjóðleikhúsið sé að endurnýja umboð sitt frá þjóðinni. „Við sem listamenn erum að horfast í augu við það að í þessu nýtilkomna góðæri erum við samt að skilja eftir svöðusár eftir hrunið. Hið eilífa svöðusár fátæktarinnar sem stóð galopið eftir síðasta góðæri og hrun og við erum að skilja eftir. Sár sem er ekki að gróa og við erum ekki að græða. En við listamennirnir erum orðnir svo passasamir með að tala um hluti sem skipta máli, verja þá sem veikastir standa og standa upp fyrir grundvallar mannréttindum og vera pólitískt rétttrúandi að við erum í raun orðnir allt of uppteknir af okkur sjálfum. Þess vegna þurfum við að endurnýja umboð okkar til þess að tala um, rannsaka og spegla samfélagið.

Við þurfum að endurnýja umboðið með því að skoða samfélagið sem við búum í og leikararnir gerðu það með því að leggjast í miklar samfélagsrannsóknir. Ólafía Hrönn hefur til að mynda verið að rannsaka fátækt og í þeirri vinnu var hún alltaf að rekast á Mikael Torfason því þau voru að tala við sama fólkið. Rannsóknin sem Ólafía Hrönn var að vinna að var ein af mörgum en hún varð hvað mest aðkallandi. Hvernig stendur á að svo sár fátækt og alvarleg mannréttindabrot eiga sér stað á Íslandi? Hvernig stendur á því að við erum búin að týna samfélagshugsuninni um að við séum ekki sterkari en okkar veikasti hlekkur?

En til þess að endurnýja umboð okkar þurfum við líka að skoða hvaðan við komum. Okkar sögu. Við skoðum hvernig leikhúsið hefur í gegnum árin fjallað um samfélag sitt. Hvernig stendur á því að þá fátækasta land Evrópu byggði sér þessa miklu byggingu sem kastala utan um hugsjónir okkar? Álfahöllin er staður þar sem við stígum út úr raunveruleikanum og inn í fantasíuna en til þess helst að skoða okkur sjálf."

### Þetta er ólíðandi

Þorleifur segir að í raun þurfi allir sem koma að sýningu á borð við þessa að stíga út fyrir þægindarammann og inn í óttann, bæði sem listamenn og einstaklingar. „Allir og ég líka þurfa að sjá, þegar hækjurnar okkar og afsakanirnar eru farnar, hvað stendur eftir. Þetta hugrekki þjóðleikhússtjóra sem ég nefndi áðan er því líka til staðar í leikmunadeildinni, förðun, búningum, leikurunum og hjá öllu þessu fólki sem hefur þurft að gjörbreyta ferlunum sínum af því að það kannski bara breytist frá degi til dags hvernig þetta á að líta út. Það er magnað að leikhúsið hafi gefið svigrúm og tíma og sagt okkur að framkvæma. Út frá því spratt þessi hugmynd að því að leita til þjóðarinnar með að senda okkur leikföng þegar við förum að vinna með barnafátæktina. Þessa fátækt sem er óskiljanleg en krafði okkur um sviðsetningu og þá þurftum við að finna leið. Svara ákallinu í þessu listræna frelsi."

Varð ykkur hverft við þegar þið föruð að skoða samfélagið? „Já, mér er miklu meira niðri fyrir en þegar við vorum að byrja. Ég áttaði mig ekki á því að þetta væri jafn ömurlegt og það er. Ég vinn mikið erlendis og fylgist vel með því sem er að gerast í samfélagslegri umræðu í bæði Bandaríkjunum og ekki síður á meginlandi Evrópu þar sem er mikil umræða um misskiptingu. En síðan kemur maður heim og það eru allir að tala um að hér ríki meira jafnræði og að hér sé rosa góðæri en svo þegar maður kíkir undir skrápinn þá blasir við ótrúleg eymd. Maður upplifir þetta sem svo hræsnisfullt að við séum að berja okkur á brjóst fyrir að hér sé allt svo frábært og við höfum það svo gott á meðan stór hluti þjóðarinnar nær varla endum saman, er alltaf einu áfalli frá því að falla niður í fátækt. Og þeir sem eru fátækir eru í algjörri gildru. Þaðan er engin leið út og þetta er bara ólíðandi," segir Þorleifur og er mikið niðri fyrir.

### Grið fyrir gagnrýni

„Ég er samt að reyna að passa mig því ég er listamaður en ekki félagsfræðingur. Ég tek persónulega þátt í ákveðnu starfi en það er fyrir utan leikhúsið og ég reyni að halda því þar vegna þess að leikhúsið á ekki að verða að einhvers konar sósíalstofnun. En það á að sýna fólki undir skrápinn og við erum að leita að listrænni leið til þess.

Leikhúsið er kannski síðasti samkomustaðurinn okkar sem er einvörðungu þarna til þess að við fáum sameiginlega upplifun á því hvernig aðrar manneskjur hafa það, er þarna til þess að við eflum samlíðan og samfélagslega hugsun. Ég held að það sé kjarninn sem við erum búin að glata með einstaklingshyggjunni. Við verðum að hafa útópískar hugmyndir. Við verðum að búa yfir samfélagshugmyndum af því að hitt dugar ekki.

Mín tilfinning er stundum að það sé samfélagsleg og pólitísk sátt um fátækt á Íslandi. Ég er Þjóðleikhúsinu því þakklátur fyrir að halda í þessa vegferð með það að markmiði að stuðla að ákveðinni vitundarvakningu án þess að við ætlum að vera að setja okkur á háan hest. En þetta verður að vera hluti af leikhúsinu og ef við höfum áhuga á einhverju öðru en kapítalísku leikhúsi þá þurfum við skapa ramma utan um það. Við þurfum á því að halda að einhvers staðar séu grið fyrir gagnrýni í íslensku samfélagi."

# LENGI LIFI LESTURINN!




**Elsku Drauma mín**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð áður: 3.899.-




**Allt fer**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.899.-




**Undur Mývatns**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-




**Dalalíf IV - Laun syndarinnar**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.899.-




**Fjallvegahlaup**
**VILDARVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 5.999.-




**Innan múranna**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.499.-




**Örvænting**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð áður: 3.999.-




**Í skugga valdsins**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð áður: 3.899.-




**Stúlkurnar á Englandsferjunni**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.899.-




**Rútan**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.499.-




**Fyrirboðar og tákn**
**VILDARVERÐ: 5.999.-**
Verð áður: 6.999.-




**Framúrskarandi dætur**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 9. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.
















# BÍÓ



Scarlett Johansson er hvorki góð né slæm í hlutverki sínu í Ghost in the Shell. NORDICPHOTOS/AFP

# Þunn vofa í glæsilegum hjúp

**KVIKMYNDIR**

**Ghost in the Shell**

★★★☆☆

**Leikstjóri: Rupert Sanders**

**Framleiðendur:** Steven Paul, Avi Arad
**Handrit:** Jamie Moss, William Wheeler
**Kvikmyndataka:** Jess Hall
**Aðalhlutverk:** Scarlett Johansson, Pilou Asbæk, Takeshi Kitano

Unnendur japanskra manga-myndasagna og „anime“ þekkja flestir til fyrirbærisins Ghost in the Shell, sem getið hefur af sér fjölmarga þætti, bækur og nokkrar bíómyndir. Upprunalega bíómyndin frá 1995 var ein dýrasta teiknimynd síns tíma og sópaði til sín lofi fyrir sínar margbrotnu hugmyndir og ekki síður þrælflottan teiknistíl.

Skemmst er frá því að segja að Hollywood-útgáfan, sem er lauslega endurgerð á '95 myndinni, er strípuð af megni innihaldsins og einkennum þessara sagna og er matreidd sem fátt meira en dýr og tilkomumikill stílgrautur. Ef sami metnaður og fylgir útlitinu hefði verið lagður í handritið, væri útkoman hágæðamynd umhugsunarlaust, því útlitið er algjörlega meiriháttar.

Scarlett Johansson hefur hlotið mikla gagnrýni fyrir að vera af röngu þjóðerni fyrir aðalhlutverkið, en í myndinni er gerð að minnsta kosti tilraun til þess að svara þeirri umræðu, þrátt fyrir að hún virki svolítið hálfbökuð. Johansson er hins vegar – ótengt þjóðerninu – hvorki góð né slæm í hlutverkinu, fyrir utan það að vera í hörkuformi og hörð í hasarsenum. Annars er það sem í eðli persónunnar að vera stíf og svipbrigðalaus, í ljósi þess að hún er nánast meiri vél en manneskja. Það skrifast líka á leikstjórnina og handritið hvað karakterinn nær litlu sambandi við áhorfandann.

Leikhópurinn er almennt fjölbreyttur og fínn, þó gjarnan hefði mátt gera miklu meira við flesta. Franska leikkonan Juliette Binoche setur nauðsynlegan mannúðleika í blönduna, danski leikarinn Pilou Asbæk er þokkaleg viðbót sem sérsveitarlöggan Batou og japanski snillingurinn Takeshi Kitano fær nokkur tækifæri til þess að sýna hversu mikill töffari hann getur verið, þrátt fyrir að hann líti varla út fyrir að nenna þessu.




Ghost in the Shell fær þrjár stjörnur af fimm. NORDICPHOTOS/AFP

En að skrautinu aftur, peningurinn sem hefur farið í framleiðsluna sést svo sannarlega á skjánum. Þetta er önnur mynd leikstjórans Ruperts Sanders og sást það síðast hversu gott auga hann hefur í hinni bragðlausu Snow White and the Huntsman. Heimurinn í Ghost in the Shell er allavega vel uppstilltur; stórborgin grípandi, litrík og lifandi.

Brellur eru til fyrirmyndar og leikstjórinn tvinnar glæsilega saman þetta svokallaða „cyber-punk“ andrúmsloft með úthugsaðri kvikmyndatöku (sem afritar fullt af römmum beint frá upprunalegu teiknimyndinni) og dýnamískri tónlist frá fagfólkinu Clint Mansell og Lorne Balfe.

Það er auðvelt að sjá að hér er efniviður sem hefur verið margunninn áður. Strax má sjá að myndin kemur út eins og útþynnt blanda af Blade Runner og The Matrix (þó svo að sú mynd hafi sótt heilmikinn innblástur í upprunalegu Ghost in the Shell teiknimyndina). Það sem aðskilur annars vegar góða, langlífa „sci-fi“ spennusögu frá tómri hasarveislu er einfaldlega framsetning á þessum þemum sem fylgja sögum um vélmenni sem velta fyrir sér mannlega þættinum eða eðli sálarinnar.

Í Ghost in the Shell endurgerðinni hafa aðstandendur aðeins dýft tánni í þunna speki sem er líkari predikun heldur en marglaga krufningu á athyglisverðum hugmyndum. Það hefði líka munað miklu ef söguþráðurinn væri aðeins hnitmiðaðri og breiðari. Hann trekkir upp litla spennu og allar tilraunir til þess að gefa sögunni einhverja sál og persónum dýpt skilar litlum árangri. Til lengdar verður ómögulegt að standa ekki á sama um fólkið - vélrænt eða ekki - þegar „kúlið“ er það helsta sem skiptir máli.

Með væntingar í lágmarki er þó ágæt afþreying í þessu og erfitt er að finna flottara þrívíddarbíó um þessar mundir. Að minnsta kosti má alltaf leita til teiknimyndarinnar ef viðkomandi er í leit að einhverju bitastæðara. **Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Útlitslega er myndin svo flott að hún er næstum því aðgangseyrisins virði fyrir það eitt. Verst er að efniviðurinn býður upp á svo margt meira en bara stílíseraða hasarmynd.

# VOR-DAGAR

Allir skrifborðs- og leikjastólar **20%** afsláttur

høie OF SCANDINAVIA

GOLD EINSTÖK GÆÐI

NORSK GÆÐAVARA

Koddi
50 x 70 sm.
~~9.995~~ nú 4.995

Allt að **50%** afsláttur

NÝTT

FULLT VERÐ: 24.990

**14.990**

**HØIE GEILO MOSKUSDÚNSÆNG**
Góð moskusdúnsæng fyllt með 90% hvítum moskusandadún og 10% hvítum moskusfjöðrum. Fylling: 550 gr. Sængin er saumuð í ferninga og áklæðið er úr 100% gæðabómull. Burðargeta 11. Má þvo við 60°C. Stærðir: 140 x 200 sm.
**24.990** nú **14.990** Koddi: 50 x 70 sm. **9.995** nú **4.995**
Vnr. 4110350, 4310104

1 STK.

**695**

**GERVIBLÓM**
Fallegar páskaliljur í potti.
Vnr. 317002240

**40%** afsláttur

FULLT VERÐ: 2.995

**1.795**

**TOP ROLLER PLASTKASSI**
Stærð: 59,3 x 39,3 x 34,2 sm. Vnr. 2046

NIGHT DREAMS BASIC

**50%** afsláttur

KREP

FULLT VERÐ: 1.995

**995**

**ALVINA SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% polyesterkrep. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.
Lokað með rennilás. Vnr. 1335980

# FRÁBÆRT FERMINGARTILBOÐ!

## RÚM+SÆNG/KODDI+LAK+SÆNGURVERASETT

Luxury Sleep

FÆTUR OG BOTN FYLGJA

Sparið **46.585** krónur

DÝNA
120 X 200 SM.
109.950

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

Netgíró

+

høie OF SCANDINAVIA DUO 2-1

SÆNG OG KODDI
9.995

+

KRONBORG OF DENMARK GOLD

LAK
2.995

+

KRONBORG OF DENMARK PLUS

SÆNGUR-VERASETT AÐ EIGIN VALI AÐ VERÐMÆTI
3.595

KRONBORG OF DENMARK PLUS

**LUXURY SLEEP HEILSUDÝNA + HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI + KRONBORG TEYGJULAK + SÆNGURVER**
Góð meðalstíf heilsudýna með 240 pokagormum pr. m$^2$. og 5 þægindasvæðum. Stærð: 120 x 200 sm. Vönduð thermo-sæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Gott teygjulak úr 100% bómull. Fæst í nokkrum litum. Sængurverasett að eigin vali að verðmæti **3.595** Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.
Vnr. 8880000870A, 4117000, 1416101 , 1317180, 1336880

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR 06.04 - 18.04**

ALLUR PAKKINN FULLT VERÐ: 126.535

**79.950**







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 10:40 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| GHOST IN THE SHELL 2D VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 8 - 10:40 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| FIST FIGHT | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 8 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 5:30 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 10:45 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI (NÚMERUÐ SÆTI) | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 - 8 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 10:10 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| GHOST IN THE SHELL 3D | KL. 8 - 10:30 |
| CHIPS | KL. 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 8 |

Góða skemmtun í bíó


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 6. APRÍL

### Tónlist

**Hvað?** Á ljúfum nótum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fríkirkjunni í Reykjavík
Snorri Sigfús Birgisson og Hanna Dóra Sturludóttir flytja nokkrar þjóðlagaútsetningar í Fríkirkjunni.

**Hvað?** Auður Hafsteinsdóttir – Tangótónlist með meiru
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafni Seltjarnarness
Seiðandi tangótónlist, Fúsalög, fiðludúett eftir Sjostakovitsj og verk eftir Mozart eru á dagskrá Tónstafa, samstarfsverkefnis Bókasafns Seltjarnarness og Tónlistarskóla Seltjarnarness í dag kl. 17.30, þar sem fiðluleikarinn Auður Hafsteinsdóttir er í aðalhlutverki.

**Hvað?** Íslenski saxófónkvartettinn fagnar tíu ára starfi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salnum, Kópavogi
Íslenski saxófónkvartettinn fagnar tíu ára starfsafmæli með litríkum, fjölbreyttum og kraftmiklum tónleikum í Tíbrá í kvöld kl. 20.00. Á efnisskrá tónleikanna eru verkin Summa eftir Arvo Pärt, Andante et Scherzo eftir Eugene Bozza, Histoire du Tango eftir Astor Piazzolla, Saxófónkvartett eftir Philip Glass og frumflutningur á nýju verki fyrir saxófónkvartett eftir Svein Lúðvík Björnsson.

**Hvað?** Vortónleikar Háskólakórsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Neskirkju
Á tónleikunum flytur kórinn m.a. kórverk eftir Claudio Monteverdi, Ralph Vaughan Williams, Jón Leifs, Hafliða Hallgrímsson og Báru Grímsdóttur auk fjölda annarra íslenskra tónskálda. Tónleikarnir eru liður í undirbúningi kórsins fyrir söngferðalag hans til Austurríkis og Tékklands í sumar.


**Skálmöld heldur útgáfutónleika á Akureyri í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Belleville
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Rosenberg, Klapparstíg
Frönsk kaffihúsastemning, Belleville leikur frumsamin lög í musette-stíl í bland við gamlar lummur með Edith Piaf, Juliette Gréco, Yves Montand o.fl. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** Jazz & Blues Nights in Reykjavík
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hótel Sögu
Gítargoðsögnin Björn Thoroddsen spilar á Hótel Sögu öll fimmtudagskvöld og í kvöld í tilefni blúshátíðar verður blúsgítarleikarinn og söngvarinn Dóri Braga gestur Bjössa.

**Hvað?** Skálmöld – útgáfutónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hofi, Akureyri
Skálmöld gaf út sína fjórðu breiðskífu seint á síðasta ári. Nú skal útgáfunni fagnað með veglegum tónleikum. Hefð hefur skapast fyrir því að halda sitjandi útgáfutónleika eftir hverja útgáfu Skálmaldar og engin breyting skal á því gerð nú.
Hvað? Reykjavík Smooth Jazz Band

**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna hattinum, Akureyri
Létt sveifla með þekktum dægurlögum í nýjum og breyttum útsetningum mitt á milli þess að vera popp og djass.

### Viðburðir

**Hvað?** Prjónakaffi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Heimilisiðnaðarfélaginu, Nethyl 2e
Notaleg prjónasamverustund. Þetta kvöld er garnið Einrúm kynnt. Gestir mæti með prjóna nr. 3,5-4,5 en viðstöddum býðst að prjóna prufur úr garninu.

**Hvað?** Upplifun flóttafólks og hælisleitenda ásamt móttöku heimamanna
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Árnagarði
Mannfræðifélag Íslands býður, í samstarfi við námsbraut í mannfræði við Háskóla Íslands, til málþings um upplifun flóttafólks og hælisleitenda ásamt móttöku heimamanna.

**Hvað?** Málþing til heiðurs Laufeyju Steingrímsdóttur
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hannesarholti, Grundarstíg
Málþing til heiðurs Laufeyju Steingrímsdóttur, prófessor emerítus í næringarfræði við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands. Farið verður yfir fjölbreyttan og farsælan feril Laufeyjar sem er einn af brautryðjendum næringarfræðinnar á Íslandi.

**Hvað?** Hlutverk opinberra starfsmanna í lýðræðisumræðu: Aðalfundur og málþing Íslandsdeildar Norræna stjórnsýslusambandsins (NAF)
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Öskju, Háskóla Íslands
Allir velkomnir: Þátttökugjald er 2.000 kr. sem greitt er við innganginn og er jafnframt árgjald NAF. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum NAF fer fram málþing í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands þar sem fjallað verður um hlutverk opinberra starfsmanna í lýðræðisumræðu.

**Hvað?** Fyrirlestur: Rithöfundar Rómafólks
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Þjóðminjasafninu
Í evrópskum skrifum er Rómafólki lýst sem framandi, ástríðufullu, seiðandi, frjálsu, ólæsu og ósiðmenntuðu. Færri vita að bókmenntir Rómafólks spanna meira en heila öld. 8. apríl er alþjóðlegur dagur Rómafólks og markmið hans er að vekja fólk til umhugsunar um menningu og sögu Rómafólks og vandamál fólksins. Af þessu tilefni ætlar Sofiya Zahova, nýdoktor og fræðimaður við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, að halda fyrirlestur tileinkaðan rithöfundum Rómafólks.








BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19



| | |
|---|---|
| Klaufabárðarnir | 18:00 |
| The Midwife | 20:00 |
| Toni Erdmann | 20:00 |
| Moonlight | 22:15 |
| The Other Side Of Hope | 22:30 |



sloggi®

# SLOGGI MAXI 3 Í PAKKA
# Á TILBOÐI
## á útsölustöðum Sloggi

TILBOÐ




þér líður betur í Sloggi




Árni heldur áfram að uppskera úr garðinum sínum og þurrkar ferskar kryddjurtir til að eiga fyrir veturinn. Síðan gerir hann æðislegt salat úr rótargrænmeti og setur nauta-innlæri í kryddlög og býr til "jerky" sem er ljúffengt þurrkað kjöt.

**FRÁBÆR FIMMTUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365

**MASTERCHEF PROFESSIONALS AUSTRALIA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**HOMELAND**
Magnaðir þættir þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson sem er aftur flutt til Bandaríkjanna eftir að hafa komið í veg fyrir hryðjuverkaárás í Berlín.






**PRISON BREAK**
Æsilegi flóttinn heldur áfram en við tökum upp þráðinn þar sem frá var horfið í síðustu seríu. Nú sjö árum síðar komast Lincoln og Sara að því að Michael er enn á lífi og er í fangelsi í Jemen.

**THE BLACKLIST: REDEMPTION**
Hörkuspennandi hliðarsería af The Blacklist. Tom Keen gengur til liðs við fyrirtæki í eigu Susan Hargrave sem sérhæfir sig í að leysa erfiðustu og hættulegustu málin fyrir bandarísku ríkisstjórnina.




**ANGIE TRIBECA**
Angie Tribeca starfar í sérstakri deild innan lögreglunnar sem sérhæfir sig í óvenjulegum sakamálum sem oftar en ekki eru óhefðbundin lögreglumál.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** The Middle
**07.50** Kalli kanína og félagar
**08.15** Tommi og Jenni
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Undateable
**10.40** The Goldbergs
**11.05** Landnemarnir
**11.50** Manstu
**12.35** Nágrannar
**13.00** Phantom of the Opera
**15.30** The Borrowers
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The Big Bang Theory
**19.40** Masterchef Professionals – Australia Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, ráðsnilld og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó alltaf dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem meistari fagmannanna.
**20.25** Hið blómlega bú
**21.00** Homeland Sjötta syrpa þessara mögnuðu spennuþátta þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson, nú fyrrverandi starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar. Carrie er komin aftur til Bandaríkjanna eftir Berlínardvöl þar sem hún kom í veg fyrir hryðjuverkaárás. Nú berst hún gegn mismunun og óréttlæti í garð minnihlutahópa og fyrir auknum borgararéttindum þeirra. Þau Saul hafa ekki enn náð sáttum.
**21.50** Prison Break. Sequel
**22.35** The Blacklist. Redemption
**23.20** Big Little Lies
**00.10** Martha & Snoop's Potluck Dinner Party
**00.30** Armed Response
**02.05** Shameless
**03.00** Shameless
**03.50** Utopia
**04.45** Utopia
**05.35** Person of Interest

## STÖÐ 2 SPORT

**07.45** Premier League
**09.25** Premier League
**11.05** Spænski boltinn
**12.45** Domino's körfuboltakvöld
**13.35** Premier League
**15.15** Premier League
**16.55** Dominos deild kvenna
**18.35** Premier League World
**19.05** Domino's-deild kvenna
**21.10** Spænski boltinn
**22.50** Domino's-deild karla
**00.25** Domino's-deild karla

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Domino's-deild kvenna
**08.40** Spænski boltinn
**10.20** Spænsku mörkin
**10.50** Formúla E
**12.35** Football League Show
**13.05** Premier League
**14.45** Premier League
**16.25** Premier League
**18.05** Premier League
**19.45** Premier League
**21.25** Þýski boltinn
**23.05** Domino's-deild kvenna

## STÖÐ 3

**17.30** The Big Bang Theory
**17.50** The New Girl
**18.15** League
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Á fullu gazi
**20.10** Þær tvær
**20.30** Supergirl
**21.15** Angie Tribeca
**21.40** Arrow
**22.25** Klovn
**22.55** The New Adventures of Old Christine
**23.20** Gilmore Girls
**00.05** Curb Your Enthusiasm
**00.35** Á fullu gazi
**01.05** Þær tvær
**01.25** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**07.11** Zigby
**07.25** Stóri og Litli
**07.38** Skógardýrið Húgó
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**11.11** Zigby
**11.25** Stóri og Litli
**11.38** Skógardýrið Húgó
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**15.11** Zigby
**15.25** Stóri og Litli
**15.38** Skógardýrið Húgó
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Hrúturinn Hreinn



Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og17.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.35** 2017 Augusta Masters
**10.40** Golfing World 2017
**11.30** PGA Highlights 2017
**12.25** 2017 Augusta Masters
**14.30** Golfing World 2017
**15.20** Champions Tour Highlights
**16.15** 2017 Augusta Masters
**18.20** Inside the PGA Tour
**18.45** 2017 Augusta Masters
**23.30** Inside the PGA Tour

## BÍÓSTÖÐIN

**13.10** Cheaper By The Dozen 2
**14.45** Sophia Grace and Rosie's Royal Adventure
**16.05** Earth to Echo
**17.35** Cheaper By The Dozen 2
**19.10** Sophia Grace and Rosie's Royal Adventure
**20.30** Earth to Echo
**22.00** The Fantastic Four
**23.40** Need for Speed Myndin segir frá vélvirkjanum Tobey sem er dæmdur saklaus til fangelsisvistar. Meðan hann situr inni planar hann hvernig hann ætlar að hefna sín á manninum sem ber ábyrgð á fangelsisvist hans. Einn liðurinn í þeirri áætlun er að taka þátt í kappakstri þvert yfir Bandaríkin. Málin vandast þegar andstæðingur hans leggur 6 milljónir dollara til höfuðs honum svo Tobey er hvergi öruggur og kappaksturinn snýst upp í æsilegan eltingaleik upp á líf og dauða.
**01.50** Cold in July
**03.40** The Fantastic Four

## RÚV

**16.20** Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni
**16.45** Framapot
**17.10** Táknmálsfréttir
**17.20** Meistaradagar 2017: Fimleikar
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Framapot
**20.35** Lygavefur
**21.30** Hulli
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Fortitude
**23.10** Á spretti
**23.35** Glæpasveitin
**00.35** Kastljós
**01.00** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Melrose Place
**10.35** Síminn + Spotify
**11.45** Dr. Phil
**12.25** The Voice USA
**13.55** Difficult People
**14.20** Survivor
**15.05** The Bachelorette
**16.35** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** Arrested Development
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Odd Couple
**20.15** The Mick
**20.35** Speechless
**21.00** The Catch
**21.45** Scandal
**22.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Californication
**00.20** 24
**01.05** Law & Order. Special Victims Unit
**01.50** Billions
**02.35** The Catch
**03.20** Scandal
**04.05** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**04.45** The Late Late Show with James Corden
**05.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BAUHAUS
Fagmenn í grilli

# Heill heimur af grillum og fylgihlutum

– varanleg verðlækkun

weber Broil King Great Barbecues Every Time Kingstone Grillstar evasolo



## Varanleg verðlækkun á grillum og grillfylgihlutum!

Við kynnum með stolti nýja grillsvæðið okkar eða heilan heim af grillum og fylgihlutum eins og við kjósum að kalla það. Eins og alltaf er markmið okkar að geta boðið lágt verð, við fylgjumst vel með hvað samkeppnisaðilar okkar gera og lækkum okkar verð, ef við komumst að því að þeirra verð er lægra. Við erum stolt af að geta boðið upp á eitt mesta úrvalið á markaðnum, bæði hvað varðar fjölda vörunúmera og merkja. Með því tryggjum við að hjá okkur ættu allir að geta fundið það sem þeir leita að - Lágt verð, alltaf!

**74.995.-**

weber

**Q3200 gasgrill**

2 ryðfríir brennarar, 6,35 kW/klst. Rafstýrður kveikirofi. Grillflötur 63 x 45 cm, efri grind 44 x 11 cm. Tvískiptar grillgrindur úr pottjárni, lok og botn úr álsteypu. Grátt. Hitamælir í loki. Niðurfellanleg hliðarborð.



**149.995.-**

weber

**Genesis® II E-410 GBS**

4 ryðfríir brennarar, 14,0 kW/klst. Rafstýrður kveikirofi. Grillflötur 86 x 48 cm, efri grind 84 x 15 cm. Postulínglerungshúðaðar bragðburstir (Flavorizer® bars). Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki. Hitamælir í loki. Ryðfrítt stál í hliðarborðum, 4 hjól, þar af 2 læsanleg. Gaskútageymsla, fitusafnari og álbakki fyrir fitu. Þyngd 73 kg.



**34.995.-**

weber

**Q1200 gasgrill**

Ryðfrír brennari, 2,64 kW/klst. Grillflötur 42 x 32 cm. Slanga og þrýstijafnari fyrir gaskút fylgja. Fæst í mörgum litum.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Versta starfið

Vinnan göfgar manninn og allt það. En það verður nú samt að viðurkennast að sum störf eru einfaldlega verri en önnur. Lífið fékk nokkra einstaklinga til að segja frá versta starfi sem þeir hafa unnið.











### ÁRELÍA EYDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

dósent við HÍ og rithöfundur

„Í öllum störfum eru „verstu“ augnablik og bestu. Í starfi mínu sem háskólakennari getur versta augnablikið verið þegar ég byrja að fara yfir ritgerðir og próf en síðan finnst mér það skemmtilegt eftir smástund. Í starfi mínu sem rithöfundur getur versta augnablikið verið þegar ég horfi á skjáinn tómeyg og óvissan er yfirþyrmandi, en síðan eftir smá stund er tónninn sleginn. Þegar ég vann í fiski fannst mér versta augnablikið vera þegar hringt var úr pásu og maður þurfti að drepa í rettunni og ganga til verks en oftast var svo gaman eftir smá. Í starfi mínu í Fríhöfninni var versta augnablikið að vakna klukkan fimm að morgni og fara til vinnu en eftir að ég var mætt var oft fjör. Í starfi mínu á Tomma hamborgurum fannst mér verst að þrífa grillið eftir törn en gott þegar það varð spegilfínt. Í starfi mínu í sjoppu fannst mér verst þegar viðskiptavini vantaði en þá var það útgáfa Ísfólksins sem bjargaði mér. Öll störf hafa vond og góð augnablik og allt þar á milli.“

**SJÓMENNSKA HENTAÐI EKKI SJÓVEIKUM RÚNARI.**

### HRAFN JÓNSSON

kvikmyndagerðarmaður og pistlahöfundur

„Ég hef átt margar frábærar upplifanir á vinnumarkaði. Ég vann til dæmis einu sinni á vídeóleigu þar sem var svona klámmyndamappa undir borði sem gamlir karlar í rykfrökkum komu reglulega og skoðuðu. Svo vann ég einu sinni á framköllunarstofu þar sem gamlir karlar í rykfrökkum komu reglulega með filmur í framköllum sem innihéldu myndir af þeim í innilegum ástaratlotum – hvort sem það var með öðrum eða bara sjálfum sér. Svo var mér líka einu sinni sagt upp af Ásgeiri Kolbeins.

Eina virkilega slæma upplifunin sem ég man eftir af vinnumarkaði var þegar ég vann eina viku í þjónustuveri hjá fjarskiptafyrirtæki. Í alvöru, það er algjör Normandýstemning hverja einustu lifandi sekúndu hjá svona þjónustuverum; „ROUTERINN MINN VIRKAR EKKI!“, „AF HVERJU ER SÍMREIKNINGURINN MINN SVONA HÁR?“, „ÉG HATA YKKUR OG ALLT SEM ÞIÐ STANDIÐ FYRIR!“ Ég eyddi einu sinni góðum 40 mínútum í að reyna að leiðbeina einhverjum gömlum manni, líklega í rykfrakka, um hvernig hann ætti að tengja router-inn sinn. Lexían er sú að það fást þúsund karmastig fyrir að vera góður og bliður við þjónustufólk.“

### RÚNAR EFF RÚNARSSON

tónlistarmaður

„Ég held að versta starf sem ég hef prófað hljóti að vera sjómennska, ég varð svo hrikalega sjóveikur að ég lét mér nægja þennan eina túr og eftirlét alvöru karlmönnum plássið. Ég ætla bara að halda mig við tónlistina.“

### KÖTT GRÁ PJÉ

listamaður

„Sumarið sem ég varð tvítugur vann ég í kúfiskverksmiðju á Þórshöfn á Langanesi. Ég er með einhvers konar ofnæmi, svo ég þurfti alltaf að vera með gasgrímu sem var tengd í súrefnisleiðslur í loftinu, dró helvítis slönguna með mér um verksmiðjuna. Um mitt sumar stakk ég af, ók bara til Akureyrar og sagði fökk itt.“

**KÖTT GRÁ PJÉ GAFST UPP Á AÐ VINNA MEÐ GASGRÍMU.**

### FRIÐRIK ÓMAR HJÖRLEIFSSON

söngvari

„Tvímælalaust var það bæjarvinnan þegar ég var unglingur á Dalvík. Oj, hvað ég nennti því aldrei. Finnst fátt leiðinlegra en að slá og reyta arfa. Aldrei aftur!“

## Áður en þau urðu fræg ...



**Gwen Stefani**
Söngkonan vann eitt sinn í ísbúð í Orange County í Kaliforníu.



**Sandra Bullock**
Leikkonan er sögð hafa unnið fyrir sér sem barþjónn á sínum yngri árum.



**Lady Gaga**
Söngkonan hæfileikaríka starfaði sem þjónn í New York.



**Queen Latifah**
Fjöllistakonan Latifah vann eitt sinn á hamborgarastaðnum Burger King við afgreiðslu og þrif.



**Jennifer Aniston**
Aniston starfaði við ræstingar sem unglingur.



**Brad Pitt**
Pitt starfaði eitt sinn á matsölustaðnum El Pollo Loco. Starfið fól í sér að standa úti á götu og dreifa auglýsingum.

# Floyd Mayweather sturlast yfir klappstýrukeppni

Boxarinn Floyd Mayweather fór á klappstýrukeppni um helgina þar sem hann horfði á dóttur sína keppa. Hann varð eitthvað ósáttur við dómnefndina, en dóttir hans og lið hennar höfnuðu í öðru sæti, og las yfir hausamótunum á nefndarmönnum.

Á slúðurvefnum TMZ er viðtal við Jeff Krapf, kynni keppninnar sem fór fram í borginni Irvine í Kaliforníufylki, en hann stóð í miðjum „fellibylnum“ þegar boxarinn brjálaðist. Samkvæmt honum blótaði Floyd Mayweather dómurunum í sand og ösku og sagði meðal annars: „Það er ég sem borga fyrir þessa keppni!“



Floyd Mayweather sturlaðist.

**VIRÐI FLOYDS MAYWEATHER ER 400 MILLJÓNIR DOLLARA OG ER HANN ÓSIGRAÐUR Í 49 BARDÖGUM.**

Jeff Krapf þessi hélt á einum tímapunkti að Floyd myndi hreinlega ganga í skrokk á einhverjum og sagði Krapf að hann hefði hugsað sér gott til glóðarinnar, því það að vera kýldur af jafn ríkum manni og Floyd „Money“ Mayweather gæti, að minnsta kosti í Bandaríkjunum, leitt til ansi hárra skaðabóta. – sþh

Glæsilegt úrval á pier.is



Gildir 6.– 12. apríl

# 40% AFSLÁTTUR AF PÚÐUM

## NEVADA HORNSÓFI – PÁSKATILBOÐ 223.920,-



## 30% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM, MOTTUM, TEPPUM & DÚKUM





the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Hratt ris hins hvíta Iverson



Post Malone skipti næstum yfir í rokkið enda lærði hann að spila á gítar í tölvuleiknum Guitar Hero. NORDICPHOTOS/AFP

Hinn 21 árs gamli Post Malone ætlar að spila á Íslandi í sumar. Ferill hans hefur ekki verið ýkja langur en þó hefur hann verið ákaflega stormasamur og leið hans á toppinn á poppfjallinu var ekki löng. Hér verður stiklað á stóru í gegnum tónlistarferil Post Malone.

### JÚLÍ 2015 – WHITE IVERSON SKEKUR HEIMINN

Það eru einungis tæp tvö ár síðan Post Malone, þá algjörlega óþekktur, setti myndband við lag sitt White Iverson á YouTube þar sem það halaði inn áhorfum og er með yfir 250 milljón spilanir í dag.

### ÁGÚST 2015 – FÆR PLÖTUSAMNING EFTIR 10 MÍNÚTUR

Aðein mánuði eftir að Post Malone vakti athygli fyrir White Iverson var plötusamningur við Republic Records kominn í hús hjá drengnum. Republic Records er með slatta af stórum nöfnum á sínum snærum, en fyrirtækið er undirdeild Universal.

### MARS 2016 – BLESSAÐUR AF KONUNGI POPPSINS

Í mars 2016 tilkynnti poppgoðið Justin Bieber að Post Malone myndi ferðast með sér á Norður-Ameríkulegg Purpose-tónleikaferðalagsins. Justin og Post Malone eru víst góðir vinir, en Bieber er árinu eldri en Post Malone. Það sem var kannski helst að frétta af þessu ferðalagi var ljósmynd þar sem Post Malone virtist vera að kyrkja Justin en um fíflagang var víst að ræða.

### MAÍ 2016 – LOFAÐ UPP Í ERMINA

Mixteipið August 26th kom út í maí í fyrra – titill þess vísaði til útgáfudags fyrstu plötu Post Malone sem átti að koma út, nema hvað, 26. ágúst.

### JÚNÍ 2016 – FYRSTA SINN Í SJÓNVARPI

Post Malone kom fyrst fram í sjónvarpi sumarið 2016 þar sem hann flutti smellinn sinn Go Flex í þætti Jimmys Kimmel.

### JÚNÍ 2016 – MISSKILNINGURINN MIKLI

Í sama mánuði var það gefið í skyn að Post Malone ætti að vera í Freshmen-hefti rapptímaritsins XXL, en það þykir talsverður gæðastimpill. Blaðið gefur árlega út svokallaðan Freshmen-lista yfir þá ungu rappara sem talið er að muni verða næstu stórstjörnur rappheimsins. Hinsvegar varð ekkert úr því að Post Malone prýddi forsíðu þessa ágæta tímarits en það var vegna einhvers misskilnings á milli ritstjórnar XXL og útgáfufyrirtækis Post Malone sem hafði gefið það út að Post Malone ætlaði að setja hiphop-tónlist á hilluna og fókusera á einhvers konar rokk/poppferil frekar. Post Malone neitaði þessu og sagði að Stoney, væntanleg breiðskífa hans, yrði rappplata.



Poppkóngurinn Justin Bieber er góðvinur og lærifaðir Post Malone. NORDICPHOTOS/GETTY

» POST MALONE ER FÆDDUR ÁRIÐ 1995, EINU ÁRI Á EFTIR JUSTIN BIEBER.

### ÁGÚST 2016 – HVAR ER STONEY?

26. ágúst rennur upp en hvergi bólar á Stoney. Degi síðar biðst Post Malone afsökunar á töfinni og lofar því að platan komi út bráðlega.

### DESEMBER 2016 – STONEY KEMUR ÚT

Þremur mánuðum síðar rennur dagurinn loksins upp og Stoney lendir í hillum plötuverslana.

### MARS 2017 – CONGRATULATIONS FÆR PLATÍNUPLÖTU

Smellurinn af Stoney, Congratulations, fær platínuplötu í mars. Í laginu eru engir aukvisar með Post Malone en gestur er Quavo úr hljómsveitinni Migos og á tökkunum er Metro Boomin, súper-pródúserinn sem hefur til að mynda gert smelli með Drake, Future og fleirum.

### JÚLÍ 2017 – POST MALONE SPILAR Í HÖRPUNNI

Í sumar kemur svo vafalaust langstærsta augnablikið á ferli Post Malone þegar hann stígur inn í sjálfa Hörpu okkar Íslendinga og telur í White Iverson fyrir æsta aðdáendur.

stefanthor@frettabladid.is

» LAGIÐ CONGRATULATIONS NÁÐI PLATÍNUSÖLU Í MARS 2017.



Metro Boomin er meðal þeirra pródúsenta sem hafa varðað veg Post Malone á topp poppísjakans. NORDICPHOTOS/GETTY



Quavo kom fram í smellinum Congratulations sem hlaut platínuplötu í síðasta mánuði. NORDICPHOTOS/AFP

» POST MALONE SKÝST UPP Á STJÖRNUHIMININN ÁRIÐ 2015.

# Shia LaBeouf seldi einn heilan miða í Bretlandi

Nýjasta kvikmynd Shia LaBeouf fór í sýningar í Bretlandi um helgina. Myndin ber heitið Man Down og er stríðsmynd sem fjallar um fótgönguliða sem snýr aftur frá Afganistan og þarf að leita að syni sínum við heimkomuna.

Þetta væri nú ekki í frásögur færandi ef það væri ekki fyrir þá staðreynd að samkvæmt ComScore, fyrirtæki sem mælir meðal annars aðsóknartölur, þá rakaði myndin inn heilum sjö pundum – jafngildi eins aðgöngumiða.

Reyndar var myndin einungis sýnd á einum stað í öllu Bretlandi – en það var í kvikmyndmyndahúsinu Reel Cinema í Burnley á Englandi. Þannig að myndinni var ekki dreift neitt sérstaklega víða.

Myndin var sýnd í takmörkuðum fjölda kvikmyndahúsa í Bandaríkjunum í desember í fyrra en engum sögum fer um hversu margir miðar seldust þar – en það má reikna með að þeir hafi verið aðeins fleiri en einn.

Man Down fær einkunnina 5,9 á kvikmyndavefnum IMDb, sem er ekkert sérstök einkunn, en á Rotten Tomatoes fær hún einungis 15% og er þar með dæmd rotin.

Dito Montiel er leikstjóri myndarinnar en hann hefur ekki komið nálægt neitt sérstaklega þekktum myndum – hans þekktasta mynd er A Guide to Recognizing Your Saints með Robert Downey Jr., Rosario Dawson og Shia LaBeuf í aðalhlutverkum. – sþh

» SHIA SELDI MIÐA FYRIR HEIL 7 PUND Í BRETLANDI UM HELGINA.



Shia LaBeouf seldi ekki marga miða í Bretlandi um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

LA-Z-BOY® Live life comfortably.®

# 4 DAGA LA-Z-BOY® VEISLA



**Allir LA-Z-BOY stólar og sófar á tilboðsverði.**

**100 stólar og sófar úr sýningarsölum seldir með allt að 60% afslætti.**

## GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ!

# 25-60% AFSLÁTTUR

## FIMMTUDAGUR TIL SUNNDAGS

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** **Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** **Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Allir á tánum vegna risaborðspils

Undanfarið hefur hópur samstarfsmanna nýtt hádegishléið til að spila borðspil sem snýst meðal annars um að gera bandalög og það er lítið annað sem kemst að.


Hópurinn hittist síðastliðið sunnudagskvöld til að ljúka spilinu þar sem spennan var orðin óbærileg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Undanfarnar fjórar vikur hafa vinnufélagar hjá Novomatic Lottery Solutions í Kópavogi nýtt hádegishléin til þess að spila borðspilið Mega Civ. Spilið hefur haft talsverð áhrif á andann á vinnustaðnum.

„Reglan er sú að við förum snemma í mat, setjumst yfir spilið, stillum vekjaraklukku og spilum þar til hún hringir. Þá standa allir upp og fara aftur að vinna,“ segir Rúnar Þór Þórarinsson.

Mega Civ kom út árið 2015 og byggir á grunni Civilization-spila, sem síðar urðu að tölvuleikjum, nema spilið er allt miklu miklu stærra. Spilið er fyrir fimm til átján leikmenn og er gert ráð fyrir því að hvert spil taki minnst um tólf klukkustundir. Pantað að utan kostar spilið um 40 þúsund krónur komið til landsins.

„Það eru átta þjóðir sem spila hjá okkur en síðan eru þrír varamenn sem hlaupa inn í spilið ef svo óheppilega vill til að fundur hitti á matarhléið,“ segir Rúnar Þór.

Áður en hafist var handa við að spila þekktust ekki allir leikmenn innbyrðis. Sumir voru svo að kalla nýbyrjaðir að vinna hjá fyrirtækinu og segja að leikurinn hafi verið fyrirtaksleið til að kynnast vinnufélögunum.

Líkt og þeir sem hafa spilað Civilization vita snýst leikurinn um að byggja upp veldi með því að reisa borgir og þróa þær. Maður getur þó ekki gert það einn síns liðs því maður verður alltaf að vera á varðbergi fyrir mögulegum árásum annarra leikmanna sem horfa öfundaraugum á heimsveldi þitt.

> ÞAÐ ERU MARGAR HÓPSPJALLRÁSIR Í GANGI FYRIR HVERT OG EITT BANDALAG OG ÞAÐ ER MJÖG ÓÞÆGILEGT AÐ GANGA FRAM HJÁ TÖLVUSKJÁ HJÁ EINHVERJUM OG SJÁ AÐ HANN ER Í HÓPSPJALLI SEM ÞÚ ERT EKKI Í SJÁLFUR.

„Við höfum gert bandalög til varnar og viðskipta og venjulega eru slík bandalög í mesta lagi til einnar eða tveggja umferða. Nú hafa handsöluð bandalög hins vegar haldist allt spilið,“ segir Rúnar. „Í vinnunni er maður alltaf tortrygginn. Það eru margar hópspjallrásir í gangi fyrir hvert og eitt bandalag og það er mjög óþægilegt að ganga fram hjá tölvuskjá hjá einhverjum og sjá að hann er í hópspjalli sem þú ert ekki í sjálfur.

Þetta hefur breytt vinnudeginum svolítið. Öll samtöl hafa einhvern undirliggjandi tón sem tengist spilinu,“ segir Rúnar. „En þetta hefur orðið til að bæta andann. Við munum klárlega spila þetta aftur með svipuðum hætti.“

johannoli@frettabladid.is


Frestur til að senda tilnefningar er til miðnættis í kvöld 6. apríl

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2017

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

1 HVUNNDAGSHETJAN
EINSTAKLINGUR SEM SÝNT HEFUR SÉRSTAKA ÓEIGINGIRNI EÐA HUGREKKI, HVORT SEM ER Í TENGSLUM VIÐ EINN ATBURÐ EÐA MEÐ VINNU AÐ ÁKVEÐNUM MÁLAFLOKKI Í LENGRI TÍMA.

2 FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR
HÉR KOMA TIL GREINA KENNARAR, LEIÐBEINENDUR, ÞJÁLFARAR EÐA AÐRIR UPPFRÆÐARAR SEM SKARAÐ HAFA FRAM ÚR Á EINHVERN HÁTT. EINNIG KOMA TIL GREINA FÉLAGASAMTÖK SEM SINNA BÖRNUM AF SÉRSTÖKUM METNAÐI OG ALÚÐ.

3 TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM
EINSTAKLINGUR EÐA FÉLAGASAMTÖK SEM HAFA UNNIÐ ÖTULLEGA AÐ ÞVÍ AÐ EYÐA FORDÓMUM Í SAMFÉLAGINU.

4 HEIÐURSVERÐLAUN
EINSTAKLINGUR SEM MEÐ ÆVISTARFI SÍNU HEFUR STUÐLAÐ AÐ BETRA SAMFÉLAGI.

5 SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN
FÉLAGASAMTÖK SEM HAFA UNNIÐ FRAMÚRSKARANDI MANNÚÐAR- EÐA NÁTTÚRUVERNDARSTARF OG LAGT SITT AF MÖRKUM TIL AÐ GERA ÍSLENSKT SAMFÉLAG BETRA FYRIR OKKUR ÖLL. VERÐLAUNAFÉ 1,2 MILLJÓNIR.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:
**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í apríl.

365

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ

LYFJA
– Lifið heil

Made in Iceland
BIOEFFECT

# 20% AFSLÁTTUR AF BIOEFFECT HÚÐVÖRUM Á KYNNINGARDÖGUM




## KYNNINGARDAGAR Í LYFJU 6. - 9. APRÍL

BIOEFFECT® húðvörurnar eru margverðlaunaðar hágæðavörur með einstaka virkni og eru vörurnar fáanlegar í yfir 1.000 verslunum í 25 löndum. BIOEFFECT húðvörurnar innihalda EGF frumuvaka sem gegnir lykilhlutverki í líffræði húðarinnar og stuðlar að endurnýjun hennar. Frumuvakinn er framleiddur í byggi með einstakri erfðatækni sem byggir á meira en 10 ára þróunarstarfi.

BIOEFFECT á Íslandi

www.bioeffect.com

lyfja.is

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 29.03.17 – 04.04.17




**1** Löggan
Jo Nesbø




**2** Örvænting
B.A. Paris




**3** Undur Mývatns
Unnur Jökulsdóttir




**4** Iceland in a Bag
Ýmsir höfundar




**5** Dalalíf 5 - Logn að kvöldi
Guðrún frá Lundi




**6** Stúlkurnar á Enlandsferjunni
Lone Theils




**7** Svefn
Erla Björnsdóttir




**8** Independent People
Halldór Laxness




**9** Andartak eilífðar
Paul Kalanithi




**10** Ethan Frome
Edith Wharton

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT






Anna Hafþórsdóttir fer með aðalhlutverkið í Snjó og Salóme. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Finnur til með týpunni sem hún leikur

**Anna Hafþórsdóttir** leikur aðalhlutverkið í myndinni Snjór og Salóme. Hún hefur töluverða samúð með persónunni sem hún leikur og myndi seint taka sumar af þeim ákvörðunum sem Salóme tekur.

Leikkonan Anna Hafþórsdóttir hafði býsna mikla samúð með persónunni sem hún leikur í nýju myndinni Snjór og Salóme. „Salóme er að fara í gegnum erfiða hluti í lífinu á meðan á myndinni stendur, bæði í persónulega lífinu og í vinnunni. Hlutirnir eru ekki að spilast eins og hún hafði vonað og það veldur henni miklum vonbrigðum. En hún reynir eins og hún getur að láta ekki á því bera. Ég upplifi Salóme svolítið eina með sjálfri sér alltaf, því það er eins og enginn skilji hana almennilega, hún er líka umkringd undarlegum karakterum sem hún á erfitt með að tengja við.“

Spurð út í hvort hún sé lík Salóme á einhvern hátt segir Anna: „Við eigum sjálfsagt eitthvað sameiginlegt en erum að mestu frekar ólíkir karakterar. Salóme er þrjóskari en ég og lokaðri. Við erum samt báðar frekar kaldhæðnar og okkur finnst báðum gott að sofa út.

En ég myndi bregðast öðruvísi við sumum aðstæðum sem koma upp í lífi hennar. Fyrir það fyrsta myndi ég ekki leigja með fyrrverandi kærasta mínum og ég myndi ekki heldur hafa þolinmæði í að bíða og vona að sambandið virkaði eftir mörg ár af misheppnuðum tilraunum. En svo veit maður aldrei þegar ástin er annars vegar, hún getur gert mann alveg ruglaðan,“ útskýrir Anna. Þess má geta að myndin, sem verður frumsýnd á morgun, fjallar um óvenjulegan ástarþríhyrning þar sem þau Salóme og Hrafn hafa átt í on/off-sambandi í fimmtán ár og leigt saman íbúð. Þegar Hrafn barnar aðra konu, Ríkeyju, og hún flytur inn breytist allt.

**FYRIR ÞAÐ FYRSTA MYNDI ÉG EKKI LEIGJA MEÐ FYRRVERANDI KÆRASTA MÍNUM.**

## Harkan er sjarmerandi

Anna fer svo sannarlega með aðalhlutverkið í myndinni en hún er í öllum senum myndarinnar nema einni. „Það er krefjandi að halda orkunni alltaf í 100% þegar maður er í tökum marga daga í röð. Það komu tímar þar sem ég var orðin svolítið þreytt, en það er einhvern veginn bara partur af þessu og í raun hluti af sjarmanum við kvikmyndagerð, harkan,“ útskýrir hún.

Anna lék aðalhlutverkið í kvikmyndinni Webcam árið 2015 en það er sami hópurinn sem kom að gerð þeirrar myndar og sér um Snjó og Salóme. „Þetta er sami hópurinn og Sigurður Anton skrifaði og leikstýrði báðum myndunum. Mér finnst hann aftur ná að koma frá sér öðruvísi og ferskri sögu af ungu fólki sem býr á Íslandi. Og ég hugsa að flestir geti tengt við einhver vandamálin sem persónurnar þurfa að glíma við,“ segir Anna.

Til gamans má geta að Gunnar Helgason leikur pabba persónunnar sem Anna leikur, bæði í Webcam og í Snjó og Salóme. „Við erum allt öðruvísi feðgin í Webcam en í Snjó og Salóme. Í Webcam var engin mamma, hún var dáin, og Rósalind, aðalpersóna Webcam, og pabbi hennar áttu mjög fallegt og náið samband. Ein uppáhaldssenan mín í Webcam er þegar Rósalind segir pabba sínum frá því að hún sé að starfa sem „camgirl“. Í Snjó og Salóme er annað upp á teningnum, þar virðist hann gefinn fyrir áfengið sem fer í taugarnar á Salóme, og einu samskiptin sem þau eiga í myndinni er þegar Salóme hreytir einhverju í pabba sinn.

Þessi mynd er í raun fyrir alla aldurshópa en Salóme er 28 ára og flestir karakterarnir eitthvað í kringum það, ég hugsa að hún muni helst höfða til fólks á aldrinum 16-30,“ segir Anna að lokum aðspurð fyrir hverja Snjór og Salóme sé.

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR KL. 15
KVÖLDTÓNLEIKAR KL. 20
ORKUSALAN OG PEPSI MAX KYNNA MEÐ STOLTI
PÁLL ÓSKAR
Í HÖLLINNI
16. SEPTEMBER
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10 Á TIX.IS/PALLI
LISTRÆNIR STJÓRNENDUR PÁLL ÓSKAR & STELLA RÓSENKRANZ DANSHÖFUNDUR STELLA RÓSENKRANZ HLJÓÐMYND BJARKI HALLBERGSSON & JAKOB REYNIR JAKOBSSON HLJÓÐHÖNNUN FINNUR RAGNARSSON & ÞRÖSTUR ALBERTSSON BÚNINGAERÐ- OG HÖNNUN COCO VIKTORSSON
SVIÐS- OG LEIKMYNDARHÖNNUÐUR ERLING ÞORGRÍMSSON MYNDBANDAHÖNNUN INGI BEKK LJÓSAHÖNNUN K. FREYR VILHJÁLMSSON GRAFÍK VILLI WARÉN & ÓLÖF ERLA MYNDBANDAGERÐ JONATHAN DUFFY FRAMLEIÐSLUSTJÓRI HRANNAR HAFSTEINSSON TÓNLEIKAHALDARI ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON
HLJÓMSVEITIN TROMMUR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN HRAFNKELL ÖRN GUÐJÓNSSON GÍTAR GUÐMUNDUR PÉTURSSON HLJÓÐGERVILL STYRMIR HAUKSSON HLJÓMBORÐ TÓMAS JÓNSSON BASSI VIGNIR RAFN HILMARSSON
DANSARAR ANAIS BARTHE BERGDÍS RÚN BIRKIR ÖRN KARLSSON BJARNI SÆVAR SVEINSSON BJÖRN DAGUR BJARNASON BRYNJAR BJÖRNSSON BRYNJAR DAGUR ALBERTSSON EVA DRÖFN BENJAMÍNSDÓTTIR HELGA SIGRÚN HERMANNSDÓTTIR
HÖSKULDUR ÞÓR JÓNSSON JAVIER VALINO JÓN EYÞÓR GOTTSKÁLKSSON LUIS LUCAS CABAMBE RAKEL KRISTINSDÓTTIR SAADIA AUÐUR DHOUR VIKTOR MÁR LEIFSSON
orkusalan
pepsi MAX
MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS/PALLI OG Í SÍMA 551-1380
NÁNAR HÉR: SENA.IS/PALLI
sena LIVE!

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Frosta Logasonar



# Martröð í Sýrlandi

Þegar þetta er skrifað er mér efst í huga hinn hroðalegi atburður sem gerðist á þriðjudagsmorgni í þessari viku í bænum Khan-Sheikhoun í Iblibhéraði í Sýrlandi.

Síðast þegar ég heyrði höfðu 72 látist í árásinni en af þeim voru 20 börn. Myndir og myndbönd sem sýnd voru í sjónvarpinu voru hreint út sagt skelfileg. Fólk lá eins og hráviði úti um allar trissur, líkamar þeirra hristust til og frá í krampaköstum og hvít froða vall úr munnvikum þeirra. Saklausir menn, konur og börn urðu fyrir banvænni eiturefnaloftárás sem dró þau til dauða með einstaklega kvalafullum hætti. Í kjölfarið reyndist hjálparstarf erfitt þar sem sýrlenskar herþotur gerðu árásir á sjúkrahús og læknastofur þar sem hinir særðu áttu að fá læknishjálp. Þvílíkur hryllingur.

Íbúar Sýrlands hafa nú búið við þetta í rúm sex ár. Allt frá því að hið svokallaða arabíska vor hófst í nokkrum ríkjum Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum árið 2011. Ég veit að það er svo sem ekki mikið sem við getum gert en mér þætti ekkert til of mikils ætlast þó við fengjum ráðamenn til að fordæma þá villimennsku sem árás eins og þessi sýnir okkur. Páfinn í Róm hefur nú þegar gert það og það er ekki eins og hann hafi hreinasta skjöldinn í þessum málum.

Almenningur um allan heim hefur fyrir löngu fengið sig fullsaddan af þessum átökum. Ef kjörnir fulltrúar og embættismenn væru raunverulega að starfa fyrir kjósendur sína ættu þeir að láta rödd sína heyrast kröftuglega til að koma stríðsaðilum í skilning um að þetta rugl líðst ekki lengur. Þetta er komið gott, takk fyrir.







